

**SKOÐUN** Ástæðulaust að búa til grýlur segir upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar. 22



**MENNING** Mozart við kertaljós í fjórum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu. 30



**LÍFIÐ** Fékk styrk til leikaranáms við New York Film Academy í Los Angeles. 46



**SPORT** Lárus Helgi Ólafsson varði sjö af átta vítaköstum FH-inga. 40







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
**17. desember 2014**
296. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Eftirlíkingar á listasafni

Spara átti peninga eftir hrunið með því að kaupa eftirlíkingar af stólum Arne Jacobsen inn á Listasafn Reykjavíkur. 2

**Nýr Herjólfur** Undirbúningur að útboði fyrir nýja Vestmannaeyjaferju hefst eftir áramót. 8

**Velta 250 milljörðum** Heildarvelta íslenskra fyrirtækja í matvælatækni er um 250 milljarðar króna sé heildarvelta móðurfélaga Marels, Promens og Hampiðjunnar reiknuð með. 12




| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | SA | 7 |
| Akureyri | 1° | SV | 11 |
| Egilsstaðir | 0° | S | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | -1° | SV | 11 |
| Reykjavík | 0° | SV | 12 |

**SV-átt** Í dag má búast við strekkingi eða allhvössum vindi víða um land. Það verður úrkomulítið NA-lands en annars víða snjókoma eða él. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Lokast á fisksölu til Rússlands

Fiskútflytjendur ætla að gera hlé á útflutningi til Rússlands í kjölfar falls rúblunnar. Óvíst hvenær fyrirtæki á borð við HB Granda fá borgað fyrir fisk sem er þegar farinn frá landinu. Um sextán milljarða króna markaður.

**SJÁVARÚTVEGUR** Útlit er fyrir að útflutningur á íslenskum sjávarafurðum til Rússlands stöðvist vegna efnahagsástandsins þar í landi. Óvissa er um framhaldið og hvort fiskútflytjendur fái greitt fyrir vörur sem þegar eru farnar frá landinu.

„Það er alveg ljóst að fallið á rúblunni núna mun endanlega stöðva útflutning til Rússlands. Við sendum tiltölulega lítið þangað í nóvember og desember og þá einungis á fyrirtæki sem við treystum mjög vel,“ segir Teitur Gylfason, sölustjóri uppsjávarfisks Iceland Seafood.

„Við munum ekki flytja neitt meira út fyrr en í fyrsta lagi upp úr miðjum janúar. Við eigum tiltölulega lítið útistandandi þarna en svo er spurning hvað gerist eftir þennan svarta þriðjudag í Rússlandi,“ segir Teitur og vísar í fréttir síðustu daga af neyðaraðgerðum rússneskra yfirvalda vegna áframhaldandi falls rúblunnar.

Íslenskir fiskútflytjendur selja mikið af uppsjávarfiski, eins og síld, makríl og loðnu, til rússneskra fyrirtækja. Samkvæmt nýlegri skýrslu Íslandsbanka keyptu Rússar uppsjávarfisk héðan fyrir tæpa 16 milljarða á síðasta ári. Það ár var flutt út meira magn sjávarafurða til Rússlands en nokkurs annars lands. Gengi rúblunnar gagnvart Bandaríkjadal hefur fallið um rúm 50 prósent á árinu en Rússar greiða fyrirtækjum hér í flestum tilvikum með dölum.

„Við höfum reynt að senda ekki mikið upp á síðkastið því það eru kúnnar þarna sem skulda okkur og það er erfitt að fá borgað á meðan ástandið er svona. Við verðum að hinkra og sjá og erum ekkert að fara að skipa neitt út eins og þetta er núna. Við ætlum að reyna að sjá hvað skeður,“ segir Jón Helgason, sölustjóri uppsjávarfisks HB Granda.

Teitur bendir einnig á að loðnuvertíðin sé fram undan en um 50 prósent af frystri loðnu fara á Rússlandsmarkað.

„Það er ljóst að Rússar eru að horfast í augu við mikla erfiðleika en við höfum nú farið í gegnum svona hrun með þessum þjóðum í Austur-Evrópu áður og alltaf komist út úr því. En það er ljóst að menn þurfa að sýna þolinmæði,“ segir Teitur. - hg



**Fallið á rúblunni núna mun endanlega stöðva útflutning til Rússlands.**

*Teitur Gylfason, sölustjóri uppsjávarfisks Iceland Seafood.*



**FASTIR** Margir ökumenn áttu í vandræðum á suðvesturhorni landsins í óveðri í gær. Um tíma voru allar leiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu lokaðar og innanlandsflug lá niðri. Sjá síðu 10. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**NÍELS** Gríma í hlutverki sínu.

Óhapp í Borgarleikhúsinu:

## Herra Níels fékk höfuðhögg

**MENNING** „Þetta endaði sem betur fer vel og var meira að segja nokkuð fyndin saga að lokum,“ segir Ilmur María Stefánsdóttir, móðir ungu leikkonunnar Grímu Valsdóttur sem fer með hlutverk Herra Níels í Línu Langsokk.

Á laugardag varð Gríma fyrir því óhappi að renna og detta á höfuðið rétt fyrir sýningu og gat því miður ekki tekið þátt.

„Sem betur fer er sýningarstjórinn, hún Ingibjörg, svo skelegg að hún mældi hin börnin sem eru í sýningunni og fann út hver myndi passa í apabúninginn,“ segir Ilmur.

Úr varð að Bjarni Hrafnkelsson, sem fer með hlutverk skóladrengs í sýningunni, stökk inn og lék apann Níels fyrir hlé. - asi / sjá síðu 46

Vertinn á Caruso kemst ekki inn á veitingastaðinn sem húseigandinn tók yfir:

## Læstur úti af eigin veitingastað

**LÖGREGLUMÁL** „Þeir koma bara og banka á hurðirnar klukkan sjö, hálf átta í morgun. Kona sem var að þrífa hleypti þeim inn og þá skiptu þeir um lása og eru bara búnir að yfirtaka húsið,“ segir José Garcia, eigandi veitingastaðarins Caruso.

José hefur staðið í deilum við eigendur húsnæðis veitingastaðarins sem mættu í gær og tóku staðinn yfir, skiptu um lása þannig að José og annað starfsfólk staðarins komst ekki inn. Þá reistu þeir vegg í bakgarði hússins þar sem starfsmannainngangur að staðnum er til þess að varna þeim inngöngu.

Lögmaður eigendanna segir þá telja sig í fullum rétti en lögmaður José hefur kært eigendurna til lögreglu. Sérfræðingur í leigurétti segir aðgerðir eigendanna ólögmætar. - fbj / sjá síðu 6



**HEFUR KÆRT TIL LÖGREGLU** José Garcia á Caruso kemst ekki inn á sinn eigin veitingastað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA










## SPURNING DAGSINS



Kristbjörg, er ekkert hægt að stóla á Sess?

**„Ég get ekki setið undir svona spurningum.“**

Reykjavíkurborg hefur samþykkt að farga sófum og stólum sem reyndust fölsuð. Húsgögnin voru keypt af versluninni Sess. Kristbjörg Stephensen er borgarlögmaður.

Tveimur sleppt vegna hnífsstungu á Hverfisgötu en sá þriðji liggur enn undir grun þrátt fyrir að neita:

# Varðhald framlengt í hjartastungumálinu

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fer fram á að gæsluvarðhald yfir einum manni verði framlengt til 12. janúar næstkomandi þar sem hann er grunaður um að hafa stungið Sebastian Andrzej Golab á Hverfisgötu þann 23. nóvember síðastliðinn.

Upphaflega voru þrír menn settir í gæsluvarðhald en hinum tveimur hefur nú verið sleppt. Héraðsdómur Reykjavíkur féllst á beiðni lögreglunnar en lögmaður þess grunaða hefur kært úrskurðinn til Hæstaréttar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins neitar sakborningurinn sök og segist ekki hafa vitað það þegar Sebastian var stunginn eða hver var að verki. Vopnið sem notað var við árásina hefur ekki enn fundist. Málið er rannsakað sem tilraun til manndráps.

Málið vakti mikla athygli þar sem það þykir kraftaverki líkast að Sebastian sé á lífi. Hann var stunginn í gegnum hjartað og skildi hnífurinn eftir sig gat í hjartanu. Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá var hann fluttur á slysadeild þar sem læknar Landspítala, og þar fremstur meðal jafningja Tómas Guðbjartsson, hjarta- og lungnaskurðlæknir, unnu ótrúlegt björgunarafrek þegar hjarta Sebastians var hnoðað aftur í gang. - fbj



**EINN Í GÆSLUVARÐHALDI** Upphaflega voru þrír hnepptir í varðhald vegna stunguárásar við Hverfisgötu en nú situr aðeins einn eftir. MYND/PORGEIR ÓLAFSSON



**SKARÐSHYRNA** Verðlaunamyndin í fyrra var tekin af Jóni Hilmarssyni. MYND/JÓN HILMARSSON

Glæsileg verðlaun í samkeppni Fréttablaðsins og Vísis:

## Tekur þú bestu jólamyndina í ár?

**MENNING Fréttablaðið og Vísir efna til samkeppni um bestu jólaljósmyndina. Í verðlaun fyrir bestu myndina er glæsileg Nikon 1S1 myndavél frá Heimilistækjum.**

**Besta myndin verður á forsíðu Fréttablaðsins á aðfangadag og fleiri myndir úr keppninni í blaðinu og á Vísi.**

**Þátttakendur hlaða upp myndum á ljosmyndakeppni.visir.is. Lesendur geta kosið bestu myndina. Niðurstaða þeirra gildir að hálfu á móti áliti dómnefndar blaðsins.**

**Hver þátttakandi á að senda inn eina mynd og skal hún hafa verið tekin nú í aðdraganda jólanna. Jólaljósmyndakeppnin stendur frá deginum í dag, 17. desember, fram að miðnætti sunnudaginn 21. desember. Tilkynnt verður um úrslit á aðfangadag.** - gar

Meint vafasöm viðskipti:

## Vegamálastjóri betrumbætir

**STJÓRNSÝSLA** Svo virðist sem viðskipti nokkurra einkafyrirtækja við Vegagerð ríkisins standist ekki lög eða reglur. Starfsmenn Vegagerðarinnar hafi gert samninga, sem samtals nemi á sjöunda hundrað milljóna króna, við ættingja, maka og sig sjálfa. Þetta kom fram í Kastljósi á RÚV í gær.

„Við erum að gera betrumbætur, það er númer eitt, tvö og þrjú,“ segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri sem kvaðst hafa verið að moka snjó og misst af Kastljósi. - bá

Undanþágur afnumdar:

## Pinnið verður nauðsynlegt

**VIÐSKIPTI** Þann 19. janúar næstkomandi þurfa handhafar greiðslukorta að staðfesta með pin-númeri þegar þeir greiða með greiðslukortum fyrir vörur.

Hingað til hafa korthafar sem muna ekki pinnið getað staðfest greiðslur með því að ýta á grænan takka á posanum. Það verður ekki hægt frá þeim tíma.

Hægt er að nálgast pinnið í netbönkum, öppum eða hjá þeim banka, sparisjóði eða kortafyrirtæki sem gefur út kortið. - jhh

# Listasafn sparaði og keypti eftirlíkingar

**Listasafn Reykjavíkur keypti 25 stóla eftir hrun sem voru eftirlíking af hinni vinsælu sjöu eftir Arne Jacobsen. Eigandi Epal gerði athugasemd við stólana og bauðst til þess að gefa safninu ekta sjöur. Eftirlíkingunum var fargað í framhaldinu.**

**MENNING** Listasafn Reykjavíkur, í Hafnarhúsinu, keypti eftirlíkingar af hinni þekktu hönnun Arne Jacobsen sjöunni þegar það vantaði stóla í safnið á árunum eftir hrun. Stólunum hefur núna verið fargað, eftir að Eyjólfur Pálsson í Epal gaf safninu ekta sjöur.

„Hann gaf safninu sjöur af mikilli rausn og þessum eftirlíkingum var fargað,“ segir Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafnsins, í samtali við Fréttablaðið.

Hafþór segir að eftirlíkingarnar hafi ekki verið lengi í safninu. „En þær voru keyptar eftir hrunið. Við gátum ekki fengið sjöur á þeim tíma,“ segir Hafþór. Eyjólfur í Epal hafi bent safninu á að það passaði ekki að hafa þar eftirlíkingar og boðist til að gefa safninu raunverulegar sjöur. Nýju stólarnir komu svo í húsið þann 4. desember 2013. Aðspurður hve marga stóla safnið hafi fengið að gjöf frá Epal segir Hafþór að þeir hafi verið 25. „Þannig að þú sérð að þetta var rausnarleg gjöf,“ segir hann.

Hafþór segir að stólarnir hafi verið orðnir mjög lélegir og farið í Sorpu. „Þeir hefðu ekki komið neinum öðrum að gagni,“ segir Hafþór.

Eyjólfur Pálsson segir í samtali við Fréttablaðið að hann hafi séð stólana í Hafnarhúsinu og stólarnir hafi truflað sig. „Þeir voru keimlíkir, en það er ekki mitt að segja hvort þeir hafi verið eftirlíkingar,“ segir hann spurður út í málið. Eftir þetta hafi hann farið að ræða við forsvarsmenn Listasafnsins.

„Þeir áttu engan pening. Og hvað gerir maður? Þeir áttu 100 fyrir og vantaði 25 í viðbót. Þá talaði maður við framleiðandann. Þeir gáfu helming og við helming,“ segir Eyjólfur.

Eyjólfur segir að opinberir aðilar hafi verið góðir viðskiptavinir í gegnum árin og því hafi það verið sjálfsagt að liðsinna opinberri stofnun sem þurfti liðsinni. „Epal verður 40 ára á næsta ári og alltaf á sömu kennitölunni, vel að merkja. Við myndum ekki vera það nema af því við höfum haft góða viðskiptavini í gegnum árin og hið opinbera hefur verið góður viðskiptavinur. Þegar þeir lenda á villigötum þá leiðréttum við það,“ segir Eyjólfur.

jonhakon@frettabladid.is



**EKTA HÖNNUN** Svona líta sjöurnar frá Arne Jacobsen út sem Listasafnið á. Safnið keypti eftirlíkingar þegar ekki var til peningur fyrir alvöru hönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



> **Þeir áttu 100 fyrir og vantaði 25 í viðbót. Þá talaði maður við framleiðandann. Þeir gáfu helming og við helming.**
>
> *Eyjólfur Pálsson, eigandi Epal.*





Tölvupósti rignir yfir Dag B. Eggertsson borgarstjóra vegna fölsunarmáls:

# Mikil viðbrögð vegna húsgagna

**SVEITASTJÓRNARMÁL** „Nei, það er ekki búið að taka neinar ákvarðanir í því,“ segir Dagur B. Eggertsson, spurður um hvaða húsgögn verði keypt í staðinn fyrir fölsuðu Le Corbusier-húsgögnin í Ráðhúsinu.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá mun Reykjavíkurborg þurfa að farga fjölda sófa og hægindastóla sem hafa reynst vera fölsuð vara. Dagur segir að málið sé ekki komið lengra en það að borgin sé í samskiptum við Cassina, framleiðanda hinna ósviknu Le Corbusier-húsgagna.

„Manni svíður það að þurfa að farga heilum húsgögnum,“ segir Dagur og bendir á að þetta minni svolítið á umræðuna um matarsóun.

Dagur segir að margir hafi haft samband til þess að falast eftir því að fá húsgögnin til sín. „Þetta eru algengustu tölvupóstarnir sem ég hef fengið eftir að málið kom upp. Fjölmargar góðar ábendingar,“ segir Dagur.

Hann segir miður að geta ekki orðið við þessum ábendingum. „En auðvitað skilur maður líka höfundarréttarsjónarmiðið,“ bætir Dagur við. Borginni sé þröngt sniðinn stakkur í ákvarðanatöku í þessu máli. - jhh

> **Þetta eru algengustu tölvupóstarnir sem ég hef fengið eftir að málið kom upp. Fjölmargar góðar ábendingar.**
>
> *Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.*



**BLÓÐUGT** Dagur B. Eggertsson segir marga hafa skoðanir á því hvert húsgögnin eigi að fara. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

heimkaup.is




# Lesljós í kaupbæti!

**Allir sem kaupa tvær eða fleiri skáldsögur fá LED lesljós að verðmæti 1.490,- í kaupbæti!**




Tilboð **4.867,-** | Tilboð **4.874,-** | Tilboð **4.299,-** | Tilboð **2.774,-** | Tilboð **4.599,-**

Tilboð **5.249,-** | Tilboð **4.867,-** | Tilboð **4.192,-** | Tilboð **3.749,-** | Tilboð **4.490,-**

Tilboð **4.274,-** | Tilboðð **4.724,-** | Tilboð **2.399,-** | Tilboð **3.199,-** | Tilboð **4.193,-**

Fótboltaspilið fylgir frítt með




Gildir til 21. des. eða á meðan birgðir endast.

**Meirihluti Íslendinga verslar á netinu! Komdu í hóp tugþúsunda ánægðra viðskiptavina Heimkaup.is**

**Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta**
Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

**Hægt að greiða við afhendingu**
Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

**Vefverslunin sem selur allt**
Við bjóðum nú þegar yfir 11.500 vörutegundir og yfir 100 bætast við daglega. Við stefnum að því að selja allt!

**★Frí heimsending samdægurs**
Pantaðu fyrir kl. 17[00] og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000.- eða meira.

## Heimkaup.is

**Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700**

HEIMKAUP

## SVONA ERUM VIÐ



**88.060.000**

**kíló var heildarafli íslenskra fiskiskipa í nóvember.**

Aflinn nú er 7,6 prósentum meiri en á sama tíma í fyrra sem var þá 81.850 tonn.

Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri segir 3.680 milljóna króna framlög ríkisins ekki nógu há:

# Dugi ekki til lögbundinna verkefna RÚV

**FJÖLMIÐLAR** Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri segir það mat bæði stjórnar og framkvæmdastjórnar RÚV að 3.680 milljónir króna sem RÚV fær frá ríkissjóði á næsta ári dugi ekki fyrir stofnunina til að rækja lögbundið hlutverk sitt.

Framlagið muni ekki duga nema fallið verði frá lækkun útvarpsgjalds og að útvarpsgjaldið renni óskert til hennar en að teknu tilliti til verðlagsbreytinga er framlag ríkisins að hækka um 209 milljónir króna. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

„Að sjálfsögðu er eðlilegt að allar stofnanir gæti fyllstu hagkvæmni en eins og þjóðin hefur fylgst með á síðustu árum þá hefur gríðarlega mikið verið hagrætt í starfsemi Ríkisútvarpsins,“ sagði Magnús, spurður hvort RÚV þurfi ekki bara að sníða sér stakk eftir vexti.

Magnús upplýsti jafnframt að tilboð hefði borist í útvarpshúsið, sem hefur verið verðlagt á fimm milljarða króna.

„Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um það en við höfum fengið fjölmargar fyrirspurnir og óskir um viðræður. Líka tilboð, ákveðin tilboð, en við höfum svarað þeim öllum á sama veg. Að það sé ekki tímabært enda þegar að því kemur þá verður það gert í opnu ferli þar sem allir hafa jafnan aðgang að því að gera tilboð.“ **- þþ/gb**



**MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON** Útvarpsstjóri ekki sáttur við afgreiðslu stjórnvalda á framlögum til stofnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**GUFUNES** Breyta á notkun landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ræða við Faxaflóahafnir:

## Borgin eignast Gufuneslandið

**REYKJAVÍKURBORG** Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkur hefur fengið heimild borgarráðs til að semja við Faxaflóahafnir um kaup á 20 hekturum lands í Gufunesi. Fyrirvari er um endanlegt kaupverð.

Viðræður hafa verið um kaupin á landinu sem skiptist á þrjár lóðir, meðal annars lóð Áburðarverksmiðjunnar. Borgin á öll hús á landinu. Lóðamat landsins er 211 milljónir króna.

„Kaupin eru liður í áformum Reykjavíkurborgar að breyta landnotkun á svæðinu í samræmi við núgildandi aðalskipulag,“ segir í greinargerð til borgarráðs. **- gar**

Breytingar á Morgunblaðinu:

## Ritstjóri stýrir rekstri blaðsins

**FJÖLMIÐLAR** Stjórn Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, hefur ráðið Harald Johannessen, ritstjóra blaðsins, í starf framkvæmdastjóra fyrirtækisins frá næstu áramótum.

Haraldur gegnir áfram starfi ritstjóra samhliða framkvæmdastjórastarfinu, samkvæmt mbl.is. Óskar Magnússon, útgefandi blaðsins, hættir um áramótin og staða útgefanda verður lögð niður. **- hg**

# Bankasýsla ríkisins starfar áfram í hálft ár til viðbótar

Stjórnarliðar voru harðlega gagnrýndir í gær fyrir því hvernig staðið hefur verið að málefnum Bankasýslunnar. Verkefni hennar munu færast inn í fjármálaráðuneytið á miðju næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpi.

**ALÞINGI** Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu stjórnarmeirihlutann harðlega í gær fyrir hugmyndir um að leggja niður Bankasýslu ríkisins. Stofnunin var ekki á fjárlögum þegar drögin voru kynnt og var reyndar ekki bætt inn fyrr en við þriðju umræðu um fjárlagafrumvarpið.

Samkvæmt frumvarpi sem er í smíðum í fjármálaráðuneytinu stendur til að fella Bankasýsluna undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir þetta óásættanlegt fyrirkomulag, þegar til stendur að selja eignarhluti ríkisins á næsta ári. „Slík ráðstöfun er auk þess ekki til þess fallin að auka traust og trúverðugleika hvað varðar meðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum með neinum hætti. Auk þess hefur engum starfsmanni Bankasýslunnar verið sagt upp og því óvíst hvaðan eigi að greiða laun starfsmannanna á árinu 2015,“ sagði Oddný. Hún gagnrýndi það sem hún kallaði „lausatök um meðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum“. Oddný sagði að síðdegis í fyrrakvöld hefði minnihlutinn beðið um fund vegna málefna Bankasýslunnar og þurft að ganga svolítið eftir þeim fundi þegar allt útlit var fyrir að það ætti að fella stofnunina inn í fjármála- og efnahagsráðuneytið án þess að það væri til lagaumgjörð um það.

„Nú liggur hér fyrir breytingartillaga þar sem gert er ráð fyrir að Bankasýslan starfi í að minnsta kosti hálft ár,“ sagði Oddný. Hún vildi vita hvað hefði gerst á fundi fjárlaganefndar síðdegis í fyrrakvöld sem varð til þess að ákveðið var að leggja áfram pening í Bankasýsluna og halda áfram með hana.

Bryndís Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, tók undir með Oddnýju. Hún gagnrýndi að ekki hefði verið gert ráð fyrir framlagi til Bankasýslunnar á fjárlögum og sagði vinnubrögðin ekki til eftirbreytni.

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, sagði það alveg skýrt hvað hefði breytt afstöðu meirihlutans í málinu. Það hefði komið fram í máli fulltrúa fjármálaráðuneytisins. „Það var ekki komið fyrir þingið það frumvarp sem verið var að vonast eftir um niðurlagningu Bankasýslunnar. Eða það frumvarp sem breytir raunverulega hlutverki Bankasýslunnar,“ sagði Vigdís.

Til að hafa breytingarnar á Bankasýslunni réttar samkvæmt lögum hefði verið lögð fram tillaga um að farið yrði í vinnu við frumvörp um breytingar á Bankasýslunni, en stofnunin framlengd til 1. júní á meðan verið væri að koma þeim frumvörpum í gegnum þingið sem þyrfti. jonhakon@frettabladid.is



**Á ALÞINGI** Oddný G. Harðardóttir gagnrýndi meirihlutann harðlega í gær vegna málefna Bankasýslunnar.

> **Það var ekki komið fyrir þingið það frumvarp sem verið var að vonast eftir um niðurlagningu Bankasýslunnar. Eða það frumvarp sem breytir raunverulega hlutverki Bankasýslunnar.**
>
> *Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar.*

## HVAÐ ER BANKASÝSLA RÍKISINS?

Bankasýsla ríkisins var stofnuð með lögum árið 2009, eftir að íslenska ríkið hafði eignast hluti í stóru viðskiptabönkunum þremur og nokkrum sparisjóðum. Bankasýslan heldur utan um hluti ríkisins í Landsbankanum, Arion og Íslandsbanka. Að auki fer stofnunin með hlut ríkisins í Sparisjóði Bolungarvíkur, Sparisjóði Norðurlands, Sparisjóði Vestmannaeyja og Sparisjóði Norðfjarðar. Ljóst er að eignir Bankasýslunnar munu minnka innan fárra ára. Til stendur að selja hlut ríkisins í Landsbankanum og að auki hefur verið rætt um sölu á hlutum í Arion og Íslandsbanka.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Friedrichshafen | 8° | New York | 10° |
| Aþena | 15° | Gautaborg | 5° | Orlando | 21° |
| Basel | 9° | Kaupmannahöfn | 5° | Ósló | -1° |
| Berlín | 6° | Las Palmas | 21° | París | 12° |
| Billund | 5° | London | 13° | San Francisco | 13° |
| Frankfurt | 8° | Mallorca | 16° | Stokkhólmur | 2° |




**Á MORGUN** 10-15 m/s NV-til, annars víða hæg breytileg átt.

**FÖSTUDAGUR** 13-18 m/s á Vestfjörðum og syðst, annars hægari.

**VINDASAMT** Í dag má víða búast við strekkingi eða allhvössum vindi en hvasst verður um tíma syðst. Úrkomulítið NA-til en annars snjókoma eða éljagangur og rigning allra syðst. Á morgun lægir en áfram verður strekkingur á Vestfjörðum.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


Fallegu jólatrén fást í Garðheimum!
VERÐ FRÁ 2.792KR
30% - 50% AFSLÁTTUR
JÓLASERÍUR OG JÓLALJÓS
20% - 40% AFSLÁTTUR
KERTI OG JÓLASKRAUT
OPIÐ TIL 22
ÖLL KVÖLD
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er höfundur spennusagnanna sem Sigurjón Sighvatsson hefur tryggt sér rétt á?
**2.** Hvað gerir Hagstofan ráð fyrir að Íslendingar verði margir eftir hálfa öld?
**3.** Hvað voru margir einstaklingar ættleiddir á Íslandi í fyrra?

**SVÖR:**

**1.** Jón Óttar Ólafsson. **2.** 446 þúsund. **3.** 52.

Forstjóri tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu segir að það megi tala um hellidembu í Silfurbergi:

# Betur fór en á horfðist er vatn lak í Hörpu

**TJÓN** Vatn lak inn í tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu í fyrrinótt. Viðvörunarkerfi hússins gaf lekann til kynna um miðja nótt og er slökkviliðsmenn mættu á staðinn kom í ljós að talsverður leki var á fjórðu hæð í salnum Silfurbergi.

„Þetta fór öllu betur en á horfðist í fyrstu,“ segir Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu. Útlit sé fyrir að raflagnir og allur helsti búnaður hafi sloppið við vatnsskemmdir. „Þetta leit alls ekki vel út hérna í nótt þegar menn komu á staðinn og það nánast rigndi úr loftræstikerfinu,“ bætir Halldór við. Vatn hafi flætt um gólf á nokkur hundruð fermetra svæði en vel hafi gengið að hreinsa vætuna upp og koma í veg fyrir frekari leka. Öll viðbrögð starfsmanna og slökkviliðsins hafi verið snör og hárrétt. Ekki hefur enn verið metið hve mikið tjón varð en Halldór segir að það sé umtalsvert minna en óttast hafi verið í fyrstu. „Engin truflun verður á starfsemi hússins umfram þá sem stafar af veðrinu,“ segir Halldór. -jóe



**SILFURBERG** Slökkviliðsmenn sáu um að hreinsa upp vatnið sem lak inn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SAMIÐ UM SÖLU** Tækið sér um að flokka eftir vigt og dreifa heilum fiski.

Bakkafrost kaupir af Marel:

## Flokkunartæki selt til Færeyja

**VIÐSKIPTI** Marel hefur samið við færeyska laxaframleiðandann Bakkafrost um afhendingu á búnaði í nýja laxavinnslu fyrirtækisins í Glyvrar í Færeyjum.

Búnaðurinn verður í frumvinnsluhluta húss Bakkafrosts. Hann sér um að flokka eftir vigt og dreifa heilum fiski sjálfvirkt í hin ýmsu ferli innan vinnslunnar auk þess að flokka og pakka heilum laxi í fasta þyngd í kassa með hámarkssjálfvirkni.

„Bakkafrost og Marel hafa um árabil átt afar gott samstarf og við erum ánægð með að hafa Marel með í þessu verkefni,“ segir Regin Jacobsen, forstjóri Bakkafrosts, í tilkynningu. - jhh

Könnun Brautarinnar:

## Fleiri á slitnum hjólbörðum

**UMFERÐ** Þeim sem aka á mikið slitnum eða mjög mikið slitnum dekkjum hefur fjölgað um 15 prósent milli ára, eða úr 19 prósentum í 22 prósent. Þetta sýna niðurstöður könnunar Brautarinnar – bindindisfélags ökumanna. Skoðaður var dekkjabúnaður 600 bíla í lok nóvember í Reykjavík.

Flestir voru á vetrardekkjum án nagla eða 65 prósent. 26 prósent voru á nöglum en 7 prósent voru enn á sumardekkjum.

Þeim sem aka á nöglum fækkar á milli ára um 19 prósent. - ibs

# Veitingamaðurinn á Caruso læstur úti af húseigandanum

José Garcia, veitingamaður á Caruso, læstur úti af staðnum af húseigandanum vegna deilna um leigusamning. Mikið af eignum inni á staðnum og veggur reistur til að varna starfsfólki inngöngu. Kærði atvikið til lögreglu.

**LÖGREGLUMÁL** „Þeir koma bara og banka á hurðirnar klukkan sjö, hálf átta í morgun. Kona sem var að þrífa hleypti þeim inn og þá skiptu þeir um lása og eru bara búnir að yfirtaka húsið,“ segir José Garcia, eigandi veitingastaðarins Caruso.

José hefur verið í deilum við eiganda húsnæðisins, en veitingastaðurinn stendur á horni Bankastrætis og Þingholtsstrætis og þar hefur José rekið Caruso síðustu fimmtán árin.

Leigusamningur José rann út núna á mánudaginn 15. desember. Áður hafði viðræður um áframhaldandi leigu rekið í strand, en José vildi nýta sér forleiguréttarákvæði samningsins. Það hafði ekki gengið og rekur eigandi hússins nú útburðarmál fyrir dómi og er fyrirtaka í því máli fyrirhuguð í dag. José og lögmaður hans segja að sáttaviðræður standi yfir og hafi þeir til að mynda boðið fram þá málamiðlun að skila húsinu í lok febrúar og falla þá frá forleigurétti.

Í gærmorgun mættu hins vegar fjórir menn á vegum eigendanna og tóku staðinn yfir. Þeir skiptu um lása þannig að José og annað starfsfólk staðarins komst ekki inn. Þá reistu þeir vegg í baksundi hússins þar sem starfsmannainngangur að staðnum er til að varna þeim inngöngu. Caruso var lokaður í allan gærdag.

„Þetta er skelfilegt. Það er allt inni í húsinu. Uppgjörið frá því á mánudag, tölvur, allt hráefni, persónulegar eigur starfsmanna, bara allt. Ég veit ekkert hvað ég á að gera,“ segir José og bætir því við að borðapantanabókin sé einnig föst inni á staðnum. „Við erum með rosalega mikið bókað fram að jólum og ég get ekki einu sinni hringt í fólk og látið það vita af ástandinu,“ segir José niðurdreginn, hann hafi viljað fá frest til að geta sagt starfsfólki sínu upp og veita því sinn uppsagnarfrest.

Steinbergur Finnbogason, lögmaður húseigendanna, Jóns Ragnarssonar, fyrrverandi rekstraraðila Hótels Valhallar og Hótels Arkar, og sonar hans, Valdimars Jónssonar, segir þá í fullum rétti.

„Leigusamningi um þennan veitingastað lauk 15. desember. Húseigandi mætti á staðinn, hitti þarna starfsfólk og tók við húsnæðinu.“

Steinbergur segir að José og lögmaður hans hafi í gær fengið tölvupóst þar sem óskað var eftir því að José gerði grein fyrir því hverjar „meintar eignir“ hans væru í húsnæðinu og þær yrðu síðan afhentar honum. Dómsmálið um útburð José var rekið fyrir hönd eigendanna af öðrum lögmanni en Steinbergi, sá sagði sig frá málinu í gær eftir að atvikið kom upp. Steinbergur mun því reka málið fyrir þá feðga héðan í frá.

Ómar Örn Bjarnþórsson, lögmaður José, hefur lagt fram kæru fyrir hans hönd á hendur eigendunum.

„Umbjóðandi minn hefur alla tíð staðið við sínar skuldbindingar samkvæmt leigusamningi. Leigusali hefur þrátt fyrir það ítrekað reynt að bola honum út og höfðaði dómsmál til að freista þess að fá það í gegn en tapaði því bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Hann höfðaði svo annað mál sem nú er til meðferðar fyrir dómi. Svo fékk ég fregnir af því í morgun að leigusali hefði mætt með her manna, ruðst inn í húsið og sitji þar um eignir José og starfsfólks staðarins án nokkurrar heimildar. Það var því ekki um annað að ræða en að kæra þetta til lögreglu.“

fanney@frettabladid.is



**VARNARVEGGUR** Húseigandinn reisti vegg í starfsmannaporti til að varna þeim inngöngu í húsið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Refsisvert að fara óboðinn í leiguhúsnæði

„Jafnvel þótt leigusamningur renni sitt skeið á enda eða leigusamningi sé rift af hálfu leigusala heldur leigjandi almennt umráðum hins leigða þar til hann skilar eigninni af sér eða leigusala eru fengin umráð eignarinnar með atbeina sýslumanns,“ segir Auður Björg Jónsdóttir, lögmaður og kennari í leigurétti við Háskóla Íslands.

Auður segir leigusala ekki geta tekið lögin í sínar hendur og borið leigjanda sjálfur út heldur verði hann að fara þær leiðir sem löggjöf okkar býður upp á, það er að höfða útburðarmál eða viðurkenningarmál fyrir héraðsdómi og krefjast útburðar hjá sýslumanni í framhaldinu.

„Fari leigusali óboðinn inn í hið leigða húsnæði á meðan það er í umráðum leigjanda getur hann talist hafa gerst sekur um refsivert athæfi, til dæmis húsbrot. Þetta er svipað og ef ég myndi fara heim til þín og læsa þig úti,“ segir Auður.



# JÓLAVEISLA Í DAG 16. DESEMBER

VETUR KONUNGUR SETTI STRIK Í REIKNINGINN Í GÆR OG ENDURTÖKUM VIÐ ÞVÍ LEIKINN Í DAG 17. DES!

# AÐEINS Í HOLTAGÖRÐUM

## TAX FREE DAGUR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT* AF ÖLLUM **LEIKFÖNGUM, BÚSÁHÖLDUM OG SNYRTIVÖRUM**



OPIÐ TIL KL. 21:00

## 30% afsláttur af öllum fatnaði og skóm




TILBOÐ Á BÓKUM

TILBOÐ 2.999




Quality Street 2 kg

Tilboðin gilda eingöngu í Holtagörðum

*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.



EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Nýr Herjólfur í útboð

Smíði og útboð nýs Herjólfs fer af stað á fyrri hluta næsta árs ef marka má tillögu meirihluta fjárlaganefndar. Gæti sparað allt að fjögur hundruð milljónir árlega.

**SAMGÖNGUMÁL** Vinna við kaup og smíði nýs Herjólfs á að hefjast í upphafi næsta árs samkvæmt nefndaráliti meirihluta fjárlaganefndar. Unnið verður að fjármögnun samhliða undirbúningi útboðs. Fyrirhugað er að bjóða út verkið á fyrri hluta ársins 2015.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar, segir nú vera að rofa til eftir um sex ára baráttu Vestmannaeyinga við að fá betri tengingu við fastalandið.

„Frá 2008, þegar áformum um smíði nýs Herjólfs var slegið á frest, höfum við barist fyrir að fá nýja ferju inn á áætlun. Við höfum haft ákveðnar áhyggjur af þessu verkefni, eyjaskeggjar. Áformað er að smíða nýtt skip með minni flutningsgetu í hverri ferð. En með því að fara fleiri ferðir mun flutningsgeta bæði á fólki og bifreiðum aukast um 70 prósent,“ segir Elliði.

Nokkur vandræði hafa fylgt Landeyjahöfn síðustu ár og hefur oft og tíðum verið ófært inn í höfnina af ýmsum sökum. Hefur Herjólfur því oft þurft að sigla til Þorlákshafnar með tilheyrandi tímatapi.

Ný ferja á að geta átt auðveldar um vik með að sigla til Landeyjahafnar og því verður mikill tímasparnaður af nýrri ferju.

Elliði segir hægt að sigla fleiri ferðir vegna þess að rekstrarkostnaður við nýja ferju sé mun lægri en við núverandi skip.

„Við fögnum því auðvitað vel og innilega að nú sé málið komið á einhvern rekspöl. Ástandið í samgöngumálum við Vestmannaeyjar er algjörlega ótækt og illa farið með tækifærin sem fyrir eru hér í Eyjum. Einnig bendir allt til þess að nýja ferjan sem verður smíðuð spari um 400 milljónir á ári í rekstrarkostnað, samanborið við gamla Herjólf,“ segir Elliði.



ELLIÐI VIGNISSON

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar, segir samgöngur til og frá Eyjum skipta bæði heimamenn og atvinnulífið miklu máli.

„Þessi texti er kominn til af ástæðu og skiptir miklu máli að ríkisstjórnin vinni að þessu markmiði. Auðvitað á eftir að sjá hvað kemur úr útboði en samgöngur milli lands og Eyja verða að vera í lagi. Ferðaþjónustan hefur vaxið gríðarlega í Eyjum og með réttu má tala um byltingu á svæðinu. Að því sögðu, og í samhengi við að við viljum dreifa ferðamönnum sem mest um landið, þá verða samgöngurnar að vera í lagi,“ segir Guðlaugur Þór.

sveinn@frettabladid.is




**HERJÓLFUR** Nýr Herjólfur mun sigla milli lands og Eyja árið 2017.

## HERJÓLFUR RÆDDUR Í RÍKISSTJÓRN

Ólöf Nordal innanríkisráðherra lagði málið fyrir ríkisstjórn í gær. Í minnisblaði ráðherra kemur fram að umtalsverður olíukostnaður sparist með því að taka í notkun nýja ferju sem gert er ráð fyrir að sigli til Landeyjahafnar árið um kring og að jafnframt lækki mjög kostnaður við dýpkun hafnarinnar. Með þessu sparast fjármunir sem falla til vegna siglinga Herjólfs til Þorlákshafnar. Reglulegar siglingar til Landeyjahafnar eru mikil samgöngubót milli lands og Eyja. Samtals er gert ráð fyrir að rekstur nýrrar ferju lækki um allt að fjögur hundruð milljónir króna.




Falleg jólatré
Gæðajólatré - sem endist ár eftir ár!
Þessi jólatré eru í hæsta gæðaflokki auk þess að vera mjög falleg og líkjast þannig raunverulegum trjám. Einföld samsetning.
- Ekkert barr að ryksuga
- Ekki ofnæmisvaldandi
- 12 stærðir (60-500 cm)
- Íslenskar leiðbeiningar
- Eldtraust
- Engin vökvun
- 10 ára ábyrgð
- Stálfótur fylgir
Fæst einnig í Hagkaupi Smáralind, Skeifunni og Garðabæ.
Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 09-18
Laugardagar kl. 11-18
Sunnudagar kl. 12-18
Skátarnir
Hraunbær 123 | s. 550 9800 | skatar.is





heimkaup.is
LEGO wear
Hágæða útiföt fyrir káta krakka
20% kynningarafsláttur!
Keyrum út 7 daga vikunnar
HEIMKAUP



FRAMKVÆMDASTJÓRI FRAMLEIÐSLUSVIÐS ICELANDAIR





ÍSLENSKA SIA.IS ICE 72114 12/14

**Icelandair leitar að framkvæmdastjóra til að stýra framleiðslusviði félagsins (Senior Vice President Operations).**

Framkvæmdastjóri framleiðslusviðs er ábyrgur gagnvart framkvæmdastjóra Icelandair (CEO) og situr í framkvæmdastjórn félagsins. Framleiðslusvið er fjölmennasta svið Icelandair með um 1.100 starfsmenn.

**Starfssvið framleiðslusviðs er í megindráttum þríþætt:**
- Flugrekstur Icelandair (flight operations)
- Viðhald flugvéla Icelandair (maintenance)
- Ábyrgð á starfsemi flugafgreiðslu vegna flugrekstrar Icelandair (ground operations)

Framkvæmdastjóri þarf að uppfylla öll skilyrði sem ábyrgðaraðili flugrekstrar (accountable manager).

Mikill vöxtur hefur verið í starfsemi Icelandair á undanförnum árum og verða 23 flugvélar í leiðakerfi Icelandair sumarið 2015.

**STARFSSVIÐ:**
Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á stjórnun, framþróun og daglegum rekstri framleiðslusviðs.
Framkvæmdastjóri er ábyrgðaraðili flugrekstrar Icelandair gagnvart flugmálayfirvöldum.
Stefnumótun Icelandair ásamt öðrum stjórnendum félagsins.

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Háskólapróf í verkfræði / viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Framhaldsmenntun er æskileg
- Öflug rekstrar- og fjármálaþekking
- Mikil reynsla af stjórnun er nauðsynleg
- Reynsla af flugrekstri er mikilvæg
- Frumkvæði, forystuhæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Þekking á reglugerðum sem snúa að tæknistjórn og rekstri flugvéla er kostur
- Reynsla af stefnumótun og gæðastjórnun
- Góð tungumálakunnátta

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í mjög krefjandi starf í góðu starfsumhverfi sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum og vill vinna sem hluti af öflugri liðsheild í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi.
Lögð er áhersla á vönduð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Fyrirspurnum svarar:**
Svali H. Björgvinsson | sími 5050 300 | svali@icelandair.is

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 30. desember 2014.

ICELANDAIR

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Vínartónleikar

## Dísella Lárusdóttir og Garðar Thor Cortes

Fim. 8. jan. » 19:30
Fös. 9. jan. » 19:30
Lau. 10. jan. » 16:00, 19:30

***David Danzmayr*** *hljómsveitarstjóri*
***Dísella Lárusdóttir*** *og*
***Garðar Thor Cortes*** *einsöngvarar*

Verð frá 3.400 kr.

Árlegir Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar. Tónleikarnir eru fyrir mörgum ómissandi upphaf á nýju ári enda einkenna glæsileiki og gleði Vínartónlistina.

Tryggið ykkur miða



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Aðalstyrktaraðili:**
GAMMA

@icelandsymphony #sinfó

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Sími: 528 5050 » Opið 9-18 virka daga og 10-18 um helgar





Ríkið var sýknað vegna framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna:

# Ráðherrann mátti skipa í starf

**STJÓRNSÝSLA** Ekki þykir sannað að Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, hafi látið ómálefnaleg eða ólögmæt sjónarmið ráða þegar ákveðið var að skipa Hrafnhildi Ástu Þorvaldsdóttur sem framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Skipanin var umdeild á sínum tíma enda hafði stjórn LÍN komist að þeirri niðurstöðu að Kristín Egilsdóttir, ein af umsækjendum, væri hæfari en Hrafnhildur Ásta til að gegna embættinu. Kristín stefndi íslenska ríkinu vegna skipanarinnar. Fyrir dómi hélt lögmaður íslenska ríkisins því hins vegar fram að ráðherra hefði lagt meiri áherslu en hann teldi stjórn Lánasjóðsins hafa gert á þekkingu á stjórnsýslulögum og stjórnsýslu ríkisstofnana. Ráðherra hefði lagt meiri áherslu á þekkingu á fjármálum í ríkisrekstri, þar á meðal fjárlagagerð og stefnumótun.

Dómari féllst á málatilbúnað ríkisins og kvað upp sýknudóm sinn í málinu í gær. **- jhh**



**EFTIR DÓMINN** Lögmaður ríkisins, til hægri á myndinni, taldi að ráðherra hefði mátt leggja meiri áherslu á þekkingu á stjórnsýslulögum en stjórn LÍN gerði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FASTUR** Fjöldi ökumanna lenti í klandri sökum ófærðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Færð á vegum spilltist og flug lá niðri í gær

Allar leiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu voru lokaðar fram eftir gærdeginum. Innanlandsflug féll niður og röskun varð á millilandaflugi. Margir ökumenn lentu í erfiðleikum og var fjöldi yfirgefinna ökutækja snjóruðningsmönnum til trafala.

**VEÐUR** Óveður gekk yfir landið í gær með tilheyrandi ofankomu. Um tíma var öllum leiðum til og frá höfuðborginni lokað. Nær öllu innanlandsflugi var aflýst snemma morguns en vonast er til þess að það geti hafist á ný í dag.

„Það er fyrirtækjanna að meta hvort þau lendi eður ei,“ segir Guðni Sigurðsson, talsmaður Isavia, en þrjú erlend félög felldu niður flugferðir til landsins. Fólki gekk þó illa að koma sér til og frá flugvellinum þar sem Reykjanesbrautin var lokuð fram eftir degi.

„Flugi til Kaupmannahafnar seinkaði mjög þar sem áhöfnin átti í erfiðleikum með að ferðast á völlinn,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair. Hann segir að öll flug félagsins hafi farið af stað en talsvert hafi verið um tafir en þó ekkert umfram það sem viðbúið er þegar færðin er slík.

Færð var slæm í efri byggðum höfuðborgarsvæðisins og brugðu einhverjir á það ráð að skilja bíla sína eftir mannlausa eftir að hafa fest þá í fönninni. Tafði það snjómokstur talsvert.

Á annað hundrað björgunarsveitarmenn sinntu útköllum sem flest sneru að því að aðstoða ökumenn sem lent höfðu í klandri og að aðstoða lögreglu við lokanir á vegum. Þó var eitthvað um útköll vegna fjúkandi hluta og björgunarmenn aðstoðuðu leikskólabörn í Guðríðarskóla við að komast leiðar sinnar.

johannoli@frettabladid.is



**FERÐAMENN** Pessir ferðamenn skemmtu sér í veðurofsanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á LEIÐ ÚR SKÓLA** Foreldrar voru beðnir um að láta börn sín ekki fara fylgdarlaus heim úr skólum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


JÓLATILBOÐ



JÓLAGJAFIRNAR
fást í Eirvík

Magimix matvinnsluvélar, blandarar og safapressur.
Kaffivélar fyrir Nespresso og kaffi frá Caffé Vergnano fyrir Nespressovélar.

magimix jura

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborg@centrum.is



# Jólatilboð

# 25-50% AFSLÁTTUR

**50% afsláttur af aukahlutum með öllum seldum rúmum.**





## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Sérsmíðum heilsurúm í öllum stærðum**
**Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum**

*Rafstillanleg heilsurúm*
*Tvíbreitt*
***Verð frá 346.995.-***

*Tvíbreið heilsurúm*
***Verð frá:***

| | |
|---|---|
| 150x200 cm | **138.600.-** |
| 160x200 cm | **149.171.-** |
| 180x200 cm | **152.824.-** |

*Einbreið heilsurúm*
***Verð frá:***

| | |
|---|---|
| 80x200 cm | **75.240.-** |
| 90x200 cm | **77.617.-** |
| 120x200 cm | **96.346.-** |

## 50% AFSLÁTTUR



AF ÖLLUM ETANÓL ÖRNUM

VERÐ FRÁ 34.950.-

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótel og gistiheimili**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM




## ÍSLENSK FYRIRTÆKI Í MATVÆLATÆKNI

**180 MILLJARÐAR KRÓNA** er framleiðsluverðmæti matvæla til sölu innanlands.

**80 fyrirtæki** framleiða búnað til matvælaframleiðslu.

**250 MILLJARÐAR** er áætluð **heildarvelta** íslenskra matvælatæknifyrirtækja.

**285 MILLJARÐAR KRÓNA** er verðmæti útflutningsframleiðslu matvæla.

**80 MILLJARÐAR KRÓNA** er áætluð **innlend velta** íslenskra matvælatæknifyrirtækja.

**1.500–1.800 starfsmenn** starfa hjá matvælatæknifyrirtækjum.



**MAREL** Áætluð velta matvælatæknifyrirtækja innanlands er á bilinu 70-80 milljarðar króna, en þar af eru tekjur annarra fyrirtækja en þriggja stærstu 35-40 milljarðar. MYND/SI

# Velta 250 milljörðum

Matvælaiðnaður og tæknifyrirtæki sem þjónusta hann eiga góða möguleika til vaxtar. Velta matvælatæknifyrirtækja innanlands er allt að 80 milljarðar.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Tæknifyrirtæki sem sinna þjónustu og þróun búnaðar fyrir matvælaiðnaðinn á Íslandi eiga góða vaxtarmöguleika með að nýta frekar sérþekkingu sína. Frekari vöxtur tæknifyrirtækjanna er talinn fela í sér margvíslega möguleika fyrir matvælaiðnað hérlendis. Brýnt er talið að efla tengsl tæknigeirans í matvælaiðnaðinum innbyrðis og við matvælaiðnaðinn sjálfan.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri greiningu á matvælaiðnaðinum á Íslandi og tækifærum í tæknigreinum sem unnin var í samvinnu Íslenska sjávarklasans og Samtaka iðnaðarins.

### Heildarveltan 250 milljarðar

Heildarvelta íslenskra fyrirtækja í matvælatækni er um 250 milljarðar króna sé heildarvelta móðurfélaga Marels, Promens og Hampiðjunnar tekin með í reikninginn, en félögin starfa öll að miklu leyti utan Íslands og hafa ekki einungis tekjur af framleiðslu tækjabúnaðar fyrir matvælaiðnað. Áætluð velta matvælatæknifyrirtækja innanlands er á bilinu 70-80 milljarðar króna, en þar af eru tekjur annarra fyrirtækja en þriggja stærstu 35-40 milljarðar króna. Fjöldi starfsmanna í greininni hér á landi er á bilinu 1.500 til 1.800.

### Áhugi á fullvinnslu

Bjarki Vigfússon, hagfræðingur hjá Íslenska sjávarklasanum, segir að um þessar mundir sé talsverður áhugi á hvers kyns fullvinnslu matvæla á Íslandi, bæði í fiskvinnslu og annars konar matvælavinnslu til útflutnings.



BJARKI VIGFÚSSON

Við þetta skapist ákveðið tækifæri fyrir alla sem starfa í tæknigeiranum tengdum matvælum.

„Framleiðsla matvæla í neytendapakkningum til útflutnings getur aukist á Íslandi en þá þarf líka að vera til staðar sterk virðiskeðja allt frá grunnframleiðslunni yfir í pökkun, markaðssetningu og sölu,“ segir Bjarki og bætir við að styrkleikar íslenskra tæknifyrirtækja í matvælatækni hafi legið í grunnvinnslu, t.d. stórum fiskvinnslum. „Þarna eru heimsklassafyrirtæki. Tækifærin kunna að liggja í frekari fullvinnslu innanlands og þá þarf að styrkja virðiskeðjuna á þeim enda sem er nær neytandanum en hráefnisöfluninni, t.d. markaðssetningunni, okkur skortir þekkingu þar.“

Bjarki telur að mörg smærri íslensk tæknifyrirtæki geti gert sig gildandi í matvælaframleiðslu í nágrannalöndunum í framtíðinni, en þessi fyrirtæki eru vön því að smíða smáar og sveigjanlegar lausnir fyrir íslenska matvælaframleiðendur á þeim litla markaði sem Ísland er. Í því kunna að vera tækifæri því áhugi á matvælum sem eru „sérframleidd“ og „handgerð“ úr staðbundnu hráefni, með sterka sögu á bak við sig, eykst nú um allan heim.

### Samstarf

Innan sjávarútvegsins þekkjast þess mörg dæmi að tæknifyrirtæki hafi þróað búnað sinn og lausnir í áralöngu samstarfi við útgerðina og fiskvinnsluna. Sjávarútvegurinn hefur þannig getið af sér fjölmörg stærri tæknifyrirtæki. Samstarf af þessum toga er mun sjaldgæfara innan annarra greina matvælaiðnaðarins og hefur byggst upp með nokkuð öðrum hætti. Almennt má segja að samstarf matvælageirans við tæknigeirann byggist á hönnun og útfærslu lausna sem auka á sveigjanleika í framleiðslu.

Ýmis tæknifyrirtæki sem höfu að bjóða sjávarútvegi þjónustu sína fyrir 10 til 25 árum hafa smám saman verið að efla samstarf við aðra geira matvælaiðnaðarins. Á þessu sviði hefur átt sér stað umtalsverð þekkingartilfærsla frá einni matvælagrein yfir á aðrar. Marel er besta dæmið um þetta hérlendis.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að greiningin sýni vel að gróska í matvælatækni er mun meiri en sýnist vera á yfirborðinu. Hún staðfesti að sérhæfing innlendra aðila felist í aðlögun stærri lausna að smærri veruleika. Mikilvægið hafi þegar sýnt sig gagnvart útflutningsfyrirtækjum, t.d. í sjávarútvegi. Matvælatæknifyrirtækin gegni einnig mikilvægu hlutverki gagnvart öflugri matvælaframleiðslu inn á innanlandsmarkað.

Að því er spurt í skýrslunni hvort auka megi tækniyfirfærslu milli greina matvælaiðnaðar með því að efla samstarf tæknifyrirtækja og matvælaiðnaðarins í heild.

„Hjá Samtökum iðnaðarins munum við efla samtalið um tækniþróun innan samtakanna. Það getur leyst úr læðingi krafta sem ýta undir frekari nýsköpun, framleiðniaukningu og þar með betri samkeppnishæfni. Við munum standa að stefnumóti þarfa og lausna í matvælaiðnaði á vordögum þar sem við beinum sjónum okkar að þessari gerjun og þeim tækifærum sem iðnaðurinn stendur frammi fyrir. Þetta höfum við gert með árangursríkum hætti með áliðnaðinum og eins hafa verkefni innan Sjávarklasans verið unnin með sambærilegum hætti, og skilað miklu,“ segir Almar.

## Samstarf getur af sér íslenskar sérlausnir

Áhugaverð dæmi um samstarf tæknifyrirtækja og matvælaiðnaðar sem getið hafa af sér íslenskar sérlausnir, og kunna að eiga sér framtíð á alþjóðamarkaði, eru tíunduð í skýrslunni.

Norður & Co. framleiðir Norðursalt í verksmiðju á Reykhólum. Þessi verksmiðja var hönnuð af stofnendum fyrirtækisins í samvinnu við Verkís og Héðin sem annaðist smíði hennar. Verksmiðjan nýtir heitt affallsvatn frá Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum og byggir á aldagamalli sjálfbærri aðferð við vinnsluna. Vörur fyrirtækisins hafa hlotið mikla athygli og eru seldar til ýmissa landa. Önnur matvælaverksmiðja sem nefna má í þessu sambandi er True Vestfjords sem framleiðir kaldunnið lýsi sem einnig byggir á gamalli hefð. Verksmiðja True Vestfjords er hönnuð hérlendis.



PIPAR\TBWA-SÍA - 143617

# JÓLABÆKURNAR




Gildir 17.-19. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Allt úrval í Smáralind, Holtagörðum, Kringlunni, Garðabæ og Skeifunni. Minna í öðrum verslunum.



EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA



# Á FRÁBÆRU VERÐI

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI. MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM



4.199KR



6.599KR



3.499KR



3.999KR



4.399KR



2.799KR



3.599KR



6.399KR



1.999KR



2.599KR



2.699KR



5.999KR



2.699KR



2.799KR

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 08.12.14 – 14.12.14




1 Ljónatemjarinn
Camilla Läckberg




2 DNA
Yrsa Sigurðardóttir




3 Kamp Knox
Arnaldur Indriðason



4 Þín eigin þjóðsaga
Ævar Þór Benediktsson




5 Sveitin í sálinni
Eggert Þór Bernharðsson




6 Öræfi
Ófeigur Sigurðsson



7 Saga þeirra, sagan mín
Helga Guðrún Johnson




8 Náðarstund
Hannah Kent




9 Gula spjaldið í Gautaborg
Gunnar Helgason




10 Orðbragð
Brynja Þorgeirsdóttir/Bragi Valdimar

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

PENNINN Eymundsson


# Drápu hátt á annað hundrað skólabarna

Pakistanska talibanahreyfingin lýsti yfir ábyrgð sinni á fjöldamorðum í skóla í Peshawar. Pakistanski herinn hóf í kjölfarið harðar loftárásir á talibana í norðvesturhluta landsins. Árásin hefur verið fordæmd af þjóðarleiðtogum víða um heim.

**PAKISTAN** Hópur vopnaðra manna réðst inn í skóla í borginni Peshawar í Pakistan í gærmorgun, tók að skjóta á börn og kennara og drap fjölda fólks. Sjö mannanna voru með sprengjur festar við föt sín og sprengdu sig í loft upp.

Alls fórust þarna nærri 150 manns, þar af meira en 130 börn. Hátt í 120 manns særðust í árásinni og þurftu á læknisaðstoð á sjúkrahúsi að halda.

Hermenn komu fljótlega á staðinn og hófst þá skotbardagi milli árásarmanna og hermanna. Ekki var að sjá að árásarmennirnir hafi ætlað að taka gísla, heldur hafi ætlunin einungis verið sú að valda sem mestu manntjóni.

„Eini tilgangur þeirra virðist hafa verið sá að drepa þessi saklausu börn. Það gerðu þeir,“ sagði Asim Bajwa, yfirmaður í pakistanska hernum. „Þeir eru ekki bara óvinir Pakistans, heldur alls mannkyns.“

Pakistanska talibanahreyfingin Tahreek-e-Taliban lýsti yfir ábyrgð á árásinni. Hreyfingin vill setja bönd öfgatrúar á íbúa landsins og er meðal annars sérlega uppsigað við skólagöngu stúlkna.

Nawaz Sharif, forsætisráðherra Pakistans, fordæmdi árásina. Hið sama gerði Barack Obama Bandaríkjaforseti og fjöldi annarra þjóðhöfðingja.



**LIFÐU AF HILDARLEIKINN** Foreldrar fylgja börnum sínum úr skólanum í Peshawar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Ég er harmi lostin vegna þessa tilgangslausa og miskunnarlausa hryðjuverks í Peshawar,“ sagði pakistanska stúlkan Malala Yousafzai, sem fyrir fáeinum dögum tók á móti friðarverðlaunum Nóbels í Noregi. Hún varð sjálf fyrir árás talibana í október árið 2012, eftir að hafa vakið athygli fyrir baráttu sína fyrir réttindum kvenna til skólagöngu.

„Enginn málstaður getur réttlætt hrottaskap af þessu tagi,“ sagði Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna.

Herinn í Pakistan brást strax í gær við með harðvítugum loftárásum á talibana í ættbálkahéruðunum í norðvesturhluta landsins, nálægt landamærum Afganistans.

Tahreek-e-Taliban er í samstarfi við afgönsku talibanahreyfinguna en beinir spjótum sínum sérstaklega að stjórnvöldum í Pakistan. Hreyfingin stóð í sumar fyrir árás á alþjóðaflugvöllinn í Karachi.

gudsteinn@frettabladid.is







ÓSKABÓK SKOTVEIÐIMANNSINS

*Þúsundir landsmanna stunda skotveiði sér til ánægju og yndisauka. Í þessari bók, sem er sjálfstætt framhald af **Skotveiði í máli og myndum** sem kom út árið 2009, er komið víða við og stemmning skotveiðinnar svífur yfir vötnum.*

*Nokkrir af snjöllustu skotveiðimönnum landsins segja sögur, rifja upp skemmtileg atvik og miðla af reynslu sinni. Einnig eru í bókinni eldri frásagnir og greinar sem sýna breytta tíma.*

*Bókin er ríkulega myndskreytt.*

LITRÓF

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TILBOÐ

TOPTUL®



16.900 m/vsk



3.900 m/vsk



2.900 m/vsk



14.900 m/vsk



4.900 m/vsk



8.900 m/vsk



7 SKÚFFUR

## SÁ VINSÆLI

283 verkfæri 179.900 m/vsk



7 SKÚFFUR

## PRO PLUS SERIA

282 verkfæri 199.900 m/vsk



8 SKÚFFUR

## SÁ RISASTÓRI

360 verkfæri 289.900 m/vsk

## TOPPLYKLASETT 20 STK

1/2" toppar
Skrall 36 tanna
Stærðir 8 - 32mm
Flott sem áfylling í sett

B2001



6.900 m/vsk
Okkar besta verð

## TOPPLYKLASETT 22 STK

3/8" 6 - 22mm
Skrall
Framlengingar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2202



6.900 m/vsk
Fullt verð 9.600

## TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R



14.900 m/vsk
Fullt verð 25.231

## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

9601



21.900 m/vsk
Fullt verð 37.200

## VERKFÆRASETT 106 STK

Toppar 1/4 - 1/2" 4 - 32 mm
Fastir lyklar 6 - 22mm
Kertatoppar, bitasett og fl.
Sterk plasttaska

VNR IBTGCAI106B



18.900 m/vsk
Fullt verð 28.396

www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI



**TIL MINNINGAR UM HIN LÁTNU** Fjöldi fólks kom í gær til að leggja blóm á gangstéttina við kaffihúsið í Sydney. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yfirmaður á kaffihúsinu stöðvaði gíslatökuna:

## Greip í byssu Monis

**ÁSTRALÍA, AP** **Umsátri áströlsku lögreglunnar um kaffihús í Sydney á mánudag lauk fljótlega eftir að eigandi kaffihússins sá sér færi og greip um byssu gíslatökumannsins.**

**Þetta varð kaffihúsaeigandanum, sem hét Tori Johnson, að bana því skot hljóp úr byssunni. Það varð hins vegar til þess að lögreglan réðst til inngöngu, og lauk málum með því að flestir gíslanna sautján sluppu lifandi eftir sextán klukkustunda umsátur.**

**Kona að nafni Katrina Dawson lést einnig, ásamt gíslatökumanninum Man Haron Monis.** - gb

Norska krónan orðin jafngild þeirri sænsku:

## Gengið hefur sigið hratt

**NOREGUR** Hröð og mikil verðlækkun á olíu hefur orðið þess valdandi að norska krónan tapar verðgildi sínu jafnt og þétt. Á síðustu sex mánuðum hefur hún lækkað um fjórðung gagnvart Bandaríkjadal, og er nú orðin nokkurn veginn jöfn sænsku krónunni að verðgildi.

Norðmenn eru strax farnir að finna fyrir því að innflutningsvörur hækka í verði, en útflutningsgreinum gengur að sama skapi betur. Lækkun olíuverðs hefur einnig valdið Rússum miklum hremmingum síðustu mánuðina, með verðlækkun rúblunnar. - gb



**SIV JENSEN** Efnahagsráðherra Noregs. NORDICPHOTOS/AFP

# Málsmeðferð flóttamanna verði réttlát

Pia Prytz Phiri, svæðisstjóri Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna í Norður-Evrópu, fagnar framförum í málefnum flóttamanna á Íslandi. Fangelsun þeirra sem koma með ógild skilríki eða skilríkjalausir ætti alltaf að vera síðasta úrræðið.

**FLÓTTAMENN** „Aðstæður eru orðnar betri en þær voru en þær eru ekki eins og best verður á kosið.“ Þetta sagði Pia Prytz Phiri, svæðisstjóri Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna um dvalarstað flóttamanna á Suðurnesjum, Fit Hostel, á fundi með fréttamönnum í gær.

Svæðisstjórinn, sem heimsækir Ísland reglulega og ræðir þá við hælisleitendur og stjórnvöld, nefndi sérstaklega erfiðleikana sem fylgja því að hafa ekkert við að vera á meðan beðið er í flóttamannabúðum eftir ákvörðun yfirvalda um dvalarleyfi mánuðum og jafnvel árum saman. Hún sagði hælisleitendur hafa áhyggjur af fjölskyldum sínum og að þeim liði illa vegna aðgerðaleysis á meðan á biðinni stendur. Það væri hins vegar ánægjuefni að íslensk stjórnvöld hefðu stytt afgreiðslutíma dvalarleyfa þannig að hann verði ekki lengri en 90 dagar.

Einn þeirra hælisleitenda sem bíða þurftu lengi eftir ákvörðun stjórnvalda er Wali Safi. Hann kom til Íslands í júní 2008 og er nú meðal þeirra 34 umsækjenda sem lagt er til að fái íslenskan ríkisborgararétt. Wali Safi segist hafa þurft að bíða í eitt ár og ellefu mánuði áður en tekin var ákvörðun um að veita honum dvalarleyfi. „Þá fyrst gat ég farið að vinna. Ég fékk vinnu sem skólaliði í Salaskóla í Kópavogi og starfa þar enn.“

Að sögn Safi var biðin eftir dvalarleyfi erfið. „Ég mátti ekkert gera og einangrunin var slæm.“

Hann hafði flust á milli nokkurra landa áður en hann kom til Íslands. „Ég fór frá föðurlandi mínu, Afganistan, 1997 og bjó meðal annars í Grikklandi.“ Að vera orðinn hluti af íslensku samfélagi finnst honum gott.

Phiri lagði áherslu á mikilvægi þess að flóttamenn fengju fjölskyldur sínar til sín. Þeir hefðu misst margt, líka starfið sitt, og þeir þyrftu tækifæri til að verða hluti af samfélaginu.

Hún gat þess að framfarir hefðu orðið á ýmsum sviðum í afgreiðslu málefna flóttamanna hér á landi. Fangelsun þeirra sem koma með fölsuð eða útrunnin skilríki eða skilríkjalausir, eins og tíðkast hefur hér á landi, ætti alltaf að vera allra síðasta úrræðið og þá bara við alveg sérstakar aðstæður. Svæðisstjórinn kvaðst vona að Ísland yrði innan tíðar meðal þeirra landa þar sem málsmeðferð flóttamanna væri réttlát. ibs@frettabladid.is



**FLÓTTAMANNAHJÁLP** Pia Prytz Phiri, svæðisstjóri Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna í Norður-Evrópu, hvetur íslensk stjórnvöld til aukinnar samvinnu við að aðstoða flóttamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**VW Tiguan R-Line** er í vetrarham og honum fylgja vetrardekk, dráttarkrókur, Webasto bílahitari, bakkmyndavél, leiðsögukerfi, fjarlægðarskynjari með bílastæðaaðstoð o.fl. Leyfðu þér að hlakka til vetrarins með Tiguan.

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NORTH FACE FATNAÐI
SJÓNAUKI
SILVA POCKET 8
7.990 KR.
DÚNÚLPUR Í ÚRVALI
NORTH FACE
FRÁBÆR JÓLATILBOÐ
VINSÆLU
SCARPA MOJITO
LITAGLÖÐU SKÓRNIR
23.990 KR.
SKÍÐAHJÁLMAR
FULLORÐINS FRÁ 11.990 KR.
BARNA FRÁ 8.990 KR.
SKÍÐAGLERAUGU
FULLORÐINS FRÁ 7.990 KR.
BARNA FRÁ 4.290 KR.
20%
JÓLAAFSLÁTTUR
AF MEINDL GÖNGUSKÓM
20%
PAKKAAFSLÁTTUR
EF KEYPT ERU SKÍÐI, BINDINGAR OG SKÓR
Skíðin eru í Glæsibæ og Smáralind
BAKPOKAR
DEUTER FUTURA
DAGPOKAR
FRÁ 19.990 KR.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

Byggðastefnan virðist byggjast á pöntunarlistum:

# Framsóknarmenn í kaupstaðarferð

Eftir að hafa verið utan ríkisstjórnar í sex ár fékk Framsóknarflokkurinn óvenju mikið fylgi í kosningunum 2013. Slíkt fylgi er fátítt hjá flokknum, einkum á síðustu áratugum, og þetta fleytti flokknum til forystu í íslenskum stjórnmálum. Forsætisráðuneytið varð þeirra. Það er ekki lítið. Engum dylst hver fer með völdin. Og til hvers er að hafa völd og nýta þau ekki?

Það kunna framsóknarmenn og forysta flokksins er búin að sýna flokksmönnum hvað ber að gera, meðan valdið er þeirra. Um mitt Norðurland er staða Framsóknarflokksins einatt sterk. Sterkari en víðast. Hana skal gera sterkari og hvernig er best að gera það? Skapa nýtt, láta til sín taka í framsækni, í framsókn? Nei, taka það sem liggur fyrir fótum þeirra. Ríkisins eigur.



Sigurjón Magnús Egilsson
sme@frettabladid.is

Margt hefur gerst. Byrjum á varaformanninum, Sigurði Inga Jóhannssyni. Hann einn ákvað að rífa Fiskistofu upp með rótum og færa hana með húð og hári til Akureyrar. Hann hefur dregið ögn í land og segir nú hluta Fiskistofu eiga að fara norður, restin verði áfram í Hafnarfirði.

Frægar eru hraðpeningafyrirgreiðslur forsætisráðherrans, sem mestar voru í hans kjördæmi, og nú vill gjörvallur þingflokkur Framsóknarflokksins svipta Reykvíkinga valdi til að ráða sínu skipulagi, og til þess á að koma lögum í gegnum Alþingi. Þingið er jú þeirra. Halda mætti að fólkið geri ekki ráð fyrir að komast í svona feitt á næstu árum og vilji því láta til sín taka.

Þeim er því vorkunn, framsóknarmönnunum sem voru skipaðir í það sem kallað er norðvesturnefnd flokksins. Þeir horfa á fordæmin, þar sem forystufólk flokksins hefur sýnt að það tekur það sem það langar til, hirðir ekkert um kostnaðinn. Hann er ekki þeirra, hann er þjóðarinnar.

Norðvesturnefndarmönnum var gert að fara í kaupstaðarferð, fara til hinnar vondu höfuðborgar, og taka þar það sem hugurinn girntist. Eðlilega komu þeir heim með barmafulla innkaupakerru. Nú er Reykjavík sem opin kjörbúð og þar tekur hver það sem hann langar, allt í nafni byggðastefnu.

Miðað við fordæmin má kannski segja að nefndarmönnunum sé ekki alls varnað. Þegar skoðað var í innkaupakerruna kom fyrst í ljós Rarik sem nefndarmenn sjá fyrir sér á Sauðárkróki, í næsta nágrenni við Byggðastofnun og Kaupfélagið sjálft, já, og svo vilja þeir meira líf í höfnina og komu með hálfa Landhelgisgæsluna, það er skipahlutann, og hann á að verða á Sauðárkróki, hið minnsta meðan flokkurinn er í ríkisstjórn, meðan flokkurinn ræður. Í innkaupakerrunni var líka drjúgur hluti Vinnumálastofnunar, gagnaver og fleira. Kannski má hrósa nefndarmönnum fyrir að ætlast ekki til meira en þess sem þeir þó settu í körfuna. Framsóknarmenn annars staðar á landinu vilja sínar kaupstaðaferðir.

Ísland hefur verið annálað fyrir að hafa ekki byggðastefnu. Er þá búið að taka hana upp, kjörbúðarkerfið? Má ekki gera betur? Skapa nýtt, en ekki bara taka og hreyfa frá einum stað til annars. Og mun þá næsta ríkisstjórn vinna í hina áttina, færa allt til fyrra horfs. Þetta getur ekki gengið svona. Gerum betur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þorsteinn og hárlitunin

Blaðamenn Vísis lögðust í rannsóknavinnu í leit að sérstökum ummælum þingmanna á þessu ágæta ári. Þorsteinn Sæmundsson talar oft og skýrt. Hann sagði: „Þau voru búin að selja íbúð sem þau áttu og voru farin í minni íbúð. Þau voru í skilum. Börðust um á hæl og hnakka. Og þessi ágæta kona sagði við mig: Ég hlakka til þess dags þegar ég get hætt að lita á mér hárið sjálf og get farið á hárgreiðslustofu til þess að láta gera það fyrir mig. Það var fyrir fólk eins og þessa konu og hennar mann sem að við settum fram okkar tillögur.“



### Vilhjálmur toppar allt

Vilhjálmur Bjarnason toppar allt og alla: „Ég ætla fyrst að svara síðustu athugasemd háttvirts þingmanns varðandi að heimilistæki séu keypt sjaldan. Það er nefnilega einmitt gott að þeir efnameiri geti keypt heimilistæki núna og skipt um, til þess að þeir efnaminni geti keypt góð heimilistæki á eftirmarkaði á lágu verði. Öllum til hagsbóta.“ Ekki má gera lítið úr þessum orðum, svona er bara Vilhjálmur, sér ótal tækifæri fyrir þá efnaminni, fólk sem greinilega á að geta komist vel af í landi þeirra auðugu. Afgangurinn er kannski nógur fyrir suma.

### Forsætisráðherrann og kjötið

Ekki er hægt að halda áfram, að fjalla um sérstök orð á árinu 2014, án þess að nefna Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra. Þessi tilvitnun verður eflaust lengi í minnum höfð: „Ef menn borða til dæmis kjöt erlendis, sem er ekki nógu vel eldað, á fólk á hættu að innbyrða þessa sýkingu og hún getur leitt til breytingar á hegðunarmynstri. Þannig að menn hafa jafnvel velt upp þeirri spurningu og rannsakað hvort þetta kunni að breyta hegðun heilu þjóðanna.“ Þessi orð ráðherrans féllu í misgrýttan jarðveg, að mestu í mjög grýttan. Nú er að bíða gullkorna ársins 2015.



sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Er allt í plasti hjá þér?

UMHVERFISMÁL



**Kristján Andri Jóhannsson**
kynningarfulltrúi Ungra umhverfissinna

Nú á stuttum tíma hefur orðið mikil vitundarvakning á umbúðarnotkun landsmanna. Tíu þúsund manns hefur líkað við fésbókarsíðuna „Bylting gegn umbúðum“ og þar fer fram mikil umræða í átt að umhverfisvænni lifnaðarháttum. Ég brosti mínu breiðasta nú nýlega þegar ég var staddur á kassa í Krónunni og fékk alveg glænýja spurningu frá starfsmanni: „Viltu maíspoka eða plastpoka?“ Þetta er eitt af þessum augnablikum sem fá mig sem ungan umhverfissinna til að hugsa, já, það er komið árið 2014.

Það eru þó ekki allir tilbúnir í þessar breytingar. Sigurður Oddson verkfræðingur hefur nýverið skrifað greinar um hvað plast sé umhverfisvænt. En minnist þó ekkert á hve slæm áhrif plast hefur á lífríki sjávar eða á hundruð ára sem það tekur plastpoka að brotna niður í náttúrunni. Þá gagnrýnir hann maíspoka og segir þá vera blandaða plasti.

Ótrúlegt er að Sigurður hafi ekki lesið framan á „maísplastburðarpokana“ sem í boði eru í helstu matvöruverslunum landsins frá Íslenska gámafélaginu eins og t.d. í Bónus og Krónunni. En þar stendur: „Þeir eru framleiddir úr endurvinnanlegu og lífrænu efni (maíssterkju) og innihalda ekki polyethyethylene (sem er plast – innskot höfundar). Pokarnir „anda“ og henta því vel til geymslu á grænmeti og ávöxtum. Pokarnir brotna 100% niður á 10-45 dögum við góð jarðgerðarskilyrði.“

Sigurður hittir næstum því á góðan punkt þegar hann segir að umhverfisvænstu pokarnir séu þeir sem eru nógu sterkir til að vera notaðir aftur og aftur. En enn og aftur er lausn hans plastmenguð þegar hann bendir á plastpoka í þeim efnum.

### Hvað með taupoka?

Það er gagnrýnisvert að Sigurður, sem er markaðsstjóri PMT (Plast, miðar og tæki), taki ekki fram þá hagsmuni sem hann hefur að gæta með greinaskrifum sínum um umhverfismál. Fyrirtækið sem hann starfar hjá selur fyrirtækjum ýmsar gerðir plastpoka og plastumbúða og eru nú í auknum mæli í samkeppni við Íslenska gámafélagið vegna vaxandi eftirspurnar eftir maíspokum. Nær væri að Sigurður beindi kröftum sínum í að finna út leiðir til að sinna betur þörfum viðskiptavina sinna um umhverfisvænni umbúðir heldur en að dreifa áróðri um að plast sé eftir allt saman umhverfisvænt.

Í mörg horn er að líta þegar kemur að umhverfismálum og allar umbúðir hafa í för með sér einhver umhverfisáhrif. Því má færa rök fyrir að engar umbúðir séu umhverfisvænstu umbúðirnar. Best væri ef við gætum verslað án umbúða. Það er sannleikur sem ekki allir vilja heyra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Frumhlaup verðandi landlæknis

KJARAMÁL



**Reynir Arngrímsson**
varaformaður Læknafélags Reykjavíkur

Verðandi landlæknir hljóp á sig í sinni fyrstu opinberu yfirlýsingu. Áður en hann er tekinn við embætti. Það er ekki góðs viti. Ber merki um fljótfærni og skort á fagmennsku. Apar upp fullyrðingar um 50% launakröfur lækna, sem samningamenn læknafélaganna höfðu borið til baka. Setti sig ekki inn í málið áður en hann tjáði sig. Þjóðin á öðru að venjast frá þeim sem hafa setið í embættinu. Hellti sér í pólitískan hráskinnaleik sitjandi á erlendri grundu. Skyldi þetta vera hin nýja lína stjórnvalda? Að heilbrigðisstéttir skuli leita samþykkis landlæknis áður en þær fara fram með kröfur á hendur ríkinu í kjarabaráttu sinni? Munu sjúkraliðar, sálfræðingar, félagsráðgjafar og hjúkrunarfræðingar sætta sig við slíkt? Maðurinn virðist að þessu leyti ekki skilja hlutverk embættisins sem hann er að taka við.

Nú er erfitt að fá lækna til að koma til starfa á Íslandi vegna launakjara og læknaskortur þegar orðinn vandamál á nokkrum sviðum. Það virðist líka gilda um landlæknisembættið. Við tekur læknir sem er hættur að vinna í Svíþjóð vegna aldurs. Kannski verður það viðmiðið í framtíðinni. Að íslenskir læknar fáist til að koma til starfa á Íslandi þegar þeir verða 67 ára. Hafa eftirlaunastuðning erlendis frá. Er virkilega svona komið fyrir íslensku heilbrigðiskerfi?

### Á móti straumnum

Verðandi landlæknir syndir á móti straumnum. Flyst heim þegar straumurinn er út. Við vildum að yngri læknar fylgdu fordæmi hans. Hann á e.t.v eftir að átta sig á því hvers vegna svo er ekki. En út á það gengur barátta lækna fyrir leiðréttingu á grunnlaunum sínum til samræmis við almenna launaþróun í landinu og sérstaklega aðrar heilbrigðistéttir. Verðandi landlæknir getur líklega upplýst stjórnvöld um hvaða laun bjóðast íslenskum læknum sem vilja starfa í Skandinavíu fyrst hann er í þessum ham.

Unglæknum með lækningaleyfi sem fara til framhaldsnáms í Svíþjóð bjóðast a.m.k. 38 þúsund sænskar krónur í dagvinnulaun á fyrsta ári. Það gera um 620 þúsund íslenskar krónur á mánuði á fyrsta ári í framhaldsnámi miðað við gengi í dag. Á Íslandi geta 55 ára og eldri sérfræðilæknar með áralanga starfsreynslu og þjálfun vænst þess að fá slík grunnlaun skv. kjarasamningi Læknafélags Íslands, ef þeir halda áfram að taka vaktir fram í rauðan dauðann á við sér yngri menn. Afsala sér réttindum til vaktahvíldar.

Byrjunarlaun sérfræðinga á Íslandi eru 530 þúsund eða um 100 þúsund krónum lægri en þegar framhaldsnám hefst erlendis. Í Svíþjóð voru meðallaun sérfræðilækna á sjúkrahúsum árið 2012 um 1.100 þúsund á mánuði fyrir dagvinnu. Svo bætast vaktagreiðslur ofan á fyrir nætur- og helgarvaktir. Svipað er að segja frá Noregi þar sem kjör eru heldur betri. Fín frí þar að auki í boði. Eflaust gildir sama um flestar aðrar starfstéttir. Að þær hefðu það betra í erlendu starfsumhverfi.

**➜ Skyldi þetta vera hin nýja lína stjórnvalda? Að heilbrigðisstéttir skuli leita samþykkis landlæknis áður en þær fara fram með kröfur …**

### Raunverulegt umboð

Hins vegar búa læknar við það að þeir hafa þegar flutt utan til framhaldsnáms og sjá hvaða kjör útlærðum sérfræðingum bjóðast þar. Þeir vilja ekki koma heim. Það er staðreynd sem verður ekki horft fram hjá. Það er vandamálið sem þarf að finna lausn á, ef veita á viðunandi læknisþjónustu í landinu. Það gerist ekki með óbreyttu ástandi og þriggja prósenta launahækkun. Þar þarf að lyfta grettistaki. Er eitthvað annað til ráða fyrir utan að fá ellilífeyrisþega sænska ríkisins í stöðurnar til skamms tíma í senn? Lögmálið um framboð og eftirspurn virðist vefjast fyrir talsmönnum frelsis í viðskiptum og samningafrelsis á vinnumarkaði þegar kemur að læknum og fjölskyldum þeirra. Fjármálaráðherra hefur lausnina í hendi sér. Hann verður að veita samninganefnd sinni raunverulegt umboð. Vonandi reynist nýr landlæknir honum ráðagóður þegar hann hann hefur sett sig inn í málin og skilur alvöruþunga og samstöðu lækna til að bæta heilbrigðiskerfið nú en ekki síðar. Hann verður vonandi ekki dragbítur á þá endurreisn.

# Engar nýjar kjarabætur fyrir aldraða

KJÖR ALDRAÐRA



**Björgvin Guðmundsson**
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara

Engar nýjar kjarabætur til handa öldruðum er að finna í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2015. Aðeins er í frumvarpinu eðlileg leiðrétting vegna fjölgunar bótaþega lífeyristrygginga milli ára og vegna hækkunar á frítekjumarki lífeyrissjóðstekna ellilífeyrisþega samkvæmt samkomulagi, sem stjórnvöld gerðu við Landssamtök lífeyrissjóða 2010. Í rauninni hefur ríkisstjórnin ekki látið aldraða fá neinar kjarabætur frá því á sumarþinginu 2013. Það sem ríkisstjórnin lét af hendi rakna þá var rýrt í roðinu: Hætt var að láta grunnlífeyri skerðast vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Það gagnaðist þeim betur settu á meðal eldri borgara, þ.e. þeim, sem höfðu góðan lífeyrissjóð. Frítekjumarki vegna atvinnutekna aldraðra var breytt þannig að frítekjumarkið var hækkað úr 40 þúsund kr. á mánuði í 110 þúsund kr. á mánuði. Það kom þeim til góða sem voru á vinnumarkaðnum.

Ríkisstjórnin gerði hins vegar ekkert á sumarþinginu fyrir þá verr settu meðal eldri borgara, þ.e. þá sem höfðu lélegan lífeyrissjóð eða gátu ekki verið á vinnumarkaðnum vegna heilsubrests. Stjórnarflokkarnir gáfu eldri borgurum og öryrkjum stór kosningaloforð fyrir þingkosningarnar 2013. Því var lofað, að kjaragliðnun frá krepputímanum yrði leiðrétt, það er lífeyrir aldraðra og öryrkja hækkaður til að vega upp gliðnunina sl. fimm ár en á því tímabili hækkuðu lágmarkslaun miklu meira en lífeyrir. Til þess að jafna metin þarf að hækka lífeyri um a.m.k. 20%. Ríkisstjórnin hefur ekkert gert í því að efna þetta loforð. Auk þess lofuðu stjórnarflokkarnir að afturkalla alla kjaraskerðinguna frá 1. júlí 2009. Þar var um sex atriði að ræða. Tvö þeirra, sem ég gat um hér að framan, hafa verið afturkölluð. Eitt rann út af sjálfu sér, þar eð lögin voru tímabundin. En þrjú atriði hafa ekki verið afturkölluð.

Á flokksþingi Framsóknarflokksins 2013 var eftirfarandi samþykkt: „Kjaraskerðing aldraðra og öryrkja, sem tók gildi 1. júlí 2009, verði afturkölluð. Lífeyrir aldraðra og öryrkja verði hækkaður vegna kjaraskerðingar þeirra (og kjaragliðnunar) á krepputímanum.“ Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti að afturkalla ætti kjaraskerðinguna frá 2009 tafarlaust. Miðað við þessar ákveðnu samþykktir komast flokkarnir ekki hjá því að efna þessi kosningaloforð. Það verður að efna þau strax.

Þrátt fyrir að aðeins lítill hluti kosningaloforða við aldraða hafi verið efndur lét ríkisstjórnin sér sæma að minnka hækkun á lífeyri, sem aldraðir og öryrkjar áttu að fá samkvæmt fjárlagafrumvarpinu um áramót. Lífeyrir átti að hækka um 3,5%. En nú hefur verið ákveðið að að hækkunin verði aðeins 3%. Þetta gerist þótt lífeyrir hafi um tíma verið frystur í kreppunni þegar laun voru að hækka. Ég skora á ríkisstjórnina að leiðrétta þetta aftur.








# Af meintum ógnunum

FJÖLMIÐLAR



**Sigurður Már Jónsson**
upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar

Í nútímasamfélagi er mikilvægt að upplýsingar séu almenningi aðgengilegar á einfaldan hátt. Á Íslandi hefur almenningur ríkan rétt til að afla sér upplýsinga á eigin spýtur en flestir reiða sig þó á upplýsingamiðlun sem fer fram í gegnum fjölmiðla. Þar vinnur mikið af hæfu og áreiðanlegu fólki sem tekur alvarlega það hlutverk sitt að miðla hlutlægum staðreyndum. Þetta fólk reynir að leggja eigin skoðanir til hliðar og telur sig ekki hafið yfir málefnalega umræðu um verk sín.

Á tæplega 30 ára ferli mínum sem blaðamaður fékk ég ósjaldan símtöl frá lesendum sem vildu ræða um efnistök og áherslur í mínum skrifum. Slíkt hefur ávallt þótt eðlilegt í blaðamannastétt og ef efnisleg rök gefa tilefni til, t.d. ef rangar upplýsingar rata í skrif, þykir flestum sjálfsagt að leiðrétta mistökin. Það þekki ég af eigin raun og engin eftirgjöf á ritstjórnarlegu frelsi felst í því að taka tillit til sjónarmiða annarra.

Síðustu 15 mánuði hef ég starfað sem upplýsingafulltrúi ríkisstjórnar Íslands. Hluti þess starfs felst í samskiptum við fjölmiðla, innlenda sem erlenda. Ég hef lagt áherslu á að fjölmiðlafólk hafi greiðan aðgang að mér og hef reynt að greiða götu þeirra eins og unnt er. Í því felst að oft er skipst á símtölum og stundum skoðunum. Í einhverjum tilvikum hef ég bent á bein rangindi, sem blaðamenn hafa yfirleitt verið þakklátir fyrir, enda vilja flestir greina rétt frá. Fram til þessa hefur þetta vinnulag ekki verið sérstakt vandamál.

### Ábendingar

Síðastliðinn föstudag hafði ég samband við ritstjórn vikublaðsins Grapevine. Á vefsíðu miðilsins hafði birst frétt þar sem fréttaskrifara virtist ókunnugt um mikilvæg efnisatriði. Fréttaskrifarinn sjálfur var ekki viðlátinn en af efnistökum þeirra að dæma virtust skrifin vera byggð á umræðu á samfélagsmiðlum og fréttaskrifum hins ágæta miðils DV. Um samskiptin er í sjálfu sér ekki margt að segja. Ég kom mínum ábendingum á framfæri við fulltrúa fjölmiðilsins - sem að mestu fólust í að benda á tilvist og slóð áðurbirtrar leiðréttingar um fjölda aðstoðarmanna forsætisráðherra, sem eru tveir en ekki sjö eins og Fréttablaðið og fleiri héldu fram í síðustu viku. Að venju lét ég honum eftir að ákveða hvernig fjölmiðillinn myndi bregðast við. Í því fólust engin fúkyrði, og hvorki hótanir né dónaskapur. Niðurstaða Grapevine var sú að breyta efnislega engu í sinni frásögn og í lokasvari frá ritstjóranum, Hauki S. Magnússyni, segir m.a.: „Varðandi orðalagið „ditches“ er það vissulega kersknislegt, en merkingin stendur engu að síður og er í samræmi við stíl þann sem við höfum tileinkað okkur við fréttaflutning, sem er oft á gamansömum nótum.“ Sá ég að þarflaust var að lengja þessa orðræðu og taldi málinu þar með lokið.

### Eiga sér enga stoð

Það kom mér þess vegna á óvart að sjá Grapevine gera þessi samskipti að sérstöku umræðuefni á vef sínum síðar sama dag og gefa í skyn að undirritaður hafi farið fram með ógnunum og hótunum. Það eru stór orð sem eiga sér enga stoð. Í fréttum nokkurra annarra miðla af samskiptunum er þeim líkt við tilraun til ritskoðunar! Slíkt er auðvitað fjarri lagi og ekkert hefur verið lagt fram sem rennir stoðum undir slíkt.

**➜ Gagnrýnin umræða er þörf en það er ástæðulaust að reyna að búa til grýlur þar sem engar eru.**

Leiðarahöfundur Fréttablaðsins, Friðrika Benónýsdóttir, gerir svo samskiptin að umfjöllunarefni í gær undir fyrirsögninni „Fyndnu strákarnir í Stjórnarráðinu.“ Í leiðurum Fréttablaðsins birtast fyrst og fremst skoðun þess sem heldur á penna hverju sinni og í því samhengi skipta staðreyndir litlu máli. Það er engu að síður miður þegar sterkar skoðanir byggja á hæpnum forsendum. Í stuttu máli snýst leiðarinn um að í Stjórnarráðinu starfi hrokafullir strákar sem láti sér mannréttindi og lýðræði í léttu rúmi liggja, traðki á réttindum blaðamanna og vilji ráða öllu. Því verð ég að mótmæla, sem og fullyrðingum um að á vegum Stjórnarráðsins sé gripið til „refsiaðgerða gegn þeim fréttamiðlum sem ekki eru þeim nógu hliðhollir“. Slíkt er fráleitt og dregur úr trúverðugleika þess sem skrifar.

Gagnrýnin umræða er þörf en það er ástæðulaust að reyna að búa til grýlur þar sem engar eru. Hlutlæg blaðamennska sem byggir á staðreyndum og sanngirni gegnir mikilvægu samfélagshlutverki og það minnkar enginn blaðamaður við það að leiðrétta það sem rangt er sagt. Eftir stendur sú spurning; telja einstaka fjölmiðlamenn að við þeirra verk megi ekki gera athugasemdir?

# Hreppaflutningar

STJÓRNSÝSLA



**Guðmundur Karlsson**
starfsmaður Rarik ohf.

Sum okkar muna eftir því að í febrúar árið 2000 setti nýr iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins fram tillögu um að flytja aðalstöðvar Rarik til Akureyrar.

Kallað var til ráðgjafafyrirtæki sem fékk það verkefni að gera úttekt sem skyldi sýna fram á að flutningurinn yrði hagkvæmur. Í úttektinni var til dæmis ekki eitt orð um dýrari rekstur aðalskrifstofu eftir flutning. Þrátt fyrir athugasemdir og mótmæli okkar starfsmanna í Reykjavík, sem bentum á falsaðar tölur og slæleg vinnubrögð við úttektina, var málið keyrt áfram og allt virtist stefna í flutning.

Á sama tíma var verið að þvinga Byggðastofnun með sömu aðferðum til Sauðárkróks og skömmu áður höfðu Landmælingar fengið að flytja til Akraness.

Hér er útdráttur úr mínum athugasemdum frá 2.2.2000, en svona upplifðum við starfsmenn Rarik í Reykjavík viðhorf ráðuneytisins til okkar:

„Fólkið sem vinnur á aðalskrifstofu RARIK er flest gamalt og afdankað stofnanalið sem enginn missir er að, ef það skyldi nú heltast úr lestinni við flutninginn, enda skapar það ný störf á Akureyri. Starfsmennirnir sem flytjast með til Akureyrar sýna það hins vegar í verki að vinnan er þeim meira virði en fjölskyldan og vinartengslin, slíkur vinnukraftur sýnir þjónustulund sem ekki má forsmá!“

Sem betur fer valdi þáverandi iðnaðarráðherra að ræða við starfsmenn og skoða fleiri hliðar málsins áður en ákvörðun væri tekin, og fallið var frá flutningi höfuðstöðva Rarik árið 2000, enda augljóst orðið að mikið hagræði er fólgið í nálægð aðalstöðvanna við aðalhöfn landsins og alla birgjana auk þess sem meira en fimmtungur viðskiptamanna Rarik er búsettur á höfuðborgarsvæðinu.

Nú dregur aftur til tíðinda hjá Rarik. Forsætisráðherra fann það verkefni fyrir nokkra aðstoðarmenn að vinna tillögur sérstaklega með hag Norðvesturlands að leiðarljósi, þó ekki Vestfjarða, og hafa þeir komist að þeirri niðurstöðu að höfuðstöðvar Rarik og rekstur skipa Landhelgisgæslunnar eigi best heima á Sauðárkróki. Forsætisráðherra velur á hefðbundinn hátt að skella þessu framan í landsmenn án samtals eða samráðs.

Viðbrögð sveitarstjórnarmanna utan Norðvesturlands sýna að þessar tillögur eru ekki til þess fallnar að stuðla að friði í landinu, fremur benda þau til að hreppapólitíkin eflist nú sem aldrei fyrr.

Þessi aðferðafræði við virka byggðastefnu virðist nokkuð vinsæl meðal framámanna Framsóknarflokksins og sumra annarra stjórnmálamanna.

### Ekki hefðbundin ríkisstofnun

Mig langar til að benda þessum hreppaflutningamönnum á nokkrar hugmyndir. Væri ekki þjóðráð að flytja aðalstöðvar Framsóknarflokksins á vel valinn stað á skagfirska efnahagssvæðinu? Forsætisráðherrann hefði allavega gott af vænum skammti af innri íhugun. Nú, og hvað um stjórnarráðið til Grímseyjar? Alþingi til Þingvalla? Þingmenn gætu þá aðstoðað við eftirlit með náttúrupössum ferðamanna milli funda.

Þegar betur er að gáð, væri ekki ráð að flytja Reykjavík í heilu lagi á Sprengisand? Nóg er nú plássið!

**➜ Mig langar til að benda þessum hreppaflutningamönnum á nokkrar hugmyndir. Væri ekki þjóðráð að flytja aðalstöðvar Framsóknarflokksins á vel valinn stað á skagfirska efnahagssvæðinu? Forsætisráðherrann hefði allavega gott af vænum skammti af innri íhugun. Nú, og hvað um stjórnarráðið til Grímseyjar? Alþingi til Þingvalla?**

Hugsið ykkur friðinn sem gæti ríkt í vinnunni. Engir útlendingar til þess að trufla, ekkert salt til þess að eyðileggja bílana okkar, þarna gætum við unað í heimspekilegri ró og velt fyrir okkur hvernig leysa mætti lífsgátuna, ótrufluð af amstri umheimsins, sæl í okkar einangrun, sambandslaus og áhyggjulaus.

Varðandi Rarik langar mig reyndar til að spyrja hvort það sé eðlilegt að ríkisstjórn Íslands skipti sér af staðsetningu á aðalskrifstofu fyrirtækisins. Árið 2006 var Rarik nefnilega gert að hlutafélagi og er fyrirtækið því ekki lengur hefðbundin ríkisstofnun. Í lögunum nr. 25 2006 um stofnun hlutafélagsins Rarik ohf. stendur í 2. grein: „Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.“ Hvergi er í lögunum minnst á rétt eigenda til að skipta sér af rekstri fyrirtækisins á þennan hátt. Það kann vel að vera svo að meirihluti hluthafa geti þvingað fram slíkar breytingar á rekstri hlutafélags með tillögum á aðalfundum, en er það eðlilegt?


ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
42"
47"
ambi light 2
PHILIPS
3D SMART LED FULL HD
Philips 42/47PFT6309
3D Smart LED TV snjallsjónvarp með Full HD og Pixel Plus HD og Ambilight 2 bakljósum. 200Hz Perfect Motion Rate, Skype. Wi-Fi. Apple / Android síma- og spjaldtölvuapp og fleira.
42" Philips 42PFT6309
JÓLATILBOÐ
139.995
FULLT VERÐ 169.995
47" Philips 47PFT6309
JÓLATILBOÐ
179.995
FULLT VERÐ 239.995
Panasonic
DVD VIDEO
Blu-ray Disc
HEIMABÍÓKERFI
Panasonic SCBTT105
3D heimabíókerfi með Blue-Ray spilara og bassaboxi. 300w RMS magnari. Bluetooth. 2D í 3D. High Def 1080p @ 24fps. P4HD. DVD uppskölun í 1080p. Deep Color / x.v.Colour. FM útvarp með 30 minni. USB, HDMI og DNLA .
JÓLATILBOÐ
59.995
FULLT VERÐ 74.995
PHILIPS
Philips MC151
Samstæða með geislaspilara og Dynamic Bass Boost. FM/MW útvarp með 20 sminnum. Klukka með vekjara og svefnrofa. MP3 Link inn o.fl.
VERÐ
19.995
FRÁBÆRT VERÐ
SOUNDBAR HEIMABÍÓ
Panasonic
Panasonic SCHTB8
Soundbar heimabíókerfi með 80W magnara og Bass Boost. Hægt að snúa 0° til 90°. Optical og Aux tengi. Má að festa á vegg. Bluetooth.
JÓLATILBOÐ
25.995
FULLT VERÐ 32.995
PHILIPS
Frábær í flugið Active Noice Canceling
Philips NC1
Fidelio HiFi heyrnatól með hljóðvörn - Active noice-Canceling. Hægt að brjóta saman. 40mm Neodymium hátalarar. Mjúkir púðar sem aðlagast eyrunum. 30 klst. á hleðslurafhlöðu.
VERÐ
59.995
FRÁBÆRT VERÐ
elna
Elna ELNA220EX
Saumavél með 15 sporgerðir. Sporatafla að framan. Stilliskífa fyrir spor. Nál stillanleg frá miðju. Spóluvinda og tvinnahnífur. 4 gerðir saumfóta. Overlock. Ábreiða og íslenskur leiðarvísir fylgir.
JÓLATILBOÐ
29.995
FULLT VERÐ 37.995
Lenco
Lenco PODO151
Lenco MP3 spilari með skrefamæli og 4GB minni. 1,8" skjár. Skrefamælir. USB 2.0. Rauf fyrir Micro SD kort að 8GB. Upptökumöguleiki.
Taska til að festa á handlegg fylgir!
VERÐ
6.995
FRÁBÆRT VERÐ
Nikon
TASKA, 16GB KORT OG WIFI ADAPTER FYLGJA!
Nikon D3200KIT1855VR
Stafræn SLR myndavél með 24,2 milljón punkta upplausn.
Nikon SCHOOL
Nikon School námskeið fylgir.
JÓLATILBOÐ
84.995
FULLT VERÐ 109.995
PRINCESS
Princess 173000
Flottur fondú pottur tilvalinn fyrir súkkulaði eða ostafondú. 6 pinnar fylgja.
VERÐ
9.995
FRÁBÆRT VERÐ
ÞRÁÐLAUST HITABELTI
LIFE IN BALANCE
SOEHNLE
Soenhle 68049
Belti sem má festa á bak eða axlir. Hleðsla dugar í allt að 4 klst Íslenskur leiðarvísir.
JÓLATILBOÐ
9.995
FULLT VERÐ 14.995
ÞRÁÐLAUS HITAPÚÐI
LIFE IN BALANCE
SOEHNLE
Soenhle 68050
Hitapúði með mjúku flísefni öðrumegin til að nota inni, og rakaþolnu efni hinumegin til að nota utandyra. 4 klst hleðsla. Íslenskur leiðarvísir.
JÓLATILBOÐ
9.995
FULLT VERÐ 14.995
MEDISANA
3ja ára ábyrgð!
Medisana 60217
Vandað 100w hitaundirteppi með teygju. 3 hitastillingar. 2 hitasvæði. Má þvo. Slekkur á sér eftir 180 mín. Stærð: 200 x 90-100 sm.
VERÐ
5.995
FRÁBÆRT VERÐ
MEDISANA
3ja ára ábyrgð!
Medisana 61151
Hitateppi fyrir axlir og háls. APS tækni. 100w. 4 hitastillingar. Slekkur á sér eftir 90 mín.
VERÐ
8.995
FRÁBÆRT VERÐ
Kuvings
Smoothie/Ísskilja að verðmæti 9.995 fylgir með meðan birgðir endast!
Witt B6000S
Kuvings Slow Juicer með stórum matara sem tekur heila ávexti. Pressar tærari safa en aðrar pressur. Hámarks nýting á ávöxtum, grænmeti, hveitigrasi, hnetum og soyjabaunum.
VERÐ
69.995
FRÁBÆRT VERÐ
OPIÐ TIL KL. 22:00
ALLA DAGA TIL JÓLA
Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 AKRANESI S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

# Síðasti jólabasar í bili

Kunstschlager heldur sinn þriðja jólabasar í dag en galleríið missir húsnæði sitt eftir ár.

Í dag verður hinn árlegi jólabasar gallerísins Kunstschlager á Rauðarárstíg opnaður. Þetta er í þriðja skiptið sem basarinn er haldinn en verður því miður síðasti viðburðurinn í galleríinu þar sem Kunstschlager bætist í hóp þeirra sem hrökklast burt úr miðbænum vegna hækkandi húsaleigu. „Það er gaman fyrir fólk að koma og kynnast þessu áður en það lokar,“ segir Helga Páley Friðþjófsdóttir, einn aðstandenda gallerísins. „Þetta er síðasti séns til að kíkja þarna inn á þessum stað,“ segir Helga og ítrekar að ábendingar séu vel þegnar varðandi mögulegt húsnæði fyrir framtíðina. „Við viljum halda áfram sem hópur á næsta ári og erum enn að leita að húsnæði,“ segir Helga.

Á Jólabasarnum í fyrra voru yfir 70 listamenn sem seldu verk. „Ég taldi ekki hvað þetta voru margir listamenn þegar við vorum að setja upp í fyrradag en ég er sjálf enn að taka við verkum. Það koma oft verk á síðustu stundu,“ segir Helga.

Að sögn Helgu hefur basarinn hjálpað starfseminni mikið í gegnum tíðina. „Þetta hefur verið okkar helsta tekjulind fyrir árið. Það er líka svo skemmtilegt að sjá hvað hér er fjölbreytt og mikið af verkum á basarnum. Þarna er öll flóran og mikið af fjölbreyttum listamönnum. Þetta er list á góðu verði og góð fjárfesting.“

Húsið verður opnað klukkan 18.00 í dag og verður jólaglögg í boði og heitt á könnunni. Fram að jólum verður opið aðra daga frá klukkan 16.00 til 20.00.

thorduringi@frettabladid.is



**AÐSTANDENDUR KUNSTSCHLAGER FRÁ VINSTRI:** Sigmann Þórðarson, Kristín Karólína Helgadóttir, Helga Páley Friðþjófsdóttir, Guðlaug Mía Eyþórsdóttir, Þorgerður Þórhallsdóttir, Helgi Þórsson, Hrönn Gunnarsdóttir og Ásta Fanney Sigurðardóttir. Þarna er líka kötturinn Pommes, sem er því miður ekki til sölu.

---



Eiginmaður minn,

**AGNAR TÓMASSON**
**Brekkugötu 36, Akureyri,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð sunnudaginn 7. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir færum við starfsfólkinu í Hlíð fyrir góða umönnun.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Sigurfljóð Káradóttir**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
**frá Auðkúlu í Arnarfirði,**
**Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði,**

lést á Sólvangi, Hafnarfirði, 12. desember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 19. desember kl. 13.00.

**F. h. fjölskyldunnar,**
**María Gunnarsdóttir**

---



Innilegar þakkir til ykkar allra, sem komuð til að vera með okkur fjölskyldunni, þegar við kvöddum

**HLAÐGERÐI ODDGEIRSDÓTTUR**
**frá Grenivík og Raufarhöfn.**

Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Furugerði 1, Reykjavík.

**Börn Hlaðgerðar og fjölskyldur þeirra.**

---



Móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**GUÐRÚN HARALDSDÓTTIR**
**saumakona,**

lést á Droplaugarstöðum fimmtudaginn 11. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 19. desember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið eða Styrktarfélag barna með einhverfu.

**Bragi S. Ólafsson** **Sigþrúður Bergsdóttir**
**Marlín Birna Haraldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir,
dóttir, systir og frænka,

**ANNA RÖGNVALDSDÓTTIR**
**kennari og listmeðferðarfræðingur,**
**Þverási 53, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans 11. desember sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 19. desember kl. 13.00. Sérstakar þakkir fá læknar og hjúkrunarfólk krabbameinslækningadeilda LSH, 11 B og 11 E, og líknardeildar LSH fyrir góða umönnun og hlýju.

**Þórarinn Sigurgeirsson**
**Ragnar Þórarinsson**
**Hulda Ósk Ágústsdóttir**
**Ragna Rögnvaldsdóttir**
**Gunnlaugur Rögnvaldsson**
**María Eyþórsdóttir**

---

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952
Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

---

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, fimmtudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í fimmtudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

**BALDVIN STEINDÓRSSON**
**rafvirkjameistari,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 13. desember, verður jarðsunginn föstudaginn 19. desember frá Háteigskirkju kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Kristniboðssambandið.

**Lilja Magnúsdóttir**
**Lilja Baldvinsdóttir** **Þorbjörn Viggósson**
**Kristján Baldvinsson** **Bryndís Ottósdóttir**
**Magnús Baldvinsson** **Bettina Wilhelmi**
**Halldór Baldvinsson** **Katrín Garðarsdóttir**
**Guðbjörn Baldvinsson** **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**EYSTEINN LEÓ JÓNSSON**
**Látraseli 11,**
**Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 11. desember. Útförin fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi föstudaginn 19. desember kl. 13.00.

**Sigríður Guðmunda Jónsdóttir**
**Jóhanna Eysteinsdóttir** **Pétur Steinn Sigurðsson**
**Jón Björn Eysteinsson** **Margrét Káradóttir**
**Sigrún Eysteinsdóttir** **Hlynur Geir Guðmundsson**
**Sigríður Eysteinsdóttir** **Sigurður Gunnar Markússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi
og elskulegur sambýlismaður,

**JÓNAS ÞÓRIR DAGBJARTSSON**
**fiðluleikari,**

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í dag, miðvikudaginn 17. desember kl. 14.00.

**Margrét Þórisdóttir** **Guðmundur Þórðarson**
**Kristín Þórisdóttir** **Karl Jóhannes Karlsson**
**Jónas Þórir Þórisson** **Rósa Einarsdóttir**
**Laufey Karlsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**INGEY ARNKELSDÓTTIR**
**Grindavík,**

lést mánudaginn 1. desember. Útförin hefur farið fram að ósk hinnar látnu.

**Brynja Kristjánsdóttir** **Knútur Aadnegard**
**Soffía Kristjánsdóttir** **Jóhann Guðmundsson**
**Sigurður Kristjánsson** **Guðlaug Metúsalemsdóttir**
**Jón Kristjánsson** **Íris Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**PÁLÍNA MAGNÚSDÓTTIR**
**frá Reykjum í Fnjóskadal,**

lést á dvalarheimilinu Hlíð 4. desember. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 18. desember kl. 13.30.

**Guðmundur Hafsteinsson** **Karítas Erla Jóhannesdóttir**
**Sólrún Hafsteinsdóttir** **Sigurður B. Jónsson**
**Lára Hafsteinsdóttir** **Fjölnir Sigurjónsson**
**Gunnar M. Guðmundsson** **Erna H. Gunnarsdóttir**
**Þóra K. Guðmundsdóttir** **Magnús Hallur Sævarsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



Þakka af alhug þá vináttu og samúð sem mér var sýnd við andlát og útför hjartkærs eiginmanns míns,

**HALLDÓRS VEIGARS GUÐMUNDSSONAR**
**(DÚDDA)**
**skipstjóra hjá Eimskip,**
**Lindarseli 1, Reykjavík,**

sem lést þann 6. október síðastliðinn. Þá vil ég þakka hina frábæru umhyggju og alúð sem hann naut hjá starfsfólki Landspítalans og hjá Antonio Grave sjúkraþjálfara. Þess mun ég og fjölskyldan minnast um ókomin ár. Guð veri með ykkur.

**Sigríður Gestrún Halldórsdóttir**

**FJÖLGUN HJÓLREIÐASLYSA**

**Banaslysum og alvarlegum slysum ökumanna og farþega bifreiða á Íslandi fækkaði árin 2011-2013 en á sama tíma fjölgaði alvarlegum slysum meðal hjólreiðamanna. Árið 2011 slösuðust 24 hjólreiðamenn, 36 árið eftir og 77 á síðasta ári en enginn hjólreiðamaður lést.**




















# LOTTIE STUÐLAR AÐ JÁKVÆÐRI ÍMYND

**ATC KYNNIR** *Dúkkan Lottie er mótvægi við þá staðreynd að ungar stúlkur eru gerðar að kyntákni. Hún er dúkka með eðlilega líkamslögun. Lottie-dúkkan er áræðin, hugrökk og ófeimin við að vera hún sjálf.*

Hin margverðlaunaða brúða Lottie er nú fáanleg í tólf mismunandi útgáfum, ásamt fötum og ýmsum fylgihlutum. Lottie er mótvægi við allri þeirri neikvæðu líkamsímynd sem við sjáum allt í kringum okkur og það að ungar stúlkur séu gerðar að kyntákni. Við hönnun á dúkkunni var unnið með virtum sérfræðingum á sviði næringar og heilsu til þess að dúkkan fengi þá líkamslögun sem er æskilegust miðað við aldur (þó er höfuðið undntekning þar sem það er hlutfallslega stærra en eðlilegt er). Með Lottie er í raun snúið aftur til gömlu góðu daganna þar sem börn eru skapandi og nýta sér hugmyndaflug sitt við leik.

Lottie er eins og venjuleg stelpa í laginu og hefur mörg áhugamál og endurspegla föt hennar það. Ólíkt öðrum dúkkum á markaðnum er Lottie ekki að herma eftir heimi fullorðinna. Hún er ekki á háum hælum, notar ekki farða, er ekki hlaðin skarti og hefur ekki húðflúr.

Lottie er skemmtileg, þroskandi og eftirsóknarverð. Henni finnst afar skemmtilegt að nota ímyndunarafl sitt og taka þátt í ævintýrum, hún er ekki fullkomin og gerir mistök sem hún lærir af. Lottie á mikið af klæðilegum fötum sem eru úr björtum og líflegum efnum sem gaman er að handfjatla. Hár hennar er úr saran-næloni en afar litlar líkur eru á að það flækist og er það einnig silkimjúkt.

Lottie er stelpudúkka fyrir stelpur. Lottie er 18 cm á hæð, snotur með fallegt hár og auðvelt að taka hana með sér hvert sem er, hvort sem er staka eða í litríkri pakkningunni. Með hverri dúkku fylgir saga sem ætlað er að ýta undir hugmyndaflugið.

Lottie fagnar bernskunni í allri sinni dýrð, hún hefur ríkt ímyndunarafl, er skapandi, áræðin, hugrökk og athafnasöm. Hún er sveigjanleg og getur staðið á eigin fótum sem er eiginleiki sem er mikilvægur fyrir stelpur á öllum aldri.

Hægt að lesa meira um Lottie hér: http://www.lottie.com/

Meira að segja margt á íslensku.

***Lottie fæst í helstu barnavöruverslunum, Hagkaup, Fjarðarkaup og Heimkaup.is***




**LOTTIE** Hún hefur fengið mörg verðlaun, enda er hún eins og venjuleg stelpa í laginu. Lottie notar ekki farða eða skart. MYND/ERNIR






# SPENNANDI BORG

**ÁFANGASTAÐIR** *Undir lok árs er tilvalið að skipuleggja ferðalög næsta sumars. Á vef Lonely Planet er búið að taka saman heitustu áfangastaðina 2015 og auðvelda okkur þar með valið. Washington DC trónir þar í fyrsta sæti.*

Söfn og minnismerki eru aðalsmerki Washington borgar en Lonely Planet velur hana sem eina af heitustu áfangastöðum næsta árs. Þar ber helst að nefna Smithsonian-söfnin. Söfnin eru vel heimsóknarinnar virði en þau eru 19 talsins. Þar er að finna allt frá 3,5 milljarða gömlum steingervingum til geimferðabúnaðar Apollo. Það er ókeypis inn á söfnin og flest þeirra eru á sama skikanum og göngufæri milli þeirra.

Minnismerkið um Abraham Lincoln er tilkomumikið að sjá og eitt af því sem ætti að festa á mynd í ferðalagi. Á næsta ári eru 150 ár síðan Abraham Lincoln var skotinn til bana og verður af því tilefni sett upp sýning þar sem meðal annars má berja augum byssuna sem notuð var til verksins.

Georgetown er sögulegt hverfi sem áhugavert er að skoða og ku víst einnig vera verslunarparadís. Þar er einnig að finna spennandi veitingastaði í röðum með matseld frá öllum heimshornum. Gönguferð í gegnum Old Town Alexandria er líka spennandi fyrir söguáhugafólk.



**VINSÆL** Washington DC er sögð ein af þeim tíu borgum sem spennandi er að heimsækja á næsta ári.



**FORSETI** Minnismerkið um Abraham Lincoln, 16. forseta Bandaríkjanna er eitt af helstu kennileitum borgarinnar. Á næsta ári eru 150 ár síðan Lincoln var skotinn. Af því tilefni verður opnuð sýning þar sem meðal annars verður hægt að skoða byssuna sem notuð var til verksins.



**ÁHUGAVERÐ SÖFN** Mörg áhugaverð söfn og minnismerki er að finna í borginni. Smithsonian-söfnin tróna þar efst en þar er að finna allt frá milljarðagömlum steingervingum til búnaðar sem notaður var í geimferðum Apollo.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447




# ÞJÁIST ÞÚ AF HÆGÐATREGÐU?

**VISTOR KYNNIR** *Microlax-endaþarmslausn til staðbundinnar notkunar við hægðatregðu.*

„Microlax er hægðalyf sem eykur vatnsinnihald í hægðum og mýkir þær. Microlax endaþarmslausn fæst án lyfseðils og er ætluð til meðhöndlunar við hægðatregðu," segir Jódís Brynjarsdóttir, markaðstengill hjá Vistor. Helstu einkenni hægðatregðu eru harðar hægðir sem erfitt er að losna við og tilfinning um að ná ekki að tæma við hægðalosun. Önnur einkenni geta verið magaverkir, uppþemba og óþægindi við hægðalosun.

Jódís útskýrir að brotthvarf innihaldsefnanna verði í hægðum og þau hvorki frásogist, dreifist né umbrotni með altækum hætti (systemic). „Þá er ekki búist við neinni óæskilegri verkun hjá fóstrum eða nýburum sé lyfið notað eins og mælt er fyrir um á meðgöngu og við brjóstagjöf þar sem frásog Microlax er takmarkað," segir hún og bætir við að Microlax hafi verið í klínískri notkun í meira en 25 ár án nokkurra vandkvæða hvað varðar öryggi við notkun.




**MICROLAX:**

- Virkar hratt, á aðeins um 15 mínútum
- Túpan inniheldur aðeins 5 ml af vökva, sem jafngildir einni teskeið
- Staðbundin verkun í endaþarmi og skilst út með hægðum
- Áhrifin eru fyrirsjáanleg (þú ræður tíma og staðsetningu hægðalosunar)

**NOTKUNARLEIÐBEININGAR:**

- Snúið innsiglið af enda túpusprotans, smyrjið enda sprotans með einum dropa af innihaldi túpunnar – þá mun verða auðveldara að setja túpusprotann inn í endaþarminn.
- Færa skal allan túpusprotann inn í endaþarminn, hjá börnum yngri en þriggja ára skal þó einungis færa sprotann inn að hálfu (sjá merki á sprotanum).
- Tæmið túpuna alveg – einnig hjá börnum – og haldið henni samanklemmdri á meðan sprotinn er dreginn út.
- Hægðalosun verður eftir um 15 mínútur.

Microlax-endaþarmslausn (inniheldur natríumsítrat og natríumlárilsúlfóasetat) fæst án lyfseðils og er notað við hægðatregðu og til þarmahreinsunar fyrir skurðaðgerð, endaþarmsspeglun eða röntgenmyndatöku. Skammtar: Fullorðnir og börn: 1 túpa í endaþarm u.þ.b. 15 mín. áður en áhrifa er óskað. Snúið enda túpusprotans af og smyrjið endann með dropa af innihaldinu. Færið allan sprotann inn í endaþarm, hjá börnum yngri en 3 ára skal einungis færa sprotann inn að hálfu. Tæmið túpuna alveg og haldið samanklemmdri á meðan sprotinn er dreginn út. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna. Varnaðarorð: Gætið varúðar við notkun hjá börnum yngri en 3 ára. Notið ekki ef einstaklingur þjáist af blæðandi eða særandi gyllinæð, þarmabólgu eða bráðum maga- eða þarmasjúkdómi. Má aðeins nota daglega í skamman tíma. Óeðlilega mikil notkun getur valdið niðurgangi og vökvatapi. Ef þörf er á hægðalyfjum daglega skal kanna ástæður hægðatregðunnar. Tíð eða endurtekin notkun í meira en viku getur valdið ávanabindingu. Ef blæðir frá endaþarmi eða ef engin hægðalosun verður eftir notkun getur ástæðan verið alvarleg. Skal þá meðferð hætt og leitað læknis. Inniheldur sorbínsýru sem getur valdið staðbundnum útbrotum. Meðganga og brjóstagjöf: Ekki er búist við óæskilegri verkun hjá fóstrum/nýburum sé lyfið notað eins og mælt er fyrir um. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.




CANADA GOOSE ARCTIC PROGRAM
CANADA GOOSE®
LODGE
kr.99.990.-
MONTEBELLO
kr.104.990.-
CITADEL
kr.129.990.-
KENSINGTON
kr.129.990.-
VICTORIA
kr.114.990.-
TRILLIUM
kr.114.990.-
CHATEAU
kr.114.990.-
HYBRIDGE
kr.89.990.-
GRÍPTU GÆSINA
SETTU ALVÖRU GÆÐI Í JÓLAPAKKANN!
SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

# Í SÓL OG BLÍÐU Á KANARÍ UM JÓLIN

**ÖÐRUVÍSI JÓL** *Stór hópur sólþyrstra Íslendinga ætlar að verja jólum og áramótum á Kanaríeyjum. Alda Margrét Hauksdóttir er að fara í þriðja skiptið ásamt fjölskyldu sinni og hlakkar mikið til. Hún fór reyndar fyrst árið 1977 og segir margt hafa breyst síðan þá.*

Alda Margrét fór með foreldrum sínum til Kanaríeyja um jólin 1977, þá unglingur, og fannst notalegt að vera í birtunni og góða veðrinu. Núna er hún með stóra fjölskyldu og börnin uppkomin. „Tvö þau yngstu, 19 og 23 ára, fara með í sólina. „Við fórum til Kanaríeyja um jól 2009 og 2012. Mér finnst mjög notalegt að vera í sólinni og finnst skemmtilegt að stunda útiveru. Þarna er yndislegt umhverfi og góðar strendur. Við söknum ekki íslenskra jóla, enda njótum við alls þess sem aðventan hefur upp á að bjóða hér heima. Við erum þegar búin að halda hangikjötsveislu fyrir fjölskylduna og síðan borðum við íslenska jólamatinn, hamborgarhrygg, þegar við komum aftur heim," segir Alda Margrét en fjölskyldan flýgur út á föstudag með Sumarferðum.

**SANNUR JÓLAANDI**

Gran Canaria er þriðja stærsta eyjan í Kanaríeyjaklasanum en eyjarnar eru sjö. Á Kanaríeyjum er hlýtt árið um kring og draga eyjarnar að sér mikinn fjölda ferðamanna frá Norðurlöndum, Þýskalandi og Englandi auk Spánverja. Alda Margrét segir að hún hafi fundið fyrir nokkurri fjölgun ferðamanna á eyjunni þegar hún kom þangað 2012 miðað við árið 2009 en þá hafi verið mikill samdráttur. Hún segist vita til þess að fjölgunin verði enn meiri núna og flestar ferðir uppseldar.

Alda Margrét segist taka með sér smá jólastemningu til Kanarí. „Við tökum með okkur jólastyttur af Jesú, Maríu og hirðingjunum og setjum upp. Einnig hef ég jóladúk og kerti með mér. Það þarf ekki meira til að gera jólalegt. Við erum sammála um að jólin eru innra með manni en ekki ytra," segir Alda en allir taka með sér tvo pakka til að taka upp á aðfangadagskvöld. Við hlustum líka á íslenskt útvarp í gegnum tölvuna. „Á aðfangadag förum við út að borða, síðast fórum við á Íslendingahitting þar sem boðið var upp á þrjá jólalega rétti. Við erum ekki búin að ákveða hvort við förum þangað núna eða prófum eitthvað annað í þetta skiptið."



**BÚIN AÐ PAKKA** Alda Margrét er hér með barnabarnið, Unu Björt, sem verður án ömmu sinnar þessi jól. MYND/EINKASAFN

**MARGT BREYST**

Fjölskyldan ætlar að njóta sólarinnar í sautján daga og koma til baka 5. janúar. „Við borðum jólamatinn okkar á þrettándanum," segir Alda. „Þegar ég fór til Kanarí sem unglingur héldu Spánverjar jól á þrettándanum sem tengist þeirra siðum. Það hefur margt breyst og í dag skreyta þeir í okkar anda. Maður sér jólasveininn hanga á svölum og jólaseríur eru líka sjáanlegar. Vissulega er þó margt ólíkt og það er bara gaman að upplifa það. Mér finnst þetta vera yndisleg tilbreyting sem styttir veturinn mikið. Við verðum með íbúð rétt við ströndina, erum dugleg að fara í göngutúra, spila minigolf eða keyra um og skoða eyjuna. Það er margvísleg afþreying í boði. Við höfum líka farið í enska kirkju sem Norðurlandabúar og Englendingar sækja yfir hátíðirnar og það er mjög hátíðlegt," segir Alda Margrét sem var byrjuð að pakka sumarfötunum í töskur.

■elin@365.is



**Á GÖNGU** Alda Margrét og fjölskylda hennar fara daglega í göngu eftir ströndinni en þar er fjölbreytt mannlíf.



**KLÖRUBAR** Fjölskyldan, Alda, maður hennar, Grettir Sigurjónsson, og börnin, Nanna, Einar og Kári, á hinum víðfræga Klörubar þar sem Örvar Grétarsson lék oft íslensk jólalög fyrir gesti. MYND/EINKASAFN

# FLUGUHNÝTINGARSETT Í JÓLAGJÖF

**VEIÐIPORTIÐ KYNNIR** *Fluguhnýtingarsettið sem Veiðiportið hefur selt undanfarin ár hefur notið mikilla vinsælda enda hentar það veiðimönnum á öllum aldri. Settið inniheldur efni í 20 vinsælustu laxa- og silungaflugur landsins.*

Þriðja árið í röð býður Veiðiportið upp á glæsilegt fluguhnýtingarsett handa byrjendum sem inniheldur efni í flugur sem hafa sannað sig í íslenskum ám og vötnum undanfarin ár. Settið er sett saman af íslenskum fluguhnýtingarmönnum og inniheldur efni í 20 vinsælustu flugur landsins, bæði ætlaðar til lax- og silungsveiða. Að sögn Tómasar Skúlasonar, framkvæmdastjóra Veiðiportsins, eru allar þessar flugur löngu búnar að sanna sig gegnum árin hér á landi. „Við köllum þetta „íslenska fluguhnýtingarsettið" vegna þess að það er sett saman sérstaklega fyrir flugur sem hafa sannað sig hérlendis. Flugurnar eru þó bæði innlendar og erlendar og má þar nefna þekktar flugur á borð við Snælduna, Francis, Mýsluna, Nobbler, Krókinn, Black Ghost, Peter Ross Peacock og Black Killer svo einhverjar séu nefndar sem allir reyndir veiðimenn þekkja. Með settinu fylgir einnig efnislisti með númerum sem búið er að þýða yfir á íslensku." Í fluguhnýtingarsettinu má einnig finna öngulklemmu, lakknál, keramik-keflisheldu, skæri, fjaðurklemmu og hátt í 100 öngla.

Að sögn Tómasar hefur fluguhnýtingarsettið fengið mjög góð viðbrögð en verslunin hefur selt rúmlega 200 sett undanfarin tvö ár. „Settið er eðlilega stílað inn á byrjendur og hefur vakið mikla lukku. Það hentar fyrir veiðimenn á öllum aldri og meira að segja börn niður í átta ára aldur



**SÍGILDAR** Tvær þekktar flugur, rauður Francis og svartur Nobbler. MYND/ÚR EINKASAFNI

hafa nýtt það. Svona sett er náttúrulega tilvalið í jólagjafapakkann til veiðimannsins. Það er nefnilega fátt notalegra en að ylja sér við heitan kaffibolla á köldum vetrardegi og hnýta nokkrar flugur. Þeir sem eru lengra komnir leyfa oft sköpunargáfunni að njóta sín og breyta þekktum flugum örlítið og gera sínar eigin útgáfur. Þær reynast oft betur en frumgerðin og verða í kjölfarið sannarlegar leyniflugur sem enginn fær að sjá nema kannski nánustu aðstandendur veiðimannsins."

Fluguhnýtingarsettið frá Veiðiportinu kostar einungis 14.950 kr. en verðið hefur haldist óbreytt í þrjú ár.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.veidiportid.is og á Facebook-síðu Veiðiportsins.



**VINSÆLASTAR** Fluguhnýtingarsettið inniheldur efni í 20 vinsælustu flugur landsins. MYND/GVA

GRAM

# HEIMILISTÆKJADAGAR Í FÖNIX



## 20% afsláttur





FÖNIX

Hátúni 6a • 105 Reykjavík • Sími 552 4420 • www.fonix.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotaklettahalsi.is



TOYOTA Yaris hybrid. Árgerð 2012, ekinn 23 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.750.000. Sumar og heilsásdekk Rnr.142485.

**Toyota Kletthálsi**
**Kléttháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotaklettahalsi.is**

bilfang.is
S. 567 2000



**FRÁBÆRT VERÐ !**
Suzuki Grand Vitara Premium + 06/2011 ek 100 þ.km 5 gíra Cruise, ofl verð aðeins 2490 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝJIR FORD F350**
Nýr og öflugri en áður, Dísel 440hö, Komdu og kynntu þér málið, erum að taka niður pantanir, Verð frá 8.650þkr m/VSK, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



NISSAN Qashqai se. Árgerð 2013, ekinn 41 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.990.000. Rnr.240448.



MERCEDES-BENZ ML 250 bluetec 4matic. Árgerð 2012, ekinn 20 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.900.000. Rnr.990950.



KIA Sorento. Árgerð 2006, ekinn 160 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.990848.



FORD Explorer eddie bauer 4wd. Árgerð 2002, ekinn 194 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.141316.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

STÓRA BÍLASALAN
Óskum eftir bílum á staðinn.
Mikil sala.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN



JEEP Grand cherokee limited 4x4. Árgerð 2005, ekinn 141 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.2 eigendur mjög gott eintak Rnr.210249.



POLARIS Rmk 800 assault 144". Árgerð 2010, ekinn 2600 KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboð 1.250.Ásett verð 1.490 NÝTT BIKERMAN KIT Rnr.112146.



LEXUS Is250 luxury . Árgerð 2006, ekinn aðeins 59 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.1 eigandi Gullmoli Rnr.114045.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100 bílar bílasala .is



BMW 545i SMG. Árg 1/2004, ek128 Þ.KM, 334hö, SMG skipting, head up display, leður, lúga, hlaðinn aukabúnaði, Lítur út sem nýr, Verð 3.490.000. Rnr.118879. Er í salnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Honda CRV árg. ,06, ek. 97þ. Sumar og vetrard. S. 1.250. tilboð S. 616 2597.



Til sölu Escort ,98. Verð 250þ. Uppl. í s. 893 1940.



Honda Civic V-tec 1998, 5 gíra. Topp eintak. Verð í dag 330þ. Skoðaður ,15. Uppl. í s. 820 5181.

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

### 500-999 þús.



**4X4 SJÁLFSKIPTUR GULLMOLI!**
MMC Outlander 4x4. árg ,05. ek aðeins 114þús, ssk. glæný vetrardekk. ný sko, nýleg tímareim. hiti í sætum,gott eintak. ásett v:1.290þús. Tilboðsverð 990þús stgr. víslán í boði. s:659-9696



**DÍSEL SPARIBAUKUR**
Peugeot 307 Disel. árg ,05. ek.167þús km. bsk. 5dyra. nýleg vetrardekk. ótrúlega sparneytinn og góður bíll. Ásett verð 1.290þús. Tilboðsverð aðeins 890þús. 100% vísaláni í boði. uppl í s:659-9696



**690.000.- VÍSALÁN Í BOÐI!**
Chevrolet Lazetti station. árg ,07. ek. 141þús km. bsk. sk ,15. mjög rúmgóður og sparneytinn bíll. ásett verð 890þús. Tilboðsverð aðeins 690þús stgr. 100% vísalán í boði. s:659-9696

### Bílar óskast

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Varahlutir

Partalistinn.is

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

### Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

### Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Jólanudd, úrvals nudd fyrir alla. Nuddstofan PT sími. 669 0802.

### Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
566 7311
Tímapantanir í síma 869 4650

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

### Til sölu




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

### til sölu

BOMAG notaður valtari




ÁSAFL Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is
þjónustuaðilar kringum landið




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



**SVART STOFU GLERBORÐ**

Til sölu svart háglans kringlótt gler stofuborð, 2 glerplötur (miini glær undir), stálfætur.

Stærð ca. 100 cm x 100 cm, í þvermál.

Hæð ca. 70 cm.

Verð 8 þús.

**Upplýsingar í síma 699 2778 Eftir hádegi.**






Borðtennisborð, fótboltaspil og fleira sniðugt í jólapakkann. www.oskarsson.is S. 566-6600



Leikfimirimlar & óhefðbundnar jólagjafir www.oskarsson.is S. 566-6600

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

Rjúpur óskast. Sími 894-1513.

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**

**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun






**BÆTIR KYNLÍFIÐ OG KONUR FÁ MIKLU MEIRA ÚT ÚR SAMFÖRUM MEÐ WE-VIBE**

Vinsælasta unaðstæki meðal para mörg ár í röð. Allar flottustu vörurnar fáanlegar Millifærsla - greiðslukort - netgíró. www.hush.is

## til leigu

# Krókháls – Til leigu

350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði




- Leiguhúsnæði Krókhálsi 6, 3. hæð.
- 350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði.
- Laust til leigu strax.
- Nýuppgert.
- Töluvert til af skrifborðum sem geta fylgt með.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma: 696-9420.



# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu verslunarhúsnæði 70-80fm í kjallara á góðum stað við Ingólfstorg. Nánari uppl. í s. 893 1443

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál


**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999


# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VINNA VIÐ SANDBLÁSTUR**
Traust fyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu óskar eftir starfsmanni í sandblástur. (Innivinna) Um framtíðarstarf gæti verið að ræða. Upplýsingar um aldur og fyrri störf sendist með tölvupósti til: vel@simnet.is

**ÓSKA EFTIR VINNU VIÐ RAFVIRKJUN**
sem undirverktaki. Hef unnið mikið við rafmagn. Uppl. s. 821 4958

Vantar bílstjóra í 100% vinnu frá 8-18! Dugnaður, sjálfstæð vinnubrögð og góð íslenskukunnátta eru skilyrði. Umsóknir og nánari upplýsingsr á vinnaibodi@gmail.com merkt „Bílstjóri"



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


## útboð

# Opið útboð uppsteypu

***Blómaþing ehf, óskar eftir tilboðum í uppsteypu á Frakkastígsreit.***

Verkið afmarkast af svæðinu við Laugaveg 41-45, Fakkastíg 8, og Hverfisgötu 58 og 60 ásamt baklóðum. Verkið felst í uppsteypu ca. 68 íbúða, verslunarhúsnæðis ásamt bílageymsluhúsi, skilast tilbúið steinað og filt múrað að utan undir málningu og fokhelt að innan.

Útboðsgögn eru á dropbox og aðgangur fæst með að senda tölvupóst á throsturm@internet.is með nafni og símanúmeri. Skilafrestur tilboðs er 22.12.2014 kl 14:00

## þjónusta


**Tökum að okkur snjómokstur á höfuðborgarsvæðinu allan sólarhringinn.**
LÍNUBORUN EHF
820 0070
577 5177


## tilkynningar

HVALFJARÐARSVEIT

**Auglýsing um óverulega breytingu Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 á þéttbýlisuppdrætti Melahverfis.**

**Um er að ræða breytta landnotkun í Melahverfi.**

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 11. nóvember 2014 tillögu að óverulegri breytingu Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 á þéttbýlisuppdrætti Melahverfis sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010.

Breyting á aðalskipulagi tók til breyttrar landnotkunar í Melahverfi þar sem 3936 m² opið svæði til sérstakra nota er skilgreint í stað íbúðarsvæðis. Uppdrátt af breytingu má sjá á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar, www.hvalfjardarsveit.is. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar.

***Skipulagsfulltrúi Hvalfjarðasveitar***

## fasteignir



# Kórsalir 3


Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is


**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

**5. hæð - 5.herbergja**

Glæsileg 128,0 m² íbúð á 5.hæð
Þrjú svefnherb. sjónvarpshol og stofa
Vandaðar innréttingar
Glæsilegt útsýni/suðvestur svalir
Stæði í bílageymslu

Verð: **39,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## atvinna

# VANTAR ÞIG AUKAVINNU?

**Vantar þig góða aukavinnu eða viltu breyta um starfsvettvang? Póstdreifing leitar að kraftmiklu samstarfsfólki til íhlaupastarfa.**

**Um er að ræða dreifingu í breytilegum hverfum á höfuðborgasvæðinu. Í boði eru góð laun fyrir duglegt fólk, hressandi útivera og sveigjanlegur vinnutími.**

Vertu með!

**Viðkomandi þarf að vera orðinn 18 ára og hafa bíl til umráða.**

Allar nánari upplýsingar veitir Dagný Ragnarsdóttir á dreifingardeild Póstdreifingar í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um starfið með því að senda tölvupóst á netfangið dagny@postdreifing.is

Póst dreifing

Póstdreifing ehf | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | S. 585 8300
www.postdreifing.is | sala@postdreifing.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Blikastaðavegur 2 - 8

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur fyrir sjálfsafgreiðslu eldsneytisstöð á vesturhluta lóðarinnar, ásamt tilheyrandi mannvirkjum s.s. gerði fyrir áfyllingu, geymslu gaskúta og hraðhleðslustæðum fyrir rafbíla.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 17. desember 2014 til og með 28. janúar 2015**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, ***www.reykjavik.is***, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis – og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 28. janúar 2015. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 17. desember 2014
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## til leigu

# Skrifstofuhúsnæði til leigu





Um 680 fermetra skrifstofuhúsnæði í Grímsbæ til leigu í lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma 696-9420.




# BÓKAKYNNING




**Stafaleikurinn**
Frábær bók til að læra að þekkja stafi og orð. Hentar vel til að kenna börnum að lesa. Látið ykkur detta í hug öll þau orð sem byrja á ákveðnum staf.




**Fjörugt ímyndunarafl**
Börnum finnst þessi saga hrikalega fyndin og skemmtileg, enda bregður dýrum fyrir á furðulegustu stöðum. Njótið þess að hlægja saman!




**Stríðna apaskott**
Bráðsniðug bók þar sem börn og fullorðnir taka þátt í söguframvindunni með því að tala fyrir brúðuna. Þó svo að apinn sé ægilega stríðinn þá skemmta dýrin sér konunglega.




**Sóla og sólin**
Þessi saga fjallar um það þegar sólin týndist og Sóla hélt af stað til að finna hana. Þjóðlegt, íslenskt ævintýri.

Óðinsauga

Sjáið fleiri bækur frá Óðinsauga
á www.facebook.com/odinsauga



2 | KL. 20:45

**Victoria's Secret Fashion Show**

Hin árlega tískuhátíð Victoria's Secret er fyrir löngu orðin heimfræg fyrir allt það nýjasta og heitasta í undirfatatískunni.

# Frábært miðvikudagskvöld

2 | KL. 19:25

**Jamie's Best Ever Christmas**

Jamie Oliver kynnir fyrir okkur allar hans eftirlætis uppskriftir af jóla- og hátíðarmat.



2 | KL. 22:25

**Bones**

Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings



| KL. 22:00

**Paranoia**

Hvað getur gerst á bakvið tjöldin í heimi alþjóðaviðskipta þar sem græðgi og blekkingar eru daglegt brauð? Frábær spennutryllir.



G | KL. 22:35

**Cold Case**

Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum sakamálum.



3 | KL. 20:55

**The Gates**

Spennandi þættir um mann sem tekur að sér stöðu lögreglustjóra í rólegum bæ en ekki er allt sem sýnist.



Krakkastöðin | KL. 19:10

**Pétur og kötturinn Brandur**

Bráðskemmtileg mynd fyrir börn á öllum aldri.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 5 | | 6 | | | 4 | 1 |
| | | | | 9 | | 3 | | |
| | | 4 | | | 2 | | | |
| | | | 5 | | | | 9 | |
| 1 | 4 | 7 | 6 | | | | | 5 |
| 6 | | | | 2 | 7 | 4 | | 3 |
| 3 | 9 | | | | 1 | | | |
| | 1 | 8 | 3 | | | | 2 | |
| 5 | | 2 | | 4 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | 6 | 4 | | |
| 1 | | | | 5 | | 2 | | |
| | 4 | | 9 | | | 3 | | |
| 8 | | 4 | | 2 | | | | |
| 3 | | 9 | 7 | | 1 | | | 4 |
| | | | 8 | 3 | | 5 | 7 | |
| | 2 | 1 | | 4 | | | 8 | |
| | 8 | | | | | 1 | | 3 |
| | | 3 | | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | | 4 | 8 | |
| 1 | 6 | | 2 | | | | | |
| | | | | 6 | 3 | | | 2 |
| | 9 | | 5 | | | | | 3 |
| 6 | | 3 | | | 2 | | | |
| | | 1 | | 4 | | | | 9 |
| 2 | | | | | | | | 4 |
| | | 6 | | | | 3 | | |
| | | 8 | 1 | | | 2 | 6 | 7 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 2 | 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 5 |
| 8 | 5 | 1 | 2 | 4 | 9 | 6 | 7 | 3 |
| 3 | 6 | 4 | 5 | 7 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 6 | 8 | 7 | 9 | 5 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 4 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 5 | 8 |
| 1 | 2 | 5 | 3 | 8 | 4 | 7 | 6 | 9 |
| 7 | 4 | 8 | 1 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 |
| 2 | 3 | 6 | 4 | 9 | 7 | 5 | 8 | 1 |
| 5 | 1 | 9 | 6 | 3 | 8 | 4 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 7 | 5 | 8 | 3 | 4 | 2 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 7 | 2 | 9 | 5 | 3 | 1 |
| 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 1 | 7 | 8 | 9 |
| 8 | 5 | 2 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 7 | 6 | 1 | 8 | 4 | 2 | 3 | 9 | 5 |
| 3 | 9 | 4 | 1 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 4 | 3 |
| 4 | 7 | 6 | 3 | 1 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 5 | 8 | 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 6 | 4 | 3 | 8 | 1 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 5 | 8 | 9 | 2 | 6 | 1 | 3 | 4 |
| 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 7 | 6 | 1 | 3 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 |
| 6 | 8 | 9 | 7 | 5 | 3 | 2 | 4 | 1 |
| 3 | 2 | 1 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 4 | 7 | 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Það er eitthvað við jólapeysu sem fær mig alltaf til að hlæja.“**

*Kristen Wiig.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** fíkniefni, **6.** þys, **8.** stefna, **9.** lík, **11.** holskrúfa, **12.** mokuðu, **14.** krakka, **16.** haf, **17.** kærleikur, **18.** annríki, **20.** tvíhljóði, **21.** óhljóð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gróðurtegund, **3.** Í röð, **4.** reigsa, **5.** hlóðir, **7.** grátbiðja, **10.** sefa, **13.** af, **15.** högg, **16.** verkfæri, **19.** númer.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** hass, **6.** ys, **8.** átt, **9.** nár, **11.** ró, **12.** gröfu, **14.** barns, **16.** sæ, **17.** ást, **18.** önn, **20.** au, **21.** garg.
**LÓÐRÉTT: 1.** lyng, **3.** aá, **4.** strunsa, **5.** stó, **7.** sárbæna, **10.** róa, **13.** frá, **15.** stuð, **16.** sög, **19.** nr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Björn Ívar Karlsson (2.272), Taflfélagi Vestmannaeyja, hafði hvítt gegn Gunnari Frey Rúnarssyni (2.045), Víkingaklúbbnum, á Íslandsmóti skákfélaga.**

**Hvítur á leik**



**28. Bxa7! f4** (28. ... Hxa7 29. d7) **29. Rxe4 Hxe4 30. Hd4 Hxd4 31. Hxd4 Ke6 32. Bb6 Hxd6 33. Hxf4** og hvítur vann um síðir.

**www.skak.is** Sigurður Áss sigraði á Jólamóti KR og Gallerý Skákar.

# Óskalisti Max




## Alvöru tæki á alvöru afslætti

- Snjallsjónvarp með 1920x1080p upplausn
- Wi-Fi Þráðlaus móttakari innbyggður
- Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari
- App að nota með Apple eða Android símum og spjaldtölvum
- 100 Hz Back Light Blinking o.fl.

Panasonic

Panasonic TX42AS500Y

JÓLAVERÐ **99.989**

FULLT VERÐ 159.989

## Hrikalega flott græja




- Full HD 1920x1080p upplausn
- 400 Hz Perfect Motion Rate (Micro Dimming Pro)
- Smart TV - Nettenging með opnum netvafra
- Stafrænn DVB-C, DVB-T/T2, DVB-S/S2 móttakari
- Multiroom TV o.fl

JÓLAVERÐ **249.989**

FULLT VERÐ 399.989

PHILIPS

Philips 55PFS6609

## Léttur og nettur handþeytari



JÓLAVERÐ **1.989**

FULLT VERÐ 2.795

SEVERIN



yonanas

## Ísgerðarvél fyrir frysta ávexti

JÓLAVERÐ **6.989**

FULLT VERÐ 12.989

## KitchenAid Classic 45



KitchenAid

JÓLAVERÐ **59.989**

FULLT VERÐ 69.989

PHILIPS

Senseo



AÐEINS 50 STK. Í BOÐI

*Bollar fylgja ekki!*

JÓLAVERÐ **9.989**

FULLT VERÐ 14.989

## Öll stærri heimilistæki með 20-25% afslætti til jóla!



max.is

MAX RAFTÆKI

Opið alla daga til kl. 21:00

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA










# Að stela sjálfum sér

BÆKUR ★★★☆☆

**Hans Jónatan. Maðurinn sem stal sjálfum sér**
Gísli Pálsson
**MÁL OG MENNING**

Íslandssagan er margþættari en margur heldur. Þótt flestir sem hafa gengið í gegnum íslenskt skólakerfi geri sér grein fyrir því að Ísland var hjálenda Danmerkur öldum saman er ekki eins víst að fólk átti sig á því að þar með voru Íslendingar hluti af sama konungsveldi og fólk í Afríku, á Indlandi og í Karíbahafinu. Ísland var hluti af hagkerfi og menningu sem byggði meðal annars á arðráni og þrælaverslun. Almenningur á Íslandi varð kannski lítið var við þessi tengsl og vissi sjálfsagt lítið um hvernig sykurinn sem fluttur var til landsins varð til, en stundum höguðu örlögin því þannig að fjarlægustu horn danska heimsveldisins tengdust á óvæntan hátt.

Bók Gísla Pálssonar um manninn sem stal sjálfum sér fjallar um ævi manns sem sýnir þetta á óvenju skýran hátt. Hans Jónatan fæddist árið 1784 sem þræll á sykurekru á eyjunni St. Croix í Vestur-Indíum sem þá var dönsk nýlenda. Hans Jónatan fluttist með eigendum sínum til Danmerkur á unglingsaldri, tók þátt í vörnum Kaupmannahafnar þegar Englendingar réðust á borgina 1801 og stakk svo af til Íslands eftir sögufræg málaferli þar sem hann tókst á við eiganda sinn um eignarhald á sjálfum sér – og tapaði.

Á Íslandi átti Hans Jónatan stutta en farsæla ævi. Hann varð verslunarmaður, faktor og seinna bóndi í Berufirði, giftist íslenskri konu og eignaðist með henni börn sem síðar eignuðust fjölda afkomenda; þannig lifa gen þræladrengsins frá St. Croix í fjölda afkomenda þeirra.

Gísli Pálsson segir þessa sögu eftir bestu heimildum, en þær eru eðli málsins samkvæmt ekki mjög miklar að vöxtum. Þetta er annar vandinn sem Gísli þarf að kljást við sem ævisagnahöfundur, hinn er algengur þegar skrifaðar eru ævisögur annarra. Fyrstu tuttugu æviár Hans Jónatans eru efni í fróðlega og spennandi sögu sem varpar ljósi á bæði Íslandssögu og sögu heimsins. Eftir að hann losnar úr ánauðinni og kemur til Íslands verður saga hans á hinn bóginn lík sögu margra annarra.

Eftir að sögu Hans Jónatans lýkur fjallar Gísli um afkomendur hans og almennt um nýlendustefnu og kynþáttahyggju og áhrif þeirra á Ísland og Íslendinga. Þessir kaflar eru fróðlegir en maður veltir fyrir sér hvort betur hefði farið á því að flétta þá inn í meginfrásögnina. Gísli er merkur fræðimaður á sviði mannfræði og það er dýrmætt að slíkir fræðimenn skrifi verk af þessu tagi þar sem fræðunum er miðlað til annarra en sérfræðinga og nema sem leggja stund á fagið. Einstaka sinnum saknar maður þess að hann leyfi sér að sýna fræðimannshliðina á sér svolítið meira í bókinni en hún er læsileg og Gísli er góður sögumaður og lifandi.

**Jón Yngvi Jóhannsson**



**HANS JÓNATAN.** Maðurinn sem stal sjálfum sér.


**GÍSLI PÁLSSON** „Gísli er merkur fræðimaður á sviði mannfræði og það er dýrmætt að slíkir fræðimenn skrifi verk af þessu tagi,“ segir Jón Yngvi.

**NIÐURSTAÐA:** Stórfróðleg bók þar sem höfundurinn notar ævisögu óvenjulegs manns til að varpa nýju og nauðsynlegu ljósi á íslenska sögu og menningu.

# Með því fallegasta eftir Mozart

Árlegir kertaljósatónleikar Camerarctica verða haldnir í fjórum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu frá næsta föstudegi fram á mánudag.

„Mörgum finnst ómissandi að koma úr miðri jólaösinni inn í kertaljósin í rökkrinu og hlýða á fagra tóna,“ segir Ármann Helgason, klarinettuleikari í Camerarctica, um tónleikana Mozart við kertaljós sem haldnir verða á næstu dögum í fjórum kirkjum. Á dagskránni eru tvær af perlum Mozarts, Eine kleine Nachtmusik og Klarinettukvintettinn og að venju lýkur tónleikunum á því að Camerarctica leikur jólasálminn Í dag er glatt í döprum hjörtum úr Töfraflautunni.

„Þetta er 22. árið sem ég spila á svona tónleikum fyrir jólin og flestir í þessum hópi,“ segir Ármann og telur upp þau Hildigunni Halldórsdóttur og Bryndísi Pálsdóttur fiðluleikara, Svövu Bernharðsdóttur víóluleikara og Sigurð Halldórsson sellóleikara. Þrír drengir úr Drengjakór Reykjavíkur syngja líka með, þeir Benedikt Gylfason, Kjartan Örn Styrkársson og Tryggvi Pétur Ármannsson.

Spurður hvort dagskráin sé alltaf sú sama ár eftir ár svarar Ármann: „Nei, Klarinettukonsertinn tökum við á nokkurra ára fresti og líka Eine kleine Nachtmusik. Hvort tveggja er með því fallegasta eftir Mozart og þar gildir að góð vísa er aldrei of oft kveðin.

Tónleikarnir verða í Hafnarfjarðarkirkju þann 19., Kópavogskirkju þann 20., Garðakirkju 21. og Dómkirkjunni 22. desember. „Mér finnst gaman að koma í allar þessar kirkjur, hver og ein hefur sinn sérstæða hljóm,“ segir Ármann og tekur fram að tónleikarnir séu klukkustundarlangir og hefjist allir klukkan 21. Miðasala er við innganginn.

gun@frettabladid.is


**CAMERARCTICA** Tónlistarfólkið er með sérsmíðaða kertastjaka kringum sig á tónleikunum.

# Jólavörur 50-70% afsláttur

**Við bjóðum eingöngu upp á hágæða vistvæn jólatré úr Normannsþin**



Piardino®
**Normannsþinur**
75–125 cm.

**2.995.-**

Piardino®
**Normannsþinur**
125–150 cm.

**3.495.-**



Piardino®
**Normannsþinur**
175–200 cm, með tálguðum stofni.

**6.895.-**




Auglýst verð gildir frá miðvikudeginum 17. desember til og með miðvikudeginum 24. desember 2014.
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

## Jólablús Vina Dóra á Rúbín

Vinir Dóra enda 25. afmælisárið með Jólablús á Rúbín annað kvöld klukkan 21 eins og hefðin býður.

Vinirnir eru: Halldór Bragason gítarleikari og söngvari, Guðmundur Pétursson gítarleikari, Ásgeir Óskarsson trommuleikari og Jón Ólafsson bassaleikari. Um hljóð sér Jón Skuggi.



HALLDÓR BRAGASON

# Upplestur, söngur og myndlist í Anarkíu

Lesið verður úr fjórum nýjum bókum á Listablandi Anarkíu í kvöld, flutt tónlist og sýnd myndlist.

Efnt verður til Listablands í Anarkíu í Kópavogi klukkan 20 í kvöld þar sem lesið verður úr fjórum nýjum bókum.

Halldór Armand Ásgeirsson les úr skáldsögu sinni Drón, lesið verður úr ljóðabók Kristians Guttesen, Í landi hinni ófleygu fugla, Árni Óskarsson les úr þýðingu sinni á Lólítu eftir Nabokov og Jón Pálsson les úr skáldsögu sinni Dýrmundur og málið með veginn. Þá flytur Jóhanna V. Þórhallsdóttir nokkur lög af diski sínum Söngvar á alvörutímum.

Listasalurinn Anarkía í Kópavogi hefur nú verið starfrækt í hálft annað ár og á þegar að baki um þrjátíu myndlistarsýningar. Nú í desember efna listamennirnir sem standa að sýningarsalnum til samsýningar undir yfirskriftinni „Meinvill í Anarkíu“. Anarkía er til húsa í Hamraborg 3 í Kópavogi og sýningarsalurinn er opinn alla virka daga nema mánudaga kl. 15-18 og um helgar kl. 14-18.



**EINN AF FJÓRUM** Halldór Armand Ásgeirsson les úr skáldsögu sinni Drón á Listablandi Anarkíu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FAGNAR ÚTGÁFU** Una Sveinbjarnardóttir heldur útgáfutónleika í Mengi í dag. MYND/ÁGÚST ATLASON

## Útgáfutónleikar Unu

Diskurinn Umleikis með tónlist Unu Sveinbjarnardóttur er kominn út og útgáfutónleikar verða í Mengi, Óðinsgötu 2, í dag klukkan 17. Öll verkin eru frumsamin af Unu sjálfri og voru tekin upp í Ísafjarðarkirkju sumarið 2012.

Una er konsertmeistari Kammersveitar Reykjavíkur og hefur verið gestakonsertmeistari Klassische Philharmonie Bonn, Trondheim Symfoniorkester, hljómsveitar Íslensku óperunnar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún kennir fiðluleik og kammertónlist við Tónlistarskólann í Reykjavík og Nýja tónlistarskólann. Diskur hennar Fyrramál kom út árið 2007. Una leikur á Camillo Camilli-fiðlu smíðaða 1732 í Mantua.

# Sinfóníuhljómsveit á heimsmælikvarða leikur í Hörpu

London Philharmonic Orchestra heldur tvenna tónleika í Hörpu á næstu dögum. Stjórnandi er Osmo Vänskä og einleikari Leif Ove Andsnes píanóleikari sem leikur Keisarakonsertinn eftir Beethoven.

London Philharmonic Orchestra mun koma fram á tvennum tónleikum í Hörpu dagana 18. og 19. desember klukkan 19.30. Á efnisskrá verður Fantasían um Thomas Tallis eftir Vaughan Williams, Sinfónía nr. 1 í g-moll op. 13 eftir Tsjajkovskí og hinn vinsæli píanókonsert nr. 5 í Es-dúr op. 73, einnig nefndur Keisarakonsertinn, eftir Beethoven.

Stjórnandi verður Osmo Vänskä sem var um árabil aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Osmo er tónlistarstjóri Minnesota Orchestra en sem gestastjórnandi hefur Osmo stjórnað öllum helstu hljómsveitum í Evrópu og Norður-Ameríku. Einleikari verður norski píanóleikarinn Leif Ove Andsnes sem nýlokið hefur við að hljóðrita alla píanókonserta meistarans.

London Philharmonic Orchestra var stofnuð af Sir Thomas Beecham árið 1932 og er í dag ein fremsta sinfóníuhljómsveit heims. Meðal aðalhljómsveitarstjóra LPO frá stofnun eru Sir Adrian Boult, Bernard Haitink, Sir Georg Solti, Klaus Tennstedt og Kurt Masur. Árið 2007 tók Vladimir Jurowsky við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og hefur verið það síðan. Andrés Orozco-Estrada mun taka við stöðu aðalgestastjórnanda í september 2015.

> ➜ Meðal aðalhljómsveitarstjóra LPO frá stofnun eru Sir Adrian Boult, Bernard Haitink, Sir Georg Solti, Klaus Tennstedt og Kurt Masur.

Frá því að Royal Festival Hall, salur Southbank Centre í London, var byggður árið 1951 hefur London Philharmonic Orchestra haft þar aðalaðsetur og leikur 40 tónleika í salnum á hverju tónleikaári auk þess að koma reglulega fram bæði í Brighton og Eastbourne og fleiri stöðum á Bretlandseyjum. Á hverju ári er LPO í hlutverki óperuhljómsveitar á Glyndebourne Festival, þar sem hún hefur verið fastskipuð í yfir 50 ár. Hljómsveitin ferðast mikið um heiminn og á tónleikaárinu 2014-2015 fer hún víða um Evrópu, Bandaríkin og Kanada, auk Kína. - fsb



**GÓÐIR GESTIR Í HÖRPU** London Philharmonic Orchestra var stofnuð árið 1932 og er í dag ein fremsta sinfóníuhljómsveit heims. MYND/BENJAMIN EALOVEGA




# Þegar Alzheimer tekur völdin

BÆKUR ★★★☆☆

### Handan minninga

Sally Magnusson. Þýðandi: Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir

SALKA

Handan minninga eftir hina hálfíslensku Sally Magnusson er átakanlegur lestur. Þar segir hún sögu móður sinnar, Mamie Baird, sem var virt og vinsæl blaðakona og eftirsóttur ræðumaður þegar Alzheimer-sjúkdómurinn sótti hana heim og hún fór að tapa minni og sjálfsmynd smátt og smátt. Eiginmaður Mamie og faðir Sallyar var hinn ástsæli sjónvarpsmaður Magnús Magnusson en hann lést árið 2007 rétt í þann mund sem Alzheimerinn var að ná yfirhöndinni í lífi eiginkonu hans.

Í bókinni rekur Sally sögu móður sinnar frá barnæsku og fram á dánardægur árið 2012. Myndin sem hún dregur upp af þessari sjálfstæðu og duglegu konu er sterk og sannfærandi og ferðalagið inn í myrkur Alzheimersins virkilega hjartaskerandi lesning. Hlutskipti aðstandandans eru gerð góð skil, og Sally dregur ekkert undan í lýsingum á eigin ráðvillu í átökunum við sjúkdóminn. Það er sárt að horfa upp á móður sína breytast í ókunna manneskju og missa smátt og smátt tökin á lífinu en verst af öllu er þó hversu lítið er til ráða og hve ósköp lítið er enn vitað um þennan sjúkdóm, orsakir hans og þróun. Hver einasti sjúklingur er í raun ný ráðgáta og ómögulegt að segja til um hvernig hans/hennar sjúkdómsferli verður. Það er því engin furða að aðstandendur leiti allra ráða til að afla sér upplýsinga og reyna að finna skýringar og Sally hefur greinilega varið ómældum tíma og kröftum í að reyna að skilja það ferli sem móðir hennar gekk í gegnum. Töluvert púður fer í læknisfræðilegar upplýsingar í bókinni og þótt auðvelt sé að skilja hvaða þýðingu slíkt hefur fyrir dóttur sjúklingsins verður að segjast að þeir kaflar draga töluvert úr læsileika bókarinnar fyrir hinn almenna lesanda sem fyrst og fremst hefur áhuga á að fræðast um persónulegar hliðar sögunnar.




Bókin er, þrátt fyrir alvarlegt umfjöllunarefnið, skrifuð með húmor og hlýju að leiðarljósi og bráðskemmtileg á köflum. Það er líka erfitt að komast hjá því að tárast við lesturinn, svo nístandi sárar eru margar lýsingarnar þótt hvergi sé verið að velta sér upp úr sársaukanum og allt tilfinningaklám sé víðs fjarri. Í heildina er bókin einstaklega falleg og marghliða frásögn á tengslum móður og dóttur og því ferli sem dóttirin fer í gegnum þegar þau tengsl rofna vegna alveldis sjúkdómsins.

Þýðing Ragnheiðar Margrétar Guðmundsdóttur er dálítið brokkgeng, talsvert er um að ensk orðaröð sé látin halda sér, sem truflar máltilfinningu lesandans, en á milli eru skínandi vel þýddir kaflar sem unun er að lesa.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Falleg, hlý og grátleg frásögn af upplifun höfundar af Alzheimer-sjúkdómi móður sinnar.

# BARNAGJÖFIN Í ÁR!

## 8" SPJALDTÖLVA Í JÓLAPAKKANN FYRIR AÐEINS 14.990!




**Spjaldtölvur eru vinsælasta jólagjöfin hjá okkur fyrir börn. Skemmtilegar í leikina, sjónvarpið, bíómyndirnar, netið og tónlistina.**

## JÓLATILBOÐ

# 14.990

**FULLT VERÐ 19.990**

nextbook NEX-NX008HD8G

**Skemmtilega hönnuð og meðfærileg 8" Nextbook spjaldtölva með 1.5GHz Dual Core Cortex A9 örgjörva. Kristaltær snertiskjár með 1024x768 punkta upplausn í 4:3 hlutföllum. 1GB DDR3 vinnsluminni og 8GB Flash minni sem má stækka í 40GB með MicroSD minniskorti. Android 4.1 Jelly Bean stýrikerfið, myndavél að framan og aftan.**

### Frábær jólagjöf fyrir börnin
Það er fátt sem börnum finnst skemmtilegra en að leika sér í skemmtilegum leik í spjaldtölvu. Hægt er að nálgast þúsundir ókeypis leikja og fræðsluforrita í gegnum Google Play.

### Hentug barnastærð
8" passar mjög vel í litlar hendur og er góð millistærð á milli farsímastærðar og fullvaxinnar 10" spjaldtölvu. Hún er létt og meðfærileg til að taka með hvert sem er.

### Sjónvarpið í spjaldtölvunni
Með Sjónvarpi Símans eða OZ opnast nýjir möguleikar við að streyma sjónvarpsefni í spjaldtölvurnar. Börnin geta horft á sína uppáhaldsþætti hvar sem er án þess að vera bundin við sjónvarpsskjáinn.

### Dual Core örgjörvi
Tveggja kjarna Cortex A9 örgjörvi sem skilar hraðri vinnslu með 1GB vinnsluminni.

### Allt að 40GB minni
Kemur með 8GB innbyggðu Flash minni sem hægt er að stækka í 40GB með 32GB MicroSD minniskorti.

### Kristaltær fjölsnertiskjár
Næmur og hraðvirkur skjár með 1024x768 punkta upplausn. 4:3 skjáhlutföll.

### Myndavél að framan og aftan
Tvær myndavélar til að taka ljósmyndir eða myndbönd. 2MP að aftan og VGA upplausn að framan.

### Android 4.1 Jelly Bean
Notendavænt stýrikerfi með aðgang að þúsundum ókeypis og hagkvæmra smáforrita með Google Play.

### 2 ára traust ábyrgð
Tölvulistinn hefur í yfir 20 ár rekið sitt eigið þjónustuverkstæði og veitt ábyrgðarþjónustu sem hægt er að treysta.

**ALLT SPJALDTÖLVUÚRVALIÐ FYRIR JÓLIN Á TL.IS**




BORGAÐU JÓLAREIKNINGINN 2. FEBRÚAR
Netgíró Betri leið til að borga

tl.is
TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

# SAUTJÁN KLUKKUSTUNDIR AF MIÐGARÐI

Peter Jackson bindur endahnút á kvikmyndir sínar um Miðgarð með þriðju og síðustu Hobbita-myndinni sem kemur í bíó hérlendis á annan í jólum. Hún er stysta myndin í seríunni, „aðeins“ 144 mínútur. Samanlagt eru myndirnar sex 1.032 mínútur (fyrir utan lengri útgáfur á mynddiskum), eða rúmlega 17 klukkustundir.



Lord of the Rings: ***The Fellowship of the Ring***
▶ **178 mínútur**

Lord of the Rings: ***The Two Towers***
▶ **179 mínútur**

Lord of the Rings: ***The Return of the King***
▶ **201 mínúta**

The Hobbit: ***An Unexpected Journey***
▶ **169 mínútur**

The Hobbit: ***The Desolation of Smaug***
▶ **161 mínúta**

The Hobbit: ***The Battle of the Five Armies***
▶ **144 mínútur**

*Herman Cph Limited púði no. 6*
*13.900.-*



*Pyropet kerti*
*4.900.-*




*Skjalm P kopar lampi*
*23.900.-*



*Mikið úrval af fallegum hönnunarvörum.*
*Fáðu sent heim að dyrum.*

Snúran

*www.snuran.is*
*vefverslun S: 537-5101*

# Með sandkassa fyrir börnin í nýrri verslun

Bjarni Þór Viðarsson, atvinnumaður í knattspyrnu, hefur ásamt kærustu sinni, Dóru Sif Ingadóttur, og móður hennar opnað barnafatabúðina Bíumbíum.

Bjarni Þór Viðarsson, atvinnumaður hjá danska knattspyrnuliðinu Silkeborg, kærasta hans, Dóra Sif Ingadóttir, og móðir hennar, Drífa Hilmarsdóttir, opnuðu á dögunum barnafatabúðina Bíumbíum.

Hún hefur þá sérstöðu að bjóða upp á sandkassa frá fyrirtækinu Krummu fyrir börnin sem þangað koma með foreldrum sínum. Í honum er botnfylli af sandi, svo að börnin verði nú ekki öll útötuð í honum.

„Útgangspunkturinn þegar við ákváðum að opna búð var að við vildum vera með aðstöðu fyrir börnin svo að foreldrarnir gætu verslað í rólegheitum,“ segir Dóra Sif, sem á sjálf tveggja og hálfs árs dóttur með Bjarna Þór. „Fólki fannst við brjáluð þegar við vorum að útskýra þetta með sandkassann áður en við opnuðum en þetta virkar fáránlega vel og foreldrar eiga oft erfitt með að koma börnunum sínum út aftur,“ segir hún. „Slagorðið okkar er að verslunin sé fyrir mikilvægasta fólkið. Við viljum skapa upplifun líka fyrir börn að koma hingað.“ Hvað staðsetningu búðarinnar varðar í Síðumúla 13 lögðu þau áherslu á að hægt væri að aka alveg upp að henni, þannig að auðveldara væri fyrir foreldrana að komast þangað með lítil börn.

Í Bíumbíum fást skandinavísk föt í mildum litum fyrir börn á aldrinum 0 til 8 ára og franskir fylgihlutir, þar á meðal skart í hárið, inniskór, vegglímmiðar og Barbapabba-næturljós. „Við höfum fengið ótrúlega góðar viðtökur og fólk hefur verið rosalega ánægt,“ segir Dóra Sif, sem fer aftur út til Danmerkur eftir jól með Bjarna Þór. Mamma hennar annast reksturinn í fjarveru þeirra. „Mamma er búin að vera að setja upp búðir frá því ég man eftir mér. Ég var alltaf með henni í vinnunni og fékk rosalega mikinn áhuga á þessu. Núna langaði okkur að prófa að gera eitthvað sjálfar,“ segir hún hress en mamma hennar hefur m.a. starfað í Pennanum og Epal.

Sjálf nýtir Dóra Sif í búðinni reynslu sína af kaupum á vönduðum vörum í Danmörku og í Belgíu, þar sem Bjarni Þór hefur einnig spilað.

**freyr@frettabladid.is**



**HJÁ SANDKASSANUM** Bjarni Þór og Dóra Sif, ásamt dóttur sinni, hjá sandkassanum sem hefur slegið í gegn eftir að búðin var opnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Slagorðið okkar er að verslunin sé fyrir mikilvægasta fólkið. Við viljum skapa upplifun líka fyrir börn að koma hingað.**
>
> *Dóra Sif Ingadóttir.*

## 11.12.2014 → 16.12.2014





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | **Amabadama** | **Gaia** |
| 2 | ▲ | Ed Sheeran | *Thinking Out Loud* |
| 3 | ▲ | Ásgeir Trausti | *Stormurinn* |
| 4 | ▼ | Jón Jónsson | *Gefðu allt sem þú átt* |
| 5 | ▼ | Hozier | *Take Me To Church* |
| 6 | ▲ | Meghan Trainor | *Lips Are Movin* |
| 7 | * | Olly Murs/Travie McCoy | *Wrapped Up* |
| 8 | ▲ | Mark Ronson/Bruno Mars | *Uptown Funk* |
| 9 | ▼ | George Ezra | *Blame It On Me* |
| 10 | ▲ | Dotan | *Home* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | **Ýmsir** | **Óskalög þjóðarinnar** |
| 2 | ▲ | Skálmöld | *Með vættum* |
| 3 | ▲ | Gissur Páll | *Aría* |
| 4 | ▼ | Helgi Björns | *Eru ekki allir sexý* |
| 5 | ▲ | Raggi Bjarna | *80 ára* |
| 6 | ▲ | Jón Jónsson | *Heim* |
| 7 | ▲ | Páll Rósinkranz og Margrét Eir | *If I Needed you* |
| 8 | ▼ | Páll Rósinkranz | *25 ár* |
| 9 | ▼ | Ýmsir | *SG jólalögin* |
| 10 | ▼ | Ýmsir | *Pottþétt jól (2014)* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS

## Gjafakort Bónus er gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla




SPARAÐU TÍMA OG FYRIRHÖFN. GEFÐU GJAFAKORT BÓNUS

Bónusgjafakortið fæst nú til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus

Skrifstofa Bónus: Opin alla virka daga kl. 9-17 Skútuvogi 13 Sími: 527 9000

119 KR.



COKE 250ML

138 KR.



EGILS MALT 330ML

119 KR.



EGILS APPELSÍN 275ML

## OPNUNARTÍMI Í BÓNUS UM HELGINA

**20.des.** Laugardagur
**10:00-20:00**

**21.des.** Sunnudagur
**10:00-20:00**

# ÓMISSANDI ÞRENNA YFIR JÓLIN !

Úrbeinað hangilæri *Nr. 2-3* að mati dómnefndar DV



**2498** kr. kg.

Fjalla **Hangilæri úrbeinað**

Úrbeinað hangilæri *Nr.1* að mati dómnefndar DV



**3098** kr. kg.

KEA **Hangilæri úrbeinað**

Hamborgarhryggur *Nr.1* að mati dómnefndar DV



**1598** kr. kg.

KEA **Hamborgarhryggur m.beini**



**1598** kr. kg.

**Ali Hamborgarhryggur með beini**



**1798** kr. kg.

**Ali Hamborgarhryggur úrbeinaður**

# JÓLAVÍNBERIN KOMIN NÝ UPPSKERA FRÁ SUÐUR-AFRÍKU



BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verðtilboðin í þessari augl. Gilda til 21.des. 2014

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •



PHILIP SEYMOUR HOFFMAN
**46 ÁRA** ✝ FEBRÚAR
Einn virtasti leikari Hollywood.



ROBIN WILLIAMS
**63 ÁRA** ✝ ÁGÚST
Einn ástsælasti grínisti Hollywood.



JOAN RIVERS
**81 ÁRS** ✝ SEPTEMBER
Einn áhrifamesti kvenkyns grínisti Bandaríkjanna.



SHIRLEY TEMPLE
**85 ÁRA** ✝ FEBRÚAR
Ein frægasta barnastjarna allra tíma.



MICKEY ROONEY
**93 ÁRA** ✝ APRÍL
Bandarískur leikari sem byrjaði sem barnastjarna og átti yfir 80 ára feril.



LAUREN BACALL
**89 ÁRA** ✝ ÁGÚST
Leikkona sem sló í gegn í film-noir myndum fimmta áratugarins.



RICHARD ATTENBOROUGH
**90 ÁRA** ✝ ÁGÚST
Einn ástsælasti leikari Breta fór yfir móðuna miklu.

# Þau kvöddu okkur árið 2014

Nú fer árið senn að taka enda og féllu margir mætir einstaklingar frá. Fréttablaðið tekur saman þekktustu nöfn þeirra sem kvöddu.






**PACO DE LUCÍA** ✝ FEBRÚAR 66 ÁRA
Spænskur tónlistarmaður og einn besti gítarleikari heims.



**FRANKIE KNUCKLES** ✝ MARS 59 ÁRA
Bandarískur plötusnúður sem var brautryðjandi í danstónlist.



**VERA CHYTILOVÁ** ✝ MARS 85 ÁRA
Tékkneskur leikstjóri sem ruddi brautina fyrir tékknesku nýbylgjuna.



**DJ RASHAD** ✝ APRÍL 35 ÁRA
Bandarískur plötusnúður sem var brautryðjandi í „footwork" danstónlistarstefnunni frá Chicago.



**GABRIEL G. MÁRQUEZ** ✝ APRÍL 87 ÁRA
Kólumbískur rithöfundur og Nóbelsverðlaunahafi, þekktur fyrir töfraraunsæi sitt.



**MAYA ANGELOU** ✝ MAÍ 86 ÁRA
Áhrifamikið bandarískt skáld og aðgerðasinni.



**H.R. GIGER** ✝ MAÍ 74 ÁRA
Svissneskur listamaður sem er líklega þekktastur fyrir að hanna geimveruna í Alien-myndunum.



**RIK MAYALL** ✝ JÚNÍ 56 ÁRA
Breskur grínisti og leikari sem sló meðal annars í gegn í þáttunum Bottom og The Young Ones.



**BOBBY WOMACK** ✝ JÚNÍ 70 ÁRA
Bandarískur soul-söngvari sem er líklega þekktastur fyrir lagið Across 110th Street.



**ALEXANDER SHULGIN** ✝ JÚNÍ 88 ÁRA
Goðsagnakenndur efnafræðingur sem kynnti vísindaheiminn fyrir MDMA á áttunda áratugnum.



**OSCAR DE LA RENTA** ✝ OKTÓBER 82 ÁRA
Dóminísk-bandarískur tískuhönnuður sem var einn sá virtasti í geiranum.



**MIKE NICHOLS** ✝ NÓVEMBER 83 ÁRA
Bandarískur leikstjóri sem gerði meðal annars Catch-22 og The Graduate.

# HÖRKUSPENNA OG DRAMATÍK






Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa verið eitt vinsælasta lesefni Íslendinga tvo áratugi. Spennuþrungnar frásagnir úr íslenskum veruleika. Í þessari bók er lýst ótrúlegri samkennd, fórnfýsi og þrautseigju íslenskra sjómanna á úrslitastundum. Um hver jól grúfa þúsundir Íslendinga sig niður í Útkallsbækurnar og leggja þær ekki frá sér fyrr en að lestri loknum.

Hér er sagt frá ævintýralegum björgunaraðgerðum út af Breiðafirði árið 1962 eftir að togarinn Elliði frá Siglufirði hafði legið á hliðinni í glórulausu hafróti og éljagangi. 28 manna áhöfn beið örlaga sinna svo klukkustundum skipti.

„Ég hata þig ekki," sagði Sigurður Guðmundsson, fyrrum háseti á Goðafossi, er hann í október 2011 hitti mann af kafbátnum U 300 sem skaut niður stolt Íslendinga við bæjardyr Reykjavíkur árið 1944. Við fáum einnig lýsingu á þessum tilfinningaþrungna fundi og kynnumst nýrri hlið af sögunni um árásina á Goðafoss.

1. SÆTI
ALMENNT EFNI

**Útkall ehf. Sundaborg 9, 104 Reykjavík sími 562 2600 - www.utkallbokautgafa.is**

# Hristur, ekki hrærður

James Bond pantar aftur uppáhaldsdrykkinn sinn.

Framleiðendur James Bond hafa undirritað auglýsingasamning við Belvedere Vodka sem þýðir að Daniel Craig getur byrjað aftur að panta uppáhalds martini-drykkinn sinn í nýju Bond-myndinni, Spectre. Hann getur því eins og svo oft áður óskað eftir „hristum en ekki hrærðum“ martini. Vangaveltur voru uppi um að Bond myndi halda áfram að drekka bjór í stað martinis, eins og hann gerði í síðustu mynd, sérstaklega eftir að auglýsingasamningur við Heineken var endurnýjaður.



**DANIEL CRAIG OG MEÐLEIKARAR** Craig og meðleikarar hans í Bond-myndinni Spectre. NORDICPHOTOS/GETTY

Margir aðdáendur voru óánægðir með breytinguna á drykkjarvenjum kappans og geta því tekið gleði sína á ný, miðað við þessi nýju tíðindi.

# Gagnaverin, skatturinn og náttúran

Fjallað er um Ísland sem þægilegan tökustað í grein Mother Nature Network.

Nýleg grein á fréttamiðlinum Mother Nature Network, sem leggur mikla áherslu á umhverfismál, fjallar um sókn bandarískra kvikmyndagerðarmanna til Íslands. Þar segir að Ísland sé kjörinn tökustaður af ýmsum ástæðum. Ein af þeim sé skattaafslátturinn sem kvikmyndagerðarmenn fái. „Við erum ekki stödd í einum af dýrustu kjörnum heims. Við getum boðið upp á gott verð ofan á skattaafsláttinn,“ segir Daði Einarsson í greininni, einn stofnenda framleiðslufyrirtækisins RVX. Hann segir að skrifræðið sé lítið hér og að hér séu engir valdapíramídar.

Einnig sé það endurnýtanlega orkan sem umhverfisþenkjandi kvikmyndagerðarmenn sækist í. „Ísland er án efa að þróa ímynd sína sem framsækinn og skapandi staður með hreina orku,“ segir Daði. Þá megi ekki gleyma gagnavinnslunni sem geri lífið töluvert auðveldara fyrir kvikmyndagerðarmenn á Íslandi og til dæmis gerði RVX samning við Verne Global sem rekur stórt gagnaver í Reykjanesbæ. - þij



**LÍTIÐ SKRIFRÆÐI** Daði segir að hér séu engir valdapíramídar.




# Google-leitir ársins

Google tekur saman að hverju alheimurinn leitaði á netinu fjórtánda árið í röð.

Úttektin Google's Year in Search var sú fjórtánda sem stórfyrirtækið Google hefur látið gera en þar koma fram alls kyns upplýsingar um það sem heimurinn hefur verið að leita að á Google á árinu. Þar kemur margt áhugavert fram, meðal annars að Kim Kardashian hafi ekki náð að brjóta veraldarvefinn eins og hún sagðist ætla að gera, heldur var það Robin Williams sem mest var „gúglaður“ á árinu. Í tilefni af líðandi ári tekur Fréttablaðið hér saman nokkra lista yfir það sem mest var leitað að á árinu.



➜ Það sem mest var leitað að:

- **ROBIN WILLIAMS**
- WORLD CUP
- **EBOLA**
- MALAYSIA AIRLINES
- **ALS ICE BUCKET CHALLENGE**
- FLAPPY BIRD
- **CONCHITA WURST**
- ISIS
- **FROZEN**
- SOCHI OLYMPICS



➜ Íþróttamennirnir sem mest var leitað að:

1. **JAMES RODRIGUEZ**
2. MICHAEL SCHUMACHER
3. **RAY RICE**
4. LUIS SUAREZ
5. **NEYMAR DA SILVA SANTOS**
6. MARIO GOTZE
7. **JULES BIANCHI**
8. FRANCISCO GUILLERMO OCHOA MAGAÑA
9. **MICHAEL PHELPS**
10. RICHARD SHERMAN



➜ Raftækin sem mest var leitað að:

1. **IPHONE 6**
2. SAMSUNG GALAXY S5
3. **NEXUS 6**
4. MOTO G
5. **SAMSUNG NOTE 4**
6. LG G3
7. **XBOX ONE**
8. APPLE WATCH
9. **NOKIA X**
10. IPAD AIR



➜ Fólkið sem mest var leitað að:

1. **JENNIFER LAWRENCE**
2. KIM KARDASHIAN
3. **JULIE GAYET**
4. TRACY MORGAN
5. **RENE ZELLWEGER**
6. JARED LETO
7. **LORDE**
8. MATTHEW MCCONAUGHEY
9. **AMAL ALAMUDDIN**
10. DONALD STERLING



➜ Þeir sem létust á árinu sem mest var leitað að:

1. **ROBIN WILLIAMS**
2. PHILIP SEYMOUR HOFFMAN
3. **PEACHES GELDOF**
4. SHIRLEY TEMPLE
5. **MAYA ANGELOU**
6. JOAN RIVERS
7. **GABRIEL GARCIA MARQUEZ**
8. LAUREN BACALL
9. **JAMES AVERY**
10. HAROLD RAMIS



➜ HM-leikir sem mest var leitað að:

1. **BRASILÍA GEGN ÞÝSKALANDI**
2. ÞÝSKALAND GEGN ARGENTÍNU
3. **BRASILÍA GEGN SÍLE**
4. ARGENTÍNA GEGN BELGÍU
5. **BRASILÍA GEGN KRÓATÍU**
6. BRASILÍA GEGN HOLLANDI
7. **HOLLAND GEGN MEXÍKÓ**
8. ÞÝSKALAND GEGN PORTÚGAL
9. **BRASILÍA GEGN MEXÍKÓ**
10. BANDARÍKIN GEGN ÞÝSKALANDI



➜ Alheimsfréttirnar sem mest var leitað að:

1. **EBÓLA**
2. ISIS
3. **FLUGLEIÐIR MALASÍU**
4. KRÍMSKAGI/ÚKRAÍNA
5. **FERGUSON**
6. GAZA OG ÍSRAEL
7. **SJÁLFSTÆÐISKOSNINGAR SKOTA**
8. RÉTTARHÖLD OSCARS PISTORIUSAR


Draumahöllin
ENN STÆRRI OG ÆVINTÝRALEGRI
GEFÐU FALLEGA GJÖF SEM ENDIST OG ENDIST
VIDIVI GALASSIA skálasett
5.990 KR.
IITTALA
Ulthima Thule
glös í úrvali
IVV skál, 4 hólf
5.490 KR.
VIDIVI sett, 6+1
JÓLATILBOÐ 4.990 KR.
SYLVESTER
stóll m. svörtum
fótum (einnig til
króm) margir litir
JÓLATILBOÐ 11.990 KR.
NIELSEN koparljós,
18 cm 13.990 KR.
IITTALA Maribowl skál, 155 mm
á fæti, rauð 8.990 KR.
VIDIVI Diva sett, 6+1
JÓLATILBOÐ 4.990 KR.
VIDIVI Stella stjörnuskálar,
sett 1+1 JÓLATILBOÐ 4.990 KR.
IITTALA Ulthima Thule kanna
17.990 KR.
ESTER&ERIK
kerti í miklu úrvali
VIDIVI skálasett 2 hjörtu
JÓLATILBOÐ 4.490 KR.
IVV kertastjaki 30 cm.
JÓLATILBOÐ 9.990 KR.
VIDIVI Euforia glasa-
sett, 6 stk. 10.990 KR.
VIDIVI Doge sett, skál og vasi
JÓLATILBOÐ 7.990 KR.
VIDIVI Rojo
rauðvínsglas JÓLA-
TILBOÐ 1.490 KR
IITTALA aalto vasi, 160 mm
rauður 39.990 KR.
VIDIVI Speedy skálsett,
6 stk. 15.990 KR.
HÚSGAGNAHÖLLIN
REYKJAVÍK | AKUREYRI
HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík OG Dalsbraut 1 • Akureyri • EITT SÍMANÚMER 558 1100




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSL TAL | KL. 2D: 5:40 3D: 6:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| BEGIN AGAIN | KL. 8 - 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 | |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| INTERSTELLAR | KL. 9 | |
| INTERSTELLAR VIP | KL. 5 - 8:30 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |
| JOHN WICK | KL. 10:20 | |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 | L |
| EXODUS: GODS AND KINGS | KL. 2D: 5 3D: 8 - 10:20 | |
| INTERSTELLAR | KL. 6:30 - 8 - 10 | |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| MEISTARASÖNGVARARNIR ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 6 | L |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 - 10:20 | L |
| INTERSTELLAR | KL. 8:20 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 | L |
| EXODUS: GODS AND KINGS 3D | KL. 10:30 | |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 10:10 | |
| THE HUNGER GAMES | KL. 8 | |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 - 10:20 | L |
| BEGIN AGAIN | KL. 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is


# Uppfærður leikhúsvefur

Vefsíðan leikhus.is er nú komin með nýjan og endurbættan vef en þar er hægt að finna allt um leikhús á Íslandi á einum stað. Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um allar leiksýningar á landinu, bæði áhuga- og atvinnuleikhússýningar.



**GUNNAR ANDRI ÞÓRISSON** Eigandi vefsins leikhús.is

Í tilkynningu frá síðunni, sem stofnuð var af Gunnari Andra Þórissyni frá Söluskóla Gunnars Andra, segir að á næsta ári verði síðan vettvangur lifandi skoðanaskipta um leikhús og leikhúsmál, þar sem hægt verði að lesa umfjallanir, gagnrýni og fleira.

Vefurinn var upprunalega stofnaður til að færa leikhúsið nær almenningi og auka möguleika áhuga- og atvinnuleikhúsa og hópa til að kynna sig.

# Paradísarborgin

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Það má alltaf deila um hvenær fólk er orðið fullorðið eða hvenær má kalla að það sé orðið ráðsett. Sumir telja sig í fullorðinna tölu á fermingardaginn, aðrir miða við bílpróf, lögráða aldur eða daginn sem þeir ganga inn í vínbúð án þess að horfa flóttalega í kringum sig. Stundum eru þeir kallaðir eilífðarunglingar, þessir sem vilja ekki fullorðnast. Þeir sem kalla þá eilífðarunglinga eru stundum kallaðir gamlar sálir. Þegar fólk eignast börn verður það óneitanlega að láta af ýmsum barnalegum siðum sjálft. Kannski má þá telja það fullorðið. En stundum er eins og það renni skyndilega upp fyrir okkur að við erum orðin fullorðin, kannski við einhverjar sérstakar aðstæður.

**ÉG** er ekki frá því að ég hafi upplifað þess konar uppljómun fyrir stuttu. Það að ég fylli fjóra tugi á næsta ári hafði ekkert með hana að gera. Þessu laust bara skyndilega niður í kollinn á mér.

**Á** tíunda áratugnum var ég nefnilega hugfangin af rokkhljómsveit einni og öllum meðlimum hennar. Síðhærður söngvarinn átti hug minn og hjarta í nokkur ár, jafnvel eftir að hljómsveitin leystist upp og kenna mætti honum um hvernig fór. Æ síðan hef ég fengið sérstakan sting í magann þegar ég heyri lögin. Gítarsólóin gátu meira að segja komið fram tárum, ég segi það satt.

**OG** nú var von á gítarleikara þessarar hljómsveitar til landsins þar sem hann myndi trylla lýðinn með fingralipurð sinni. Reyndar yrði hann sá eini úr þessari einstöku hljómsveit en með einvala lið með sér hafði ég heyrt. Þetta yrði magnað kvöld.

**ÞEGAR** þetta einstaka kvöld rann loks upp var ég vissulega á tónleikum. Tónarnir sem ómuðu í eyrunum komu meira að segja fram tárum við og við. Það voru þó ekki síðhærðir eilífðarunglingar við hliðina á mér, öskrandi um græna grasið í Paradísarborginni. Ég sat í brakandi baststól við hlið tengdamóður minnar í tilkomumiklum sal Hallgrímskirkju og hlustaði á aðventusöng Mótettukórsins. Þetta var magnað kvöld.

**OG** þá rann það upp fyrir mér. Ég er orðin fullorðin.

# Sló í gegn sem popperfingi

Leiklistarneminn Ólafur Ásgeirsson hefur vakið athygli fyrir leik í auglýsingu.

„Það var nú bara haft samband við mig frá auglýsingastofu og ég beðinn að búa til sketsa,“ segir Ólafur Ásgeirsson leiklistarnemi, sem sló í gegn í auglýsingum fyrir Orville-popp.

„Ég var settur með leikstjóranum Eilífi Erni Þrastarsyni í verkefnið og við áttum að semja sketsana saman. Það versta var að við þekktumst ekki svo það tók okkur alveg góðan mánuð að kynnast áður en við gátum farið að vinna að handritinu,“ segir Ólafur.

Samstarfið gekk þó á endanum vonum framar og tveimur mánuðum síðar varð karakterinn Orri Redenbacher til, en hann átti að vera erfingi popprisans. „Orri lifir í einhverri bólu og er alveg sama um annað fólk,“ segir Ólafur, sem fór með hlutverk Orra. Með honum í sketsunum er körfuboltamaðurinn Ragnar Nathanaelsson sem spilar með Sundsvall Dragons í Svíþjóð. Í auglýsingunum ber hann Orra um, þar sem hann telur sig yfir það hafinn að ganga sjálfur.

„Þetta var mjög fyndið því hann er miklu stærri en ég. Hann á þakkir skilið því hann skrópaði á körfuboltaæfingum til þess að vera með í sketsunum,“ segir hann. Ólafur er þessa dagana að sýna trúðasýningu nema í leiklist í Listaháskóla Íslands og stefnir að því að útskrifast í vor. - asi



**POPPERFINGINN** Ólafur í hlutverki Orra. Með honum í myndbandinu er körfuboltamaðurinn Ragnar Nathanaelsson.





SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| EXODUS 3D | KL 4.30 – 8 – 11 | 16 |
| EXODUS 2D | KL 8 – 11 | 16 |
| EXODUS 3D LÚXUS | KL 4.30 – 8 – 11 | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 8 – 10.45 | 12 |
| BIG HERO 6 3D | KL 3.15 – 5.30 | L |
| BIG HERO 6 2D | KL 3.15 – 5.30 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 3.15 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 5.30 – 8 – 10.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| EXODUS 3D | KL 5.45 – 9 | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 8 – 10.40 | 12 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 5.30 – 8 – 10.30 | 7 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 5.30 | L |
| NIGHTCRAWLER | KL 8 – 10.30 | 16 |
| ST. VINCENT | KL 5.30 | 12 |

LAUGARÁS BÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| EXODUS 3D | 7, 10(P) | 16 |
| BIG HERO 6 2D | 4:30 | L |
| BIG HERO 6 3D | 4:30 | L |
| HUNGER GAMES: MOCKINGJAY | 7, 10 | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR 2D | 4:30 | L |
| NIGHTCRAWLER | 10 | 16 |

Dualit.

HARÐSNÚINN
• blandari •



Nýr öflugur 1000 vatta blandari frá Dualit sem hentar vel fyrir heimili sem og smærri fyrirtæki. Ný tækni, svokölluð VortecS tryggir að ekkert botnfall myndast og því blandast hráefnið betur saman. Dualit blandarinn er með sérstaka ísmulnings stillingu sem mylur jafnt ísmola sem og frosna ávexti.

- 2ja lítra harðplastkanna - sterk og höggþolin
- Auðvelt að losa könnu - létt og þægileg
- Má fara í uppþvottavél

Verð kr. 41.722,- m.vsk.

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is




BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | |
|---|---|
| Whiplash .......... 18.00, 22.30 | 20,000 days on Earth .... 20.00 |
| Turist .......................... 17.45 | White God ................. 20.00 |
| París norðursins EN Sub ........ 18.00 | Clouds of Sils Maria ......... 22.15 |
| Mommy ........... 20.00, 22.00 | |




# D'Angelo gefur út nýja plötu

Einn virtasti tónlistarmaður R&B-heimsins, D'Angelo, gaf út fyrstu plötu sína í fjórtán ár síðastliðið sunnudagskvöld.

Platan ber nafnið Black Messiah og er að sögn D'Angelo sú pólitískasta sem hann hefur gert. „Hún fjallar um fólk að rísa upp í Ferguson, Egyptalandi og á Occupy Wall Street-mótmælunum og um alla þá staði þar sem íbúarnir fá sig fullsadda og ákveða að láta af breytingum verða,“ segir hann.

Questlove, trommari The Roots og einn þeirra sem lögðu sitt af mörkum á plötunni, hafði þetta um hana að segja: „Þetta er ástríðuverkefni og þetta er allt. Ég vil virkilega ekki tala um hana með ýkjum eða mikillæti en platan er allt. Hún er falleg, hún er ljót, hún er sannleikur, hún er lygar. Hún er allt.“



**D'ANGELO** Tónlistarmaðurinn hefur gefið út sína fyrstu plötu í fjórtán ár.



Jóladagatal IKEA
ATH!
Vegna ófærðar í gær framlengjum við tilboði gærdagsins svo þessar vörur eru einnig
á tilboði í dag, 17. desember
Tilboðsverð 16. og 17. desember
1.650,-/stk.
Fullt verð 2.650,-
STOCKHOLM púðar
B55×L55cm. Ýmsir litir
Tilboðsverð 16. og 17. desember
6.990,-
Fullt verð 9.890,-
LÖVBACKEN hliðarborð
B39×L77, H51cm. Brúnt
Á hverjum degi til 23. desember er ný vara á tilboði.
Fylgstu með á www.IKEA.is
© Inter IKEA Systems B.V. 2014
IKEA
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is

# Svekkjandi að verja ekki öll

Lárus Helgi Ólafsson, markvörður HK í Olís-deild karla, gerði sér lítið fyrir og varði sjö víti af þeim átta sem hann fékk á sig gegn FH í tapleik. HK-ingar eru rótfastir við botn deildarinnar og þurfa að taka sér tak.

**HANDBOLTI** Lárus Helgi Ólafsson, markvörður HK í Olís-deild karla í handbolta, fór á kostum í leik HK-inga gegn FH á mánudagskvöldið. Hann varði ríflega 20 skot í leiknum, þar af sjö vítaköst. Því miður fyrir Lárus tapaði HK leiknum með þremur mörkum.

„Þetta var að sjálfsögðu gaman, en að sama skapi hrikalega svekkjandi að tapa leiknum. Við skorum náttúrlega bara átta mörk í seinni hálfleik,“ segir Lárus Helgi í samtali við Fréttablaðið.

Varnarmenn HK stóðu vaktina ekki alveg nægilega vel enda fengu gestirnir úr Hafnarfirðinum heil átta vítaköst. „Það var svekkjandi að verja þau ekki öll,“ segir Lárus Helgi, en Daníel Matthíasson, línumaður FH, var sá eini sem fann leiðina fram hjá Lárusi af vítalínunni. „Ég var í þeim bolta líka,“ segir hann.

En hvernig fara menn að því að verja sjö vítaköst? „Maður var í stuði og svo er þetta smá heppni líka. Bara samspil nokkurra þátta. Ég var alveg hættur að geta haldið andliti þarna undir lokin. Við og FH-ingarnir hlógum bara að þessu.“

**Ég var alveg hættur að geta haldið andliti þarna undir lokin.**

*Lárus Helgi Ólafsson, markvörður HK*

### Sebastian á metið

Ótrúlegt en satt er þetta ekki met í efstu deild karla því Sebastian Alexandersson, markvörðurinn þrautreyndi sem er enn að spila í 1. deildinni, varði átta vítaköst gegn Haukum árið 1998.

Fram kemur í Morgunblaðinu í grein um þann leik að Sebastian hafi bætt met ÍR-ingsins Guðmundar Gunnarssonar sem varði sjö vítaköst gegn Val árið 1971.

HK-ingar, sem tæknilega séð féllu úr deildinni í fyrra eftir ömurlegt tímabil þar sem þeir unnu aðeins einn leik, eru einnig rótfastir við botninn þennan veturinn með fjögur stig eftir fimmtán umferðir.

„Það er farið að reyna á okkur að tapa svona mörgum leikjum, sérstaklega að tapa leik eins og gegn Stjörnunni í bikarnum með tólf mörkum. Það er nóg eftir af mótinu en liðin fyrir ofan okkur hafa verið að vinna leiki á meðan við höfum verið að slaka á ef eitthvað er. Við verðum að fara að rífa okkur í gang,“ segir Lárus Helgi.

### Bræðurnir spila saman

Þorgrímur Smári Ólafsson, skytta HK-inga og bróðir Lárusar, er markahæstur í liðinu þannig að synir Ólafs Björns Lárussonar verða seint sakaðir um að gera ekki sitt fyrir HK. Þeir spiluðu einnig saman hjá Gróttu og Val.

„Það er hrikalega gaman að vera að æfa með honum. Það gerist örsjaldan að við rífumst. Þá öskrum við aðeins hvor á annan en svo er það búið. Við förum samferða á flestar æfingar og svona. Við erum bara orðnir pakkadíll,“ segir Lárus Helgi Ólafsson.

tomas@365.is



**VÍTABANI** Lárus Helgi Ólafsson jafnaði árangur Guðmundar Gunnarssonar frá árinu 1971 en Sebastian Alexandersson á metið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eins og hún hefði verið geymd í formalíni

Jenny Boucek vann tvöfalt með Keflavík 1998 og snýr nú aftur sautján árum síðar til að stýra æfingabúðum.

**KÖRFUBOLTI** Það verða örugglega ánægjulegir endurfundir hjá Önnu Maríu Sveinsdóttur og félögum hennar úr Íslandsmeistaraliði Keflavíkur frá 1998 þegar hin bandaríska Jenny Boucek kemur til Íslands í janúar. Boucek heillaði alla fyrir tæpum sautján árum og heillaðist sjálf af landi og þjóð. Nú snýr hún aftur og heldur æfingabúðir fyrir stelpur á aldrinum átta til sautján ára.

„Björg (Hafsteinsdóttir) fékk þessa hugmynd í haust þegar við settumst niður og fórum yfir það hvernig fjáröflun vetrarins yrði. Okkur datt í hug að athuga það hvort hún væri til í að koma,“ segir Anna María Sveinsdóttir, sem var spilandi þjálfari Keflavíkurliðsins fyrir sautján árum.

„Þegar hún var hérna þá varð hún alveg heilluð af landi og þjóð. Fannst allt æðislegt, fiskurinn og allt þetta. Mamma hennar og pabbi komu og afi hennar og amma komu líka. Það kom öll fjölskyldan til hennar og þetta var mjög sérstakt fyrir erlendan leikmann og öðruvísi en við áttum að venjast,“ segir Anna María.

Jenny Boucek hefur ekki komið til Ísland allan þennan tíma en Anna María segir að þær hafi haldið sambandi við hana. „Okkur datt því í hug að spyrja hana hvort hún hefði áhuga á því að koma, setja upp æfingabúðir og jafnvel þjálfarafundi og eitthvað svoleiðis. Hún var meira en lítið til í það,“ segir Anna María.

Leikir Jenny Boucek með Keflavík voru síðustu leikir hennar á atvinnumannaferlinum en hún meiddist um sumarið og var ekkert með Cleveland Rockers í WNBA-deildinni eins og árið áður.

Jenny Boucek fór strax út í þjálfun. Hún var aðalþjálfari WNBA-liðsins Sacramento Monarchs frá 2007 til 2009 en hefur lengst af verið aðstoðarþjálfari hjá Seattle Storm og sinnir því starfi í dag.

Jenny Boucek kom til Keflavíkur í nóvember 1997 og spilaði alls 18 leiki í öllum keppnum. Keflavík vann 16 af þessum 18 leikjum og varð bæði Íslands- og bikarmeistari. Boucek skoraði 27 stig í bikarúrslitaleiknum og var með 18,2 stig, 5 stolna bolta og 3,2 stoðsendingar að meðaltali í úrslitakeppninni.

„Þetta var algjör sigurvegari sem leikmaður og hún er frábær karakter og algjör liðsleikmaður. Þó að hún hafi verið svakalega góð hjá okkur þá var liðið alltaf í fyrsta sæti hjá henni. Þetta er svakalega flottur karakter. Ég var spilandi þjálfari á þessum tíma og hún hjálpaði mér helling. Hún var oft að grípa inn í og koma með hugmyndir. Ég sá því strax þjálfaratakta hjá henni,“ segir Anna María sem hefur engar áhyggjur af einhverjum stjörnustælum hjá WNBA-þjálfaranum.

„Við vorum að spyrja hana út í það hvort hún væri með einhverjar kröfur. Nei það var ekkert svoleiðis. Hún vildi bara vera með okkur og okkar fjölskyldum og komast síðan í ræktina einu sinni á dag. Það voru einu skilyrðin sem hún setti. Hún er enn á fullu að æfa og þegar ég talaði við hana á Skype um daginn þá var eins og hún hefði verið geymd í formalíni því það var eins og ég hefði hitt hana í gær,“ segir Anna María í léttum tón.

Anna María mælir með því að lauma námskeiðinu í jólapakkann fyrir upprennandi körfuboltakonur. „Krakkar eiga nú allt í dag þannig að okkur fannst það mjög sniðugt að geta boðið þetta sem jólagjöf. Þess vegna vorum við að auglýsa þetta svona snemma og gefum út gjafabréf fyrir þá sem vilja,“ segir Anna María.

Æfingabúðirnar verða í Keflavík 10. til 11. janúar og er hægt að skrá sig á kvennarad@keflavik.is. Jenny Boucek er yfirþjálfari búðanna og stýrir þeim ásamt fjölda valinkunnra þjálfara og leikmanna úr körfuboltahreyfingunni.

- óój



**ÍSLANDS- OG BIKARMEISTARAR 1998** Jenny Boucek með liðsfélögum sínum í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJAR GAUTI



**HJÁLPAÐI KEFLAVÍK AÐ VINNA TVÖFALT** Jenny Boucek í leik með Keflavíkurliðinu vorið 1998. FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJAR GAUTI






SOREL YOOT PAC BARNAKULDASKÓR
Blá og bleik. Stærðir 25–39
18.990 KR.



SOREL WINTER CARNIVAL
Brúnir og grænir.
Stærðir 36,5–41
24.990 KR.



SOREL CHEYANNE
Svartir og brúnir. Stærðir 41–46
34.990 KR.



ZAMBERLAN TREK LITE
Stærðir 40–48
36.990 KR.




Munið gjafabréfin!

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3
ellingsen.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 144159

Eirberg

LÍFSTÍLL






**Withings Pulse** WIT-WAM02

Ótrúlega fyrirferðalítið tæki sem fylgist með virkni þinni yfir daginn, metur svefngæði og mælir púls. Sýnir skrefafjölda, vegalengd, hæð og hversu mörgum hitaeiningum þú brennir. Á nóttunni metur það hversu lengi þú sefur djúpum eða grunnum svefni og hversu oft þú vaknar yfir nóttina. Tækið er einnig púls- og súrefnismettunarmælir.

24.750 kr.




**Withings Snjallvog** WIT-WS50

Mælir þyngd, fituprósentu, púls, hitastig og loftgæði.

36.750 kr.




**Framúrskarandi tækni og hönnun** sem gerir þér kleift að fylgjast með grunnþáttum góðrar heilsu – hreyfingu, svefni, þyngd, blóðþrýstingi og loftgæðum. Öll tækin flytja gögn þráðlaust yfir í snjallsíma (Android og iOS) og tengjast saman í appinu Withings HealthMate. Þar getur þú skoðað og haldið utan um niðurstöður mælinga á einfaldan hátt og öðlast betri skilning á því hvernig líkaminn starfar og hvernig venjur þínar hafa áhrif á heilsuna. Allar Withings vörur eru auðveldar í uppsetningu og notendavænar.

Eirberg Lífstíll, Kringlunni 1. Hæð • Eirberg Heilsa, Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • Opið alla daga til jóla • eirberg.is

# Hannes vongóður um að tilboð berist

Landsliðsmarkvörðurinn fer á æfingu hjá Sandnes í byrjun nýs árs ef ekkert gerist fyrir áramót.



**EINBEITTUR** Hannes Þór hélt hreinu gegn Hollandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** „Ég sit bara og bíð,“ segir Hannes Þór Halldórsson, landsliðsmarkvörður í knattspyrnu, við Fréttablaðið um stöðu sína. Hannes lauk sínu fyrsta ári í atvinnumennsku fyrr í vetur þegar hann féll með norska liðinu Sandnes Ulf úr úrvalsdeildinni þar í landi á ævintýralegan hátt.

Hannes átti mjög gott tímabil þrátt fyrir fall liðsins, en hann fékk gríðarlega góða dóma allt árið og sagði í umsögn Verdens Gang um hann undir lok tímabils að liðið væri fyrir löngu fallið hefði hans ekki notið við. Hannes fékk á sig 53 mörk í 30 leikjum með Sandnes og hélt hreinu í fyrstu þremur leikjum undankeppni EM 2014 þar sem strákarnir eru í góðum málum.

„Það er einhver áhugi hér og þar en liðin eru ekkert að drífa sig í að koma með tilboð. Ég er bara að bíða og sjá hvað gerist. En þangað til get ég ekkert annað gert en undirbúið mig fyrir æfingu hjá Sandnes 5. janúar,“ segir Hannes.

Hann vill helst ekki spila með Sandnes í B-deildinni en neyðist til þess berist ekki tilboð í hann.

„Ef ekkert annað gerist þá er ég náttúrlega samningsbundinn Sandnes og þá er ekkert annað í stöðunni en að spila þar áfram. En ég er búinn að segja mönnum þar sem öllum að ég vilji spila í betri deild, með fullri virðingu fyrir Sandnes. Ég er líka alveg vongóður um að það gerist. Mér finnst líklegra en ekki að ég fái tilboð,“ segir Hannes.

Landsliðsmarkvörðurinn er hér heima á Íslandi þessa dagana og heldur sér í formi. „Ég er að æfa með KR og fara í ræktina,“ segir Hannes sem er að safna orku fyrir átök næsta árs þar sem hann verður í eldlínunni í atvinnumennskunni og með íslenska landsliðinu á því sem verður vonandi sögulegt ár.

„Ég hef það bara huggulegt hérna heima í góða veðrinu,“ segir hann og hlær við. „Ég var að koma heim með fjölskylduna úr Smáralindinni. Við börðumst í gegnum storminn. Maður er bara aðeins að taka fótinn af bensíngjöfinni til að geta komið inn í nýtt ár af krafti,“ segir Hannes Þór Halldórsson. - tom


# Fæst í Lyfjum & heilsu






## Nurofen Apelsin

Íbúprófen mixtúra fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 12 ára

- Hitalækkandi
- Verkjastillandi
- Bólgueyðandi

**Sýnt hefur verið fram á að Nurofen apelsin slær á hitann eftir aðeins 15 mínútur og áhrifanna gætir í allt að 8 klukkustundir**

## Fæst án lyfseðils í apótekum

Nurofen Apelsin 40 mg/ml mixtúra, dreifa. **Inniheldur** Íbúprófen. Til skammtímameðferðar gegn vægum til miðlungi alvarlegum verkjum eða hita. **Skammtar og lyfjagjöf:** Til inntöku. Dagsskammtur af Nurofen er 20-30 mg/kg líkamsþyngdar tekin inn í 3-4 aðskildum skömmtum á u.þ.b. 6 til 8 klst. fresti. Mælt er með því að sjúklingar sem eru viðkvæmir í maga taki Nurofen með mat. Ekki ráðlagt fyrir börn yngri en 6 mánaða eða undir 8 kg. Aðeins til skammtímanotkunar. Leita skal til læknis ef einkenni versna. Ef lyfið er notað án lyfseðils og einkenni barnsins eru viðvarandi í meira en 3 daga skal leita til læknis. Lágmarka má aukaverkanir með því að nota lægsta virka skammt í eins stuttan tíma og hægt er til að meðhöndla einkenni. **Ekki má taka lyfið ef þú:** Hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni, bólgueyðandi gigtarlyfjum, hveiti eða einhverju innihaldsefnanna, sögu um berkjukrampa, astma, nefslímubólgu eða ofsakláða í tengslum við inntöku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja, sögu um blæðingar eða rof í meltingarvegi í tengslum við fyrri meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum, virk sár, eða sögu um endurtekin sár/blæðingar í maga, virka blæðingu í heila eða annars staðar, alvarlega lifrarbilun, alvarlega nýrnabilun, alvarlega hjartabilun, storkuvandamál, óútskýrðar truflanir á blóðmyndun svo sem blóðflagnafæð, ert á síðasta þriðjungi meðgöngu, tekur önnur bólgueyðandi gigtarlyf eða meira en 75 mg af acetýlsalicýlsýru daglega, ert með hlaupabólu, hefur nýlega gengist undir stóra skurðaðgerð, hefur ofþornað. **Gæta skal sérstakrar varúðar og ræða við lækni eða lyfjafræðing ef þú ert með, hefur einhvern tíman fengið eða átt hættu á að fá:** Bandvefssjúkdóm, þarmasjúkdóm, hjarta og/eða æðasjúkdóm, skerta nýrnastarfsemi, lifrarsjúkdóm, óþol fyrir sykrum eða ef þú tekur önnur lyf. Regluleg notkun verkjalyfja getur leitt til varanlegra truflana á nýrnastarfsemi. Andþyngsli geta komið fyrir ef barnið hefur astma, langvinnt nefrennsli, sepa í nefi eða ofnæmissjúkdóma. Örsjaldan hefur verið greint frá alvarlegum viðbrögðum í húð í tengslum við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja. Hætta skal notkun Nurofen Apelsin strax við fyrstu merki um útbrot á húð, sár á slímhúðum eða önnur einkenni ofnæmisviðbragða. Lyf svo sem Nurofen Apelsin geta tengst aukinni hættu á hjartaáfalli eða heilaslagi. Ekki nota meira en ráðlagðan skammt og ekki lengur en ráðlagt er. Ef blæðing eða sár koma fram í meltingarvegi ætti að hætta meðferð strax. Hættan á blæðingum, sáramyndun eða rofi í meltingarvegi eykst við notkun stærri skammta af bólgueyðandi gigtarlyfjum, hjá sjúklingum með sögu um sár í meltingarvegi, einkum ef þeim hafa fylgt blæðingar eða rof og hjá öldruðum. Lyfið getur dulið einkenni sýkinga og hita. Sjúklingar með sögu um aukaverkanir í meltingarfærum, sérstaklega aldraðir, ættu að hafa samband við lækni án tafar og greina frá öllum óvenjulegum einkennum frá meltingarvegi. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*




**VARNARTRÖLL** Vignir er harður í horn að taka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vignir fær flestar brottvísanir

**HANDBOLTI** Þegar 16 af 26 umferðum dönsku úrvalsdeildarinnar í handbolta er lokið trónir Íslendingur á toppi eins lista þegar litið er yfir tölfræði deildarinnar.

Varnartröllið og landsliðsmaðurinn Vignir Svavarsson, leikmaður HC Midtjylland, hefur fengið flestar tveggja mínútna brottvísanir í deildinni. Hann hefur fengið 16 brottvísanir í 16 leikjum eða eina að meðaltali í leik sem þykir nú ekki slæmt fyrir mann sem spilar fasta vörn og er ansi harður í horn að taka.

Hann er einni brottvísun á undan Ásbirni Madsen hjá Mors-Thy og Stefan Hundstrup sem leikur með Bjerringbo-Silkeborg.

Vignir hefur einnig spilað sóknarleikinn í Danmörku af meiri krafti en undanfarin ár og er markahæsti Íslendingurinn í úrvalsdeildinni. Hann er búinn að skora 48 mörk í 16 leikjum, fimm mörkum meira en hornamaðurinn Guðmundur Árni Ólafsson hjá Mors-Thy. - tom



## Veldu íþróttamann ársins 2014 á Vísi

**KOSNING** Lesendum Vísis gefst færi á að útnefna íþróttamann ársins 2014 nú um áramótin. Opnað hefur verið fyrir tilnefningar og er öllum frjálst að senda inn.

Tekið er við tilnefningum á netfanginu ithrottamadurarsins@visir.is en frestur til að tilnefna rennur út næstkomandi sunnudag, þann 21. desember.

Ritstjórn Vísis fer yfir innsendar tilnefningar og í kjölfarið hefst atkvæðagreiðsla. Einstaklingurinn verður heiðraður í byrjun nýs árs.

Í tilnefningunni þarf nafn viðkomandi að koma fram auk upplýsinga um hvers vegna viðkomandi á skilið að vera útnefndur sem Íþróttamaður ársins 2014.

Farið verður yfir tilnefningar með tilliti til rökstuðnings og fjölda tilnefninga sem hver og einn fær. Atkvæðagreiðsla fer svo fram á Vísi yfir jólin.

Tilnefndu þína konu eða þinn mann á netfanginu ithrottamadurarsins@visir.is með fullu nafni viðkomandi og stuttum rökstuðningi.

# Verður í horninu hjá McGregor

Gunnar Nelson fer til Boston eftir áramót og aðstoðar Conor McGregor.

**UFC** Það er risabardagakvöld fram undan í UFC þar sem Írinn og Íslandsvinurinn Conor McGregor er aðalnúmerið. Keppnin fer fram í Boston þann 18. janúar næstkomandi. Írar eru fjölmennir í Boston og því búist við miklum látum í TD Garden-höllinni.

McGregor er góðvinur Gunnars Nelson en þeir æfa undir handleiðslu sama þjálfara, Johns Kavanagh, og hafa æft mikið saman. Meðal annars á Íslandi síðasta sumar er æfingar fyrir bardagakvöldið í Dublin fóru fram.

Að sögn Haraldar Nelson, föður og umboðsmanns Gunnars, munu þeir félagar ekki æfa saman fyrir þennan bardaga en McGregor vill þó hafa Gunnar nærri. Þess vegna hefur hann beðið Gunnar um að vera í horninu hjá sér í bardaganum gegn Dennis Siver.

„Það verður mjög skemmtilegt. Gunni fer líklega út um viku fyrir bardagann og tekur þátt í fjörinu,“ segir Haraldur en það verður væntanlega stemning í höllinni sem áhorfendur í Boston eru ekki vanir enda eru Írarnir þekktir fyrir einstaklega líflega framkomu á íþróttaviðburðum. Þeir slógu einmitt heimsmetið í hávaða á UFC-viðburði í Dublin síðasta sumar.

Ekki liggur fyrir hvenær Gunnar berst næst en hann var með auga á bardagakvöldi í London í lok febrúar en búið er að fresta því kvöldi um óákveðinn tíma.

„Það skýrist vonandi fljótlega í janúar hvar Gunnar berst næst. Þeir hjá UFC vissu að hann vildi hvíla fram í miðjan febrúar,“ bætir Haraldur við. **- hbg**



**FÉLAGAR** Gunnar og Conor eru hér saman á góðri stund. Þeir hafa æft mikið saman. MYND/HÖRÐUR



**NÝJAR HUGMYNDIR** Rory vill breyta golfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Þarf að spila golf hraðar

**GOLF** Rory McIlroy, besti kylfingur heims í dag, vill að golf verði spilað hraðar svo fleiri ungir krakkar hafi áhuga á að æfa og spila íþróttina. Fram kemur á vef BBC að ungmennum á aldrinum 16-25 ára sem stunda golf fækkaði um helming frá 2010-2013.

„Það gerist allt svo hratt í dag og fólk hefur ekki jafn mikinn tíma og áður. Kannski væri best að finna leið til að spila leikinn hraðar,“ segir McIlroy sem vann bæði opna breska meistaramótið og PGA-meistaramótið á árinu.

„Fleiri horfa á golf en áður en færri stundað það. Fólk hefur gaman af því að horfa á leikinn en þeir dagar eru liðnir þar sem hægt var að eyða fimm til sex klukkutímum á golfvellinum,“ segir Norður-Írinn.

Yfirvöld í golfinu hafa verið treg til að kynna nýjungar og breyta til, en það var síðast á þessu ári sem Royal and Ancient-golfklúbburinn, sem rekur St. Andrews-völlinn í Skotlandi, leyfði konum að gerast meðlimir. Þær stóðu fyrir utan fyrstu 260 árin. **- tom**

## Siglt í skólpi

**SIGLINGAR Ef þú ert siglingakappi og stefnir á ÓL í Ríó árið 2016 þá þarftu kannski að fara að hugsa þig tvisvar um.**

**Vísindamenn voru að birta skýrslu um ástandið í sjónum þar sem siglingakeppnin í Ríó fer fram. Sjórinn er hreinn viðbjóður og hreinlega hættulegur.**

**Samkvæmt AP-fréttastofunni fara 70 prósent af skólpinu í Ríó alveg óhreinsuð beint út í flóann fyrir utan borgina. „Þetta er í raun bara skólpflói,“ segir Leona Deckelbaum umhverfisverndarsinni en hún hefur barist fyrir því að flóinn verði hreinsaður.**

**Skipuleggjendur Ólympíuleikanna hafa lofað því að hreinsa flóann fyrir leikana. - hbg**






# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.45
**Victoria's Secret Fashion Show**



Hin árlega tískuhátíð Victoria's Secret er fyrir löngu orðin heimsfræg. Þar eru lagðar línurnar í því allra nýjasta og heitasta í undirfatnaði og frábær tónlistaratriði eru einnig í boði.



### JAMIE'S BEST EVER CHRISTMAS
**STÖÐ 2 KL. 19.25** Hér er Jamie Oliver í essinu sínu þar sem hann ætlar að kynna fyrir okkur allar eftirlætisuppskriftir sínar að jóla- og hátíðarmat. Hér er notaleg stemmingin í fyrirrúmi eins og venjulega og hann fer sínar eigin leiðir í eldhúsinu.



### A-Z
**STÖÐ 2 KL. 20.15** Frábærir nýir rómantískir gamanþættir þar sem við fylgjumst með Andrew sem starfar á stefnumótasíðu og hans helsti draumur er að hitta draumakonuna. Zelda er lögfræðingur sem kallar ekki allt ömmu sína þegar kemur að karlmönnum. Örlögin leiða Zeldu og Andrew saman.



### Heimsókn
**GULLSTÖÐIN KL. 20.10** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum.

### FM 957 kl. 07.00
**Morgunþáttur FM957**

Ósk Gunnars og Sverrir Bergmann koma þér af stað út í daginn með topptónlist á FM957.






Carhartt WIP húfur frá 4.990.-



Libertine-Libertine skyrtur frá 16.990.-



Libertine-Libertine náttbuxur 9.990.-



Vans skór 16.990.-

HÚRRA REYKJAVÍK

HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Wonder Years
**08.30** I Hate My Teenage Daughter
**08.55** Mindy Project
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.00** Mad Men
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Gatan mín
**13.20** Dallas
**14.05** Fairly Legal
**14.50** The Goldbergs
**15.15** Victorious
**15.35** Grallararnir
**16.00** Hello Ladies
**16.30** New Girl
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** The Simpsons
**18.10** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.16** Veður
**19.25** Jamie's Best Ever Christmas
**20.15** A to Z
**20.45** Victoria's Secret Fashion Show
**21.35** Forever
**22.25** Bones
**23.10** NCIS
**00.00** My Piece of the Pie
**01.50** Take
**03.25** Bullet to the Head
**04.55** Jamie's Best Ever Christmas
**05.45** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Derby - Chelsea
**11.40** Everton - Krasnodar
**13.20** Almería - Real Madrid
**15.00** Spænsku mörkin 14/15
**15.30** Chelsea - Sporting
**17.10** Derby - Chelsea
**18.50** Evrópudeildarmörkin
**19.40** Bournemouth - Liverpool *(B)*
**21.45** Tottenham - Newcastle
**23.25** Bournemouth - Liverpool

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.20** Crystal Palace - Stoke
**13.00** Messan
**14.15** Swansea - Tottenham
**15.55** Sunderland - West Ham
**17.35** Bolton - Ipswich i.
**19.15** Football League Show 2014/15
**19.45** Premier League Review 2014/2015
**20.40** Man. Utd. - Liverpool
**22.20** Middlesborough - Derby
**00.00** Everton - QPR

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.40** Are You There, Chelsea?
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Save With Jamie
**20.35** Baby Daddy
**21.00** The Gates
**21.45** Flash
**22.30** Arrow
**23.15** Wilfred
**23.40** Originals
**00.25** Supernatural
**01.10** Hart of Dixie
**01.50** Save With Jamie
**02.35** Baby Daddy
**03.00** The Gates
**03.45** Flash
**04.25** Arrow

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Kalli á þakinu **08.47** Töfrahetjurnar **09.00** Ljóti andarunginn og ég **09.25** Latibær **09.47** Tommi og Jenni **09.54** Tommi og Jenni **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Kalli á þakinu **12.47** Töfrahetjurnar **13.00** Ljóti andarunginn og ég **13.25** Latibær **13.47** Tommi og Jenni **13.53** Tommi og Jenni **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Kalli á þakinu **16.47** Töfrahetjurnar **17.00** Ljóti andarunginn og ég **17.25** Latibær **17.47** Tommi og Jenni **17.53** Tommi og Jenni **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **19.10** Pétur og kötturinn Brandur **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.00** Strákarnir
**18.30** Friends
**18.55** 2 Broke Girls
**19.20** Modern Family
**19.45** Two and a Half Men
**20.10** Heimsókn
**20.30** Eitthvað annað
**21.00** The Americans
**21.50** Chuck
**22.35** Cold Case
**23.20** E.R.
**00.05** The Untold History of The United States
**01.05** Heimsókn
**01.25** Eitthvað annað
**01.55** The Americans
**02.40** Chuck
**03.25** Cold Case

## BÍÓSTÖÐIN

**11.20** The Vow
**13.05** James Dean
**14.40** Nine
**16.35** The Vow
**18.20** James Dean
**20.00** Nine
**22.00** Paranoia
**23.45** Riddick
**01.45** Special Forces
**03.35** Paranoia

## RÚV

**15.50** Lottóhópurinn
**16.40** Disneystundin
**16.41** Finnbogi og Felix
**17.00** Sígildar teiknimyndir
**17.08** Herkúles
**17.30** Jesús og Jósefína
**17.50** Turnverðirnir Silja, Benni og Markús eru í leynifélagi. Fyrir jólin hjálpa þau fólki við gjafakaup en svo er þeim gefinn töfralykill sem gerir þeim kleift að ferðast 2000 ár aftur í tímann.
**18.05** Jólasveinarnir Íslenskt jóladagatal. Jólasveinarnir eru orðnir leiðir á að hanga heima í hellinum hjá Grýlu og Leppalúða og ákveða að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera fram að jólum.
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Nigellissima
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.05** Neyðarvaktin
**20.55** Jólin hjá Claus Dalby
**21.10** Kiljan Egill Helgason fær til sín góða gesti og fjallar um brot þeirra jólabóka sem í boði eru fyrir þessi jól.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Týndu börnin á Írlandi.
**23.15** Mono Town - útgáfutónleikar í Gamla Bíói
**00.15** Kastljós
**00.40** Fréttir
**00.55** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**15.25** Jane the Virgin
**16.10** An Idiot Abroad
**17.00** Parks & Recreation
**17.25** Growing Up Fisher
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** 30 Rock
**20.10** Survivor
**21.00** Madam Secretary
**21.45** Unforgettable
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Scandal
**00.00** How To Get Away With Murder
**00.45** Madam Secretary
**01.30** Unforgettable
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014
**12.00** Golfing World 2014
**12.50** PGA Tour 2014
**16.50** PGA Tour 2014 - Highlights
**17.45** 2014 European Tour Review of the Year
**18.35** Golfing World 2014
**19.25** PGA Tour 2014
**23.25** PGA Tour Latinoamerica

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# JÓLA GJAFIR

## STÓRAR SEM SMÁAR

**ÞÚ FINNUR JÓLAGJÖFINA HJÁ OKKUR**

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



**25%** afsláttur
Glös



**25%** afsláttur
Lampar og skermar



**25%** afsláttur
Pottar og pönnur



**20%** afsláttur
Smáraftæki



**25%** afsláttur
Matar- og kaffistell

**25-50%**
**AFSLÁTTUR**
**AF JÓLAVÖRUM**



LIFANDI JÓLATRÉ
Timbursala Breidd, Granda og Selfossi

Allt sem þarf til að gera jólin að þínum

7 DAGAR TIL JÓLA!

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð.
Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

www.vert.is - VERT markaðsstofa.

## JÓLAFÖTIN



**„Mér leiðist svo rosa mikið að kaupa mér föt – ég myndi helst vilja vera í sama jólakjólnum á hverju ári.“**

Heiðdís Helgadóttir teiknari.

# Náðu að bjarga Herra Níels

## Gríma Valsdóttir sem leikur Herra Níels lenti í óhappi rétt fyrir sýningu.

„Þetta endaði sem betur fer vel og var meira að segja nokkuð fyndin saga að lokum,“ segir Ilmur María Stefánsdóttir, móðir ungu leikkonunnar Grímu Valsdóttur sem fer með hlutverk Herra Níels í Línu Langsokk.

Á laugardag varð Gríma fyrir því óhappi að renna og detta á höfuðið rétt fyrir sýningu og gat því miður ekki tekið þátt. „Sem betur fer er sýningarstjórinn, hún Ingibjörg, svo skelegg að hún mældi hin börnin sem eru í sýningunni og fann út hver myndi passa í apabúninginn,“ segir Ilmur.

Úr varð að Bjarni Hrafnkelsson, sem fer með hlutverk skóladrengs í sýningunni, stökk inn og lék Níels fyrir hlé. Sýningarstjórinn fór svo í það að ná í föður Mikaels, sem leikur Níels á móti Grímu.

„Hún hringdi og fékk þær upplýsingar að hann væri á fundi. Eitthvað heyrði hún vitlaust og fannst eins og hann væri í sundi svo hún hringdi í allar sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu og lét kalla upp pabba Herra Níels,“ segir Ilmur og hlær.

Allt fór vel að lokum og náðist í aukaleikarann sem fór upp á svið eftir hlé. Ilmur segir að Gríma sé orðin hress og taki þátt í næstu sýningu eins og ekkert hafi í skorist.

„Það passar henni vel að leika apann Níels þar sem hún er algjör prílari og er eiginlega vön að detta,“ segir hún. - asi



**FLOTT SEM NÍELS** Hér er Gríma í hlutverki apans hennar Línu, Herra Níels.








**ÆTLAR AÐ NÁ LANGT** Ragnheiður er staðráðin í að láta draumana rætast í Los Angeles. MYND/ MIKE QUAIN

# Fékk skólastyrk fyrir námi í Los Angeles

## Sundkonan Ragnheiður Ragnarsdóttir gerir það gott í borginni Los Angeles. Á dögunum fékk hún skólastyrk fyrir áframhaldandi námi í kvikmyndaleik.

„Ég þurfti að fara í áheyrnarprufu til að sækja um skólastyrk og var einstaklega heppin og mér var boðinn skólastyrkur fyrir áframhaldandi námi,“ segir Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona, sem stundar nám í kvikmyndaleik við New York Film Academy í Los Angeles.

Hún fluttist þangað í haust ásamt eiginmanni sínum Atla Bjarnasyni viðskiptafræðingi og syni þeirra Breka, sem er að verða tveggja ára. „Ég fékk fullt af skemmtilegum verkefnum á meðan ég var í skólanum í haust. Það er alltaf gaman að geta unnið smá með skólanum og komið sér einnig á framfæri þannig,“ segir Ragnheiður, en meðal verkefna sem hún tók að sér var leikur í nokkrum stuttmyndum.

„Ég fór líka í nokkrar myndatökur, meðal annars hjá ljósmyndara sem heitir Mike Quain, en hann hefur myndað einhverjar stjörnur. Það var skemmtileg og öðruvísi myndataka, svolítið avant garde og ólíkt því sem ég hef gert áður,“ segir Ragnheiður.

Fjölskyldan ætlar að koma heim yfir jólin, en svo heldur hún aftur út til Los Angeles eftir áramót. „Þótt það sé æðislegt að vera úti, þá hlakka ég mjög mikið til þess að koma heim og detta í smá rútínu og fara í Bláa lónið og alvöru rækt í Hreyfingu og hlaða batteríin fyrir næstu önn,“ segir Ragnheiður, en þau stefna að því að fara aftur út í janúar.

„Námið er mjög skemmtilegt og mér gekk vel og fékk mjög góðar einkunnir og umsagnir, enda lagði ég mig líka alla fram við þetta,“ segir Ragnheiður og hlær. Hún segir það hafa gengið vel að aðlagast og þeim líði vel úti. „Breki elskar að vera þarna. Við hittum alltaf einhverja á róló sem voru tilbúnir að spjalla og koma á „playdate“ þannig að það var alltaf líf og fjör,“ segir hún. Auk þess að vera á fullu í náminu heldur Ragnheiður úti blogginu www.rasdiner.com þar sem hún deilir hollum og góðum uppskriftum og fróðleik um hreyfingu. „Ég hugsa vel um heilsuna og er oft beðin um uppskriftir og æfingaráð. Þetta heldur mér líka við efnið að borða hollt og hreyfa mig. Þannig líður mér betur og mig langar bara til að halda áfram að læra og vinna,“ segir Ragnheiður. adda@frettabladid.is

> **Þótt það sé æðislegt að vera úti, þá hlakka ég mjög mikið til þess að koma heim og detta í smá rútínu og fara í Bláa lónið og alvöru rækt.**
>
> *Ragnheiður Ragnarsdóttir*

# Tvíkynhneigð Anna Karenína

## Stuttmynd byggð á skáldsögunni Önnu Karenínu sýnd í Bíói Paradís annað kvöld.

„Þetta byrjaði allt á þessari hugmynd, hvað ef Anna Karenína væri íslensk og uppi á okkar tíma,“ segir Helga Björg Gylfadóttir, leikstjóri og handritshöfundur stuttmyndarinnar ANNA. Handritið var unnið upp úr skáldsögunni Önnu Karenínu eftir Leo Tolstoj sem gefin var út 1877. Í stuttmyndinni er sögusviðið fært til Reykjavíkur nútímans og upplifir Anna álíka atburði og í bókinni. „Þessi magnaði karakter sem Tolstoj skapaði sat í mér frá því ég var tuttugu og tveggja ára og las bókina fyrst. Mér fannst sterkt hvernig Anna þorir að fylgja innsæi sínu,“ segir Helga Björg og bætir við að sér hafi þótt áhugavert að taka nítjándu aldar skáldsögu og færa í íslenskan raunveruleika.

Í myndinni er Anna tvíkynhneigð og gift Katrínu eða Karenín, mennta- og menningarmálaráðherra, en Anna er ástfangin af leikaranum Veturliða eða Vronsky. „Mér fannst það bara vera ákveðin endurspeglun á íslenskum raunveruleika í dag,“ segir Helga Björg, aðspurð af hverju persóna Önnu er tvíkynhneigð.

ANNA verður sýnd í Bíói Paradís á morgun klukkan sex. - gló



**HELGA BJÖRG** Leikstýrði og skrifaði handritið að stuttmynd um Önnu Karenínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# EINN VINSÆLASTI GRÍNISTI BRETLANDS Á ÍSLANDI

# JIMMY CARR

## GAGGING ORDER

### 22. MARS Í HÁSKÓLABÍÓI

„YNDISLEGA BEITT OG SVAKALEG SKEMMTILEGT!“

- LUCY WALTON-LANGE, FEMALE FIRST

„GRÍÐARLEGA HÆFILEIKARÍKUR GRÍNISTI!“

- PAUL JONES, THE PUBLIC REVIEWS

„SJÚKLEGA FYNDINN!“

- PETER MARTINI, THE PRESS



## MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10!

WOW air Doritos BOLI LÉTTÖL

MIÐASALA Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/JIMMY

sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · LOFORÐ WOW · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Valin í hóp rísandi stjarna

Leikkonan **Hera Hilmarsdóttir** hefur verið valin í Shooting Stars-hópinn fyrir árið 2015. Árlega velja Evrópsku kvikmyndasamtökin tíu unga og efnilega leikara úr hópi aðildarlanda samtakanna. Leikararnir eru svo kynntir sérstaklega á Berlinale-kvikmyndahátíðinni. Hátíðin fer fram 5.-15. febrúar næstkomandi. Meðlimir samtakanna eru frá 35 löndum og er Kvikmyndamiðstöð Íslands aðili að samtökunum. Meðal annarra íslenskra leikara sem valdir hafa verið í hópinn á fyrri árum eru: Margrét Vilhjálmsdóttir, Björn Hlynur Haraldsson, Gísli Örn Garðarsson, Baltasar Kormákur og Nína Dögg Filippusdóttir svo einhverjir séu nefndir. **- vh**



### Semur tónlist fyrir Lísu í Undralandi

Leikfélag Akureyrar setur upp sýninguna Lísu í Undralandi í leikgerð Margrétar Örnólfsdóttur eftir áramót og er stefnt að því að frumsýna þann 27. febrúar í Samkomuhúsinu. Leikstjóri verður Vignir Rafn Valþórsson, aðalhlutverkið er í höndum Thelmu Marínar Jónsdóttur og mun **Dr. Gunni** semja tónlistina en sýningin er byggð á klassískri ævintýraperlu Lewis Carroll. Með önnur hlutverk fara þau Benedikt Karl Gröndal, Sólveig Guðmundsdóttir og Pétur Ármannsson. **- asi**



## Mest lesið Vísir

1 „Tollurinn er bara að segja okkur að falsa reikning“
2 Borgin keypti fölsuð húsgögn í góðri trú
3 Ofbeldi og hótanir daglegt brauð í lífi skólabarnanna
4 Landspítalinn banni mótmæli bænahóps
5 Gunnar Steinn: „Ég þekki bakdyrnar vel“
6 Óli Stef: „Kannski kem ég ekki aftur“


Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun

með Android



PHILIPS

Heimilistæki
ht.is





WOW air

SKYLD'ÐA VERA JÓLAWOW...

ALLIR VILJA WOW Í PAKKANN!

JÓLAGJAFABRÉFIN MEÐ 15% AFSLÆTTI FINNUR ÞÚ Á WOWAIR.IS

Þú kaupir fyrir 8.500 kr. og færð 10.000 kr. gjafabréf
Þú kaupir fyrir 12.500 kr. og færð 15.000 kr. gjafabréf
Þú kaupir fyrir 17.000 kr. og færð 20.000 kr. gjafabréf
Þú kaupir fyrir 21.000 kr. og færð 25.000 kr. gjafabréf
Þú kaupir fyrir 25.000 kr. og færð 30.000 kr. gjafabréf
Þú kaupir fyrir 42.000 kr. og færð 50.000 kr. gjafabréf

KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

KYNNTU ÞÉR SKILMÁLA OG FERÐATÍMABIL Á HEIMASÍÐU WOW AIR